



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

6. mars 2006 – 64. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Kláraði MA í tungutækni

Valdís Ólafsdóttir sló upp mikilli veislu með systur sinni enda báðar að útskrifast.

TÍMAMÓT 20



Önnur tilraun

„Þegar ég lít nú um öxl tel ég að mér hafi í fyrri grein minni yfirsést aðalatriði málsins,“ segir Guðmundur Andri Thorsson og fer yfir skripa-myndamálið í Danmörku öðru sinni.

Í DAG 16



Listrænn sigur

Súsanna Svavarsdóttir segir sýningu Þjóðleikhússins á Pétri Gaut vera enn einn sigurinn á ferli Baltasar Kormáks.


MENNING 24

100 Íslandsmeistaratitlar

Guðmundur Stephensen varð um helgina þrefaldur Íslandsmeistari í borðtennis en úrslitin komu engum á óvart. Með þessum þremur titlum hefur Guðmundur orðið Íslandsmeistari 100 sinnum.

ÍPRÓTTIR 28

VEÐRIÐ Í DAG



FER AÐ RIGNA - Í dag verður vaxandi suðaustan átt á landinu, 8-15 m/s. Lægir suðvestan til í kvöld. Rigning eða slydda sunnan og vestan til eftir hádegi í dag og austan til í kvöld. Hiti 2-5 stig sunnan og vestantil, annars hiti við frostmark.

VEDUR 4

Árni segir af sér og fer til Íslandsbanka

Árni Magnússon félagsmálaráðherra ætlar að hætta í stjórn málum og hefja störf í Íslandsbanka. Hann ber við persónulegum ástæðum. Siv Friðleifsdóttir verður heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Jón Kristjánsson fær félagsmálin.

ALÞINGI „Ég hef á síðustu vikum farið í endurmat á stöðunni í lífi mínu. Það hefur leitt mig að þeirri ákvörðun að draga mig út úr pólitísku lífi og út af þeim opinbera vettvangi sem pólitíkinni fylgir og því áreiti sem að þar er,“ sagði Árni Magnússon í gær eftir að tilkynnt var að hann hættir sem félagsmálaráðherra.

Siv Friðleifsdóttir tekur við heilbrigðis- og tryggingarráðuneytinu af Jóni Kristjánssyni. Hann verður félagsmálaráðherra og er sáttur við skiptin þó hann hverfi frá ókláruðum verkefnum: „Maður stendur alltaf upp á vissu stigi.“ Halldór segir að eining ríki um breytingarnar innan framsóknar-

flokksins. „Ég gerði þessa tillögu eftir að hafa rætt við alla þingmenn,“ sagði hann við Fréttablaðið í gær. Eftirsjá sé af Árna úr þingmennsku: „En hann hefur tekið þessa ákvörðun og við verðum að virða hana.“

Árni ákvað fyrir fáeinum vikum að bjóða sig ekki fram í næstu kosningum: „Þegar þannig er komið finnst mér heiðarlegast að víkja fyrir fólki sem hefur brennandi áhuga og ætla sér að halda áfram.“ Hann lætur af ráðherra-störfum á ríkisráðsfundum á þriðjudag.

„Ég ræð mig til starfa á alþjóða- og fjárfestingasviði Íslandsbanka og fer fyrir starfi á sviði endur-

nýjanlegri orku hjá bankanum,“ segir Árni sem hefur störf í lok vikunnar. Hann býst við að álagið í því starfi verði öðruvísi en því sem fylgi stjórn málum því starfið sé ekki opinbert. Hann segir ákvörðunina ekki fjárhagslega heldur persónulega, en eiginkona hans veiktist alvarlega fyrir áramót og er á batavegi: „En því er ekki að neita að veikindi hennar fengu mig til að horfast í augu við lífið og horfa öðruvísi á það. Okkar niðurstaða er að sinna hvort öðru og börnunum okkar betur en við höfum gert.“

Guðjón Ólafur Jónsson lögmaður tekur sæti Árna á Alþingi.

- gag/sjá síður 4, 6, 10



HVALUR Á PURRU LANDI Áhugasamir virða fyrir sér gríðarstóra skepnuna á strönd Belgíu.

Fátíður hvalreki vekur athygli:

Hnúfubak rak á land í Belgíu

BRÜSSEL, AP Dauðan hnúfubak rak á fjörur í Belgíu í gær. Líklegt þykir að hann hafi drepist eftir að hafa lent í árekstri við skip.

Hnúfubakurinn, sem er 10,5 metra ungt kvendýr, hefur dregið að sér tölurða athygli og náði áhorfendaskarinn hámarki þegar vísindamenn krufðu hvalinn í gær.

Hvalrekar eru ekki algengir í Belgíu en síðustu heimildir um slíkt eru frá árinu 1751. ■

Búnaðarþing 2006:

Hornsteinn í hagvörnum

LANDBÚNAÐUR Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra sagði við upphaf Búnaðarþings í gær að íslenskur landbúnaður væri hornsteinn hagvarna þjóðarinnar kæmi til þess að heimsfaraldur brytist út vegna fuglaflensu.

Guðni sagði í ávarpi sínu að á tímum fuglaflensu og smitsjúkdóma hvers konar væri mikilvægt að hver þjóð leitaðist við að tryggja fullnægjandi matvælaframleiðslu heima fyrir því óráð sé að treysta um of á milliríkjaviðskipti fyrir fæðuöryggi. Í því samhengi minnti hann á að kúariða hefur nýlega greinst í Svíþjóð í fyrsta skipti.

Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtaka Íslands, setti þingið sem ber yfirskriftina „Breytt búseta – breyttur landbúnaður.“

- shá



ÁRNI MAGNÚSSON KVEÐUR STJÓRN MÁLIN Árni fær sér sæti í ráðherrabílnum við hliðina á Sigurði Egilssyni bílstjóra sínum. Hann hafði það á orði í gamansömum tóni að rétt væri að rúnta svolítið áður en hann kveðdi þau þægindi að hafa einkabílstjóra til taks. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tölvupóstssamskipti Jónínu og Styrmis:

Bréfin sett á erlenda netsíðu

NETIÐ Tölvupóstur sem inniheldur samskipti Jónínu Benediktsdóttur og Styrmis Gunnarssonar var settur á netsíðu sem vistuð er í Bandaríkjunum. Sumir þeirra innihalda mjög persónuleg samskipti þeirra.

Hróbjartur Jónatansson, lögmaður Jónínu, segir að ekki sé vitað hvaðan gögnin eru komin en málið verði kært til lögreglu í dag. Hann segir ljóst að það sé lögbrot að birta pósta eins og þessa. Hróbjartur segist ekki vita hvort málið tengist Fréttablaðinu en það sé ljóst að þeir sem afrituðu tölvu-



Í DÓMSAL Jónína Benediktsdóttir og lögmaður hennar Hróbjartur Jónatansson.

póstana upphaflega, hafi tekið meira af netþjóninum en Fréttablaðið fékk afhent. Hann bætir við: „Þeir sem létu Fréttablaðið hafa póstana hafa ekki látið þá

hafa allt saman eða þá að Fréttablaðið hefur ekki látið okkur fá allt saman.“

Sigurjón M. Egilsson, fréttaritstjóri Fréttablaðsins hafði eftirfarandi um málið að segja: „Fréttablaðið hefur hvergi komið nærri birtingu tölvupósta Jónínu á heimasíðu á netinu. Blaðið virðir lög og þess vegna virti það lögbannið svo vel að sýslumaðurinn í Reykjavík er með gögn Fréttablaðsins í sinni vörslu og blaðið hefur þess vegna ekki haft nein tækifæri til að dreifa þeim á nokkurn hátt.“

- shá

LESTUR MEDAL 25-45 ÁRA
Húsnæðisleitin hefst í Fréttablaðinu

30%



Allt-fasteignir. á mánuðegi

21%



Fasteignablað Morgunblaðsins

*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í janúar 2006.



Hvert sem er, hvaðan sem er

ATLANTSSKIP
-FLYTJA VÖRUR-

591 3000



SPURNING DAGSINS

Magnús, var traumurinn rofinn?

„Já, það varð spennufall.“

Magnús Kristinnsson er fyrrverandi varaformaður Straums en hann var allt annað en ánægður þegar hann var felldur úr embætti á aðalfundi félagsins fyrir helgi og Eggert Magnússon ráðinn í hans stað.

Marapönfundur samninganefnda slökkviliðsmanna og sveitarfélaga bar árangur:

Sömu hækkunar og aðrir fá

KJARAMÁL Slökkviliðsmenn sömdu um hækkun á líka þeim sem sveitarfélögin hafa boðið öðrum starfsmönnum sínum. Hins vegar urðu einnig kerfisbreytingar á vinnutíma þeirra og þeir vinna tveimur tímum styttra í viku án þess að launin skerðist.

Bragi Mikaelsson, formaður Launaneftar sveitarfélaganna í viðræðunum, segist sáttur við samningana: „Sveitarfélögin eru alltaf sátt náist samningar því þau vilja ekki að órói sé á vinnumarkaði.“ Hann vonast til þess að slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn samþykki nýundirritaða samninga.

Vernharð Guðnasson, formaður Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, segir ráðast á föstudag hvort félagsmenn samþykki samningana, því kynningar séu þegar hafnar.

Síðasti samningur slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna rann út í janúar. Þeir höfðu boðað verkfall frá 20. mars sem hefur nú verið afstýrt. Nýr samningur þeirra gildir til 30. nóvember 2008. - gág

SKOÐA VOLGAN SAMNINGINN Slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn hittust í Húnaþingi í Skeifunni í gærkvöld til að skoða nýjan kjarasamning. Kosingar hófust eftir fundinn sem standa til föstudags.



Múhameðsteikningarnar:

Rúmlega 100 dauðahótanir

DANMÖRK Teiknararnir tólf sem teiknuðu myndirnar umdeildu af Múhameð spámanni búa við stanslaust eftirlit lögreglu.

Samkvæmt frétt blaðsins Politiken hafa teiknurum borist 110 dauðahótanir síðustu mánuði. Formaður danska blaðamannafélagsins segir það einnig áhyggjuefni að skjólstaðingar sínir fái nú færri verkefni en áður og að tekjur þeirra hafi því minnkað að sama skapi.

Hann segir þó að hótunum í garð teiknaranna hafi fækkað undanfarnar vikur og gerir sér vonir um að þeir geti fljótlega aftur lifað eðlilegu lífi. - ks

Jarðskjálfti nærri Grímsey:

Mældist 3,7 á Richterskala

JARÐSKJÁLFTAHRINA Jarðskjálfti að stærðinni 3,7 á Richter mældist um 40 kílómetra norðnorðvestur af Grímsey í gærmorgun.

Á svipuðum slóðum mældust um 20 eftirskjálftar en draga fór úr skjálftavirkni þegar líða fór á daginn. Fólk varð lítið vart við skjálftana þar sem upptökin áttu sér stað langt frá landi.

Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands eru jarðskjálftahrinur algengar á svæðinu en upptök skjálftanna eru norðarlega á svonefndu Tjörnesbrotabelti. - pss

Lést í bíslýsi

Pilturinn sem lést í bíslýsi á laugardagsmorgun á Akureyri hét Sesar Þór Viðarsson og var til heimilis að Brakanda í Hörgárbyggð á Akureyri. Hann var fæddur 16. júní árið 1986.



LANDHELGISGÆSLAN

Leitaði að sjálfum sér

Tilkynnt var um strandaðan bát við Lóngusker um klukkan hálf fjögur í fyrradag en maður sem staddur var við Kópavogskirkju sýndist sem bátur væri þar strandaður. Sá var þó aðeins að sigla fyrir sker. Var sjómönnum á þessum slóðum gert viðvart og hófu menn á bátinum sem átti að hafa strandað ítarlega leit uns mönnum varð ljóst hvernig í pottinn var búið.

FRAKKLAND

Lést eftir brotlendingu Flugmaður lítillar tveggja sæta flugvélar lést í gær dag þegar vélin brotlenti í norðurhluta Frakklands. Þá slasaðist farþeginn mikið að sögn lögreglu. Ekki liggur fyrir hvað olli slysinu en mikið ku hafa snjóað á svæðinu skömmu fyrir slysið.



TRYGGVAGATAN Maður á tvítugsaldri var stungin fimm sinnum, meðal annars í bakið og á mjöðm. Þrjú menn voru handteknir en ekki hafði verið krafist gæsluvarðhalds yfir þeim. FRÉTTABLAÐIÐ / VALGARÐ

Tveir menn slasaðir eftir hnífsstungur

Næturlífið tók á sig sína dekkstu mynd um helgina þegar tveir karlmenn um tvítugt voru stungnir með hnífi eftir skemmtanahaldið í borginni. Vopnaburður er ekkert nýmæli að sögn lögreglunnar í Reykjavík.

LÖGREGLUMÁL Karlmaður um tvítugt var stunginn með hnífi fimm sinnum á Tryggvagötunni í Reykjavík aðfaranótt sunnudags. Fékk hann stungur bæði í bak og mjöðm. Stungusárin voru ekki djúp og áverkarnir ekki alvarlegir. Líðan mannsins er góð eftir atvikum.

Þrjú karlmenn voru handteknir í tengslum við árásina og eru það allt menn um tvítugt en sá yngsti er 19 ára. Gæsluvarðhalds hafði ekki verið krafist yfir þeim þegar Fréttablaðið fór í prentun, en nokkuð öruggt þykir einhver þeirra verði settur í gæsluvarðhald.

Þetta var önnur hnífaárásin um helgina því aðfaranótt laugardags

voru karlmanni um tvítugt veittir lífshættulegir áverkar með hnífi fyrir framan skemmtistaðinn Gauk á Stöng. Tveir menn voru handteknir í tengslum við árásina og var annar þeirra úskurðaður í gær í gæsluvarðhald fram á föstudag. Engin fíkniefni eru talin hafa komið við sögu í máluum tveimur og þau ekki sögð tengjast máluum á neinn hátt.

Að sögn Bjarnþórs Aðalsteinsonar, lögregluflulltrúa hjá ofbeldisbrotadeild lögreglunnar í Reykjavík, er lítið vítað um tildrög árásanna og liggur engin játning fyrir í máluum tveimur. „Þegar menn eru á svona fyllerí-stúr þarf lítið til að aðstæðurnar

snúist í höndunum á þeim og fari úr böndunum,“ segir Bjarnþór.

Mikið hefur verið rætt um hvort vopnaburður hafi aukist í miðbæ Reykjavíkur en Bjarnþór segir það ekki vera nein nýmæli að menn gangi um með hnífa. „Þeir eru hins vegar ekkert að flíka þeim en svo fær einhver högg og það kemur til stimpinga, hnifurinn er dreginn upp og allt í einu hefur einhver verið stunginn,“ útskýrir hann og segir að fórnarlömbin átti sig hugsanlega ekki á því fyrir en töluvert seinna. „Þetta er eins og þungt högg en síðan dofna menn á þeim stöðum þar sem þeir eru stungnir,“ segir hann. freyrgiga@frettabladid.is

Líkfundur í Bretlandi:

Lítill drengur finnst myrtur

BRETLAND Lík ellefu ára bresks drengs fannst á föstudagskvöld í skógarjórði í Whitehead-garði í Bury í Norður-Englandi. Drengsins hafði verið saknað frá því á miðvikudag.

Síðast sást til drengsins á leið heim úr skóla en um fimmtán mínútna gangur er frá heimili hans að skólanum.

Að sögn lögreglu hafði verið reynt að hylja lík drengsins en þeir hafa haft fjórtán ára dreng í yfirheyrslu vegna málsins síðan á fimmtudag. ■



ALI LARIJANI Talsmaður Írana í kjarnorkumálavíðræðunum á blaðamannafundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Íranar senda út yfirlýsingu:

Hóta mikilli auðgun úrans

TEHERAN, AP Íranar munu hefja auðgun úrans í stórum stíl verði máli þeirra vísað til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Þetta sagði Ali Larjani, aðalsamningamaður Írana í kjarnorkumálum, á blaðamannafundi í gær. Hann sagði Írana óhikað myndu fara sínar eigin leiðir ef Bandaríkjamenn og bandamenn þeirra vildu beita þá valdi.

Alþjóðakjarnorkumálastofnunin mun funda um stefnu Írana í kjarnorkumálum í Vín í dag og taka þar ákvörðun um það hvort vísa skuli máli þeirra til Öryggisráðsins. ■

Formaður Sjómannasambandsins vill þriðju þyrluna:

Staða gæslunnar óásættanleg

LANDHELGISGÆSLAN Sævar Gunnarsson, formaður Sjómannasambandsins, segir stöðuna hjá Landhelgisgæslunni vera óásættanlega en að undanförunu hafa komið upp tilvik þar sem þörf hefur verið á þyrlum gæslunnar en hvorugar þeirra verið til taks.

„Þetta er ekki í fyrsta skipti sem slíkt kemur fyrir og því alveg ljóst að það þarf að bæta við þyrlu,“ segir Sævar. „Þær eru sjúkrabílar sjómanna,“ bætir hann við.

Stjórn Sjómannasambandsins hittist í vikunni en Sævar vildi ekki gefa upp hvort einhverjum formlegum þrýstingi yrði beitt en taldi líklegt að þeir myndu láta í sér heyra. „Það var mjög merkur áfangi þegar TF Líf kom til sögunnar en það var margra ára ef ekki áratuga barátta að ná þeim

kaupum í gegn,“ segir Sævar en peningaleysi hefur alltaf verið sögð ástæðan fyrir því að ekki hefur gengið betur að fá þriðju þyrluna. „Það væri kannski hægt að nota eitthvað af Síma-peningunum,“ segir Sævar.

Jón Gunnarsson, framkvæmdastjóri Slysavarnafélagsins Landsbjargar, tók ekki alveg jafn djúpt í árinna enda væri þetta ekki nýtt af nálinni. „Þjónustan hefur ekki verið takmarkandi en auðvitað væri það óskastaða ef Landhelgisgæslan væri alltaf með þyrlu til taks þegar á þyrfti að halda,“ segir hann.

„Reynsla síðustu ára hefur sýnt að þjónustan hefur verið fullnægjandi en það er betra að vinna með Landhelgisgæslunni enda er hún í þessu á sínum eigin forsendum og þekkir aðstæður betur.“ - fgg



TF - LÍF Komið hefur fyrir að hvorug þyrla Landhelgisgæslunnar hefur verið til taks þegar á hefur þyrft að halda og segir formaður Sjómannasambandsins ástandið vera óásættanlegt. FRÉTTABLAÐIÐ / PIJETUR

Sjálfskipt og allt allt öðruvísi



Nýr, fallegri og miklu betri Opel.



1.750.000,-

Sjálfskipt, 1.8 l. vél og hlaðin aukabúnaði

Ingvar Helgason

Sævarhófa 2 Sími 525 8000 ih.is



Hörkuverð 3.250.000 kr.

Sjálfskiptur með 3 lítra 177 hestafla V6 bensínvél
eða beinskiptur með 2,5 lítra dísilvél.



33.589 kr. á mánuði*

Staðalbúnaður í Pajero Sport:

- Hátt og lágt drif
- Álfelgur
- Vindskeið
- Stigbretti
- Skyggðar rúður
- ABS hemlalæsivörn

Pajero Sport er fullvaxinn alvörujeppi á verði sem á sér ekki hliðstæðu meðal sambærilegra bíla. Hann er búinn öllum þeim eiginleikum sem hafa skipað Mitsubishi í fremstu röð jeppaframleiðenda.

Pajero Sport er einnig fánlegur í lúxusútgáfu (President) með glæsilegri leðurinnréttingu, sóllúgu, hita í framrúðu o.fl.



GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 3.3.2006

KAUP SALA

Bandaríkjadalur	65,73	66,05
Sterlingspund	115,27	115,83
Evra	78,96	79,4
Dönsk króna	10,58	10,642
Norsk króna	9,849	9,907
Sænsk króna	8,348	8,396
Japanskt jen	0,5643	0,5677

SDR 94,87 95,43

Gengisvísitala krónunnar
110,75

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Innanbúðarmaður veitir upplýsingar um stefnu Ehuds Olmert:

Fleiri byggðir verða rýmdar

JERÚSALEM. AP Forsætisráðherra Ísraels, Ehud Olmert, hyggur á frekari brottflutning Ísraels af Vesturbakkanum strax eftir myndun nýrrar ríkisstjórnar í landinu. Þetta fullyrti Avi Dichter, háttsettur bandamaður Olmerts, í ísraelskum útvarpsþætti í gær. Þetta er opinskáasta yfirlýsing um stefnu Olmerts til þessa.

Endurskoðun landamæra er helsta málefni Kadima, flokks Olmerts, og Olmert hefur ýjað að því að ef samningaviðræður við Palestínunum bregðist þá muni Ísraelar taka einhliða ákvörðun um hvar landamærin skuli liggja.

Dichter sagði í viðtalinu að strax eftir myndun ríkisstjórnar í

landinu undir stjórn Kadima-flokksins muni fleiri landnema byggðir lagðar niður á Vesturbakkanum. Ísraelskar hersveitir yrðu þó um kyrrt til að koma í veg fyrir áframhaldandi hryðjuverkaárásir Palestínunanna frá svæðunum.

Þingflokkur Hamas-samtakanna í Palestínu hefur fordæmt fyrirætlanirnar og segir þetta enn eitt dæmi þess að ísraelskir ráðamenn virði skoðanir palestínsku þjóðarinnar að vettugi.

„Þetta rennir stoðum undir það sjónarmið Hamas-samtakanna að enginn sáttavilji sé fyrir hendi af hálfu Ísraels,“ sagði talsmaður þingflokks Hamas-samtakanna. ■



GRÆNMETI EYÐILAGT Palestínunum mót-mæla banni á vöruflutningum milli Ísraels og Gaza-svæðisins fyrir í mánuðinum. Mikki óvissuástand ríkir í Ísrael vegna óvænts sigur Hamas-samtakanna í kosningunum í Palestínu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Evrópusambandið:
Jafnréttismál sett á oddinn

BELGÍA, AP Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur ákveðið að setja á laggirnar jafnréttisstofnun og að endurskoða öll lög sem snúa að réttindum kynjanna meðal aðildarlandanna 25. Stofnuninni verður gert að ráðast gegn launamismunum karla og kvenna, sem og ofbeldi gegn konum og mansali.

Konur í ríkjum Evrópusambandsins fá að meðaltali um 15 prósentum lægri laun en karlar. Eingöngu um 32 prósent yfirmanna eru konur en þegar kemur að stórum fyrirtækjum, eru eingöngu þrjú prósent æðri stjórnenda kvenkyns. - smk

Siv ráðherra og Jón færður

Valgerður Svverisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, segir ákvörðun Halldórs Ásgrímssonar skynsamlega og úthugsaða. Hann færði Jón Kristjánsson úr heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Siv tekur við því.

ALÞINGI Siv Friðleifsdóttir tekur við starfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra af Jóni Kristjánssyni eftir að Árni Magnússon félagsmálaráðherra tilkynnti að hann segði af sér þingmennsku og ráðherradómi á næsta ríkisráðsundi á Bessastöðum á þriðjudag. Jón sest í stól Árna.

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra lagði fram þessa tillögu á þingflokksfundum Framsóknarflokksins í gær. „Siv var búin að vera ráðherra í sex ár og hefur mikla reynslu og reyndist mjög vel í ríkisstjórninni. Hún hefur mikinn áhuga á heilbrigðis- og tryggingamálum þannig að ég treysti henni afar vel fyrir því,“ sagði hann eftir fundinn í gær.

Siv var áður umhverfisráðherra en vék í september 2004 þegar Davíð Oddsson hvarf úr stjórnárum og Halldór tók við forsætisráðuneytinu af honum. Þá fékkáði ráðherrum Framsóknar um einn og umhverfisráðuneytið færðist til sjálfstæðismanna. „Allir þingmenn komu til greina í þessu sambandi en mikil eining var um Siv,“ sagði Halldór. Hann sagði Jón ánægðan með breytingarnar: „Jón þekkir félagsmálin afskaplega vel og hefur unnið mikið á þeim vettvangi og við vorum einfaldlega sammála um þetta.“

Sjálfur segir Jón ný verkefni



HALLDÓR ÁSGRÍMSSON Forsætisráðherra segir alla þingmenn Framsóknar hafa komið til greina sem ráðherra eftir að Árni sagði af sér ráðherradómi. Hann hafi valið Siv og um það ríki eining innan flokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

gefa ný tækifæri og ágætt sé að söðla um: „Ég hef verið fimm ár í heilbrigðisráðuneytinu og það var góður tími. Það er erfitt ráðuneyti og tíminn þar viðburðaríkur og skemmtilegur, en ég hlakka til að takast á við ný verkefni í nýju ráðuneyti,“ sagði Jón við fréttamenn í gær: „Einnig eru

erfiðir málaflokkar í félagsmálaráðuneytinu sem ég hlakka til að takast á við.“

Siv segir að hún sé tilbúin að taka við ráðuneytinu af Jóni þó að þetta hafi borið brátt að: „Fjórutíu prósent af útgjöldum ríkisins fara til heilbrigðis- og tryggingamála og málaflokkurinn skiptir hvern einstakling á Íslandi máli. Ég fer í þetta verk full tilhlökkunar og er mjög bljúg gagnvart verkefninu.“

Valgerður Svverisdóttir, viðskipta- og iðnaðarráðherra, er fylgjandi breytingunum: „Ég styð tillögu formannsins og tel að hún hafi verið skynsamleg og úthugsuð.“

Halldór segir flokkinn ætla sér stóra hluti í næstu kosningum: „Það verður að viðurkennast



JÓN SÁTTUR Jón er ánægður með að fá að takast á við krefjandi verkefni í félagsmálaráðuneytinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



SIV ÁNÆGD Siv var ráðherra til sex ára og hefur verið óbreyttur þingmaður síðustu átján mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



STJARNNA Björn Borg vill auka fjárhagslegt öryggi sitt með sölu á verðlaunagripinum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tennisstjarnan Björn Borg:

Verðlaunagripir á uppboði

SVIÐJÓÐ Sænska tennisstjarnan Björn Borg ætla að setja Wimbledon-bikarana sína fimm og tvo af spöðum sínum á uppboð.

Borg er eini maðurinn sem tekist hefur að sigra Wimbledon-tennistótið fimm sinnum í röð.

Ástæðan fyrir uppboðinu er sögð sú að Borg vill öðlast fjárhagslegt öryggi. Gripirnir verða boðnir upp í London 21. júní, fimm dögum fyrir upphaf Wimbledon-mót þessa árs. Bikarana á að selja alla saman en talið er að fyrir þá fáiast upp undir 60 milljónir króna.

Borg sagði ekki auðvelt að láta verðlaunagripina af hendi enda hafi þeir kostað blóð, svita og tár.

BRETLAND

Barn deyrt af völdum heróíns

Tveggja ára breskur drengur lést eftir að hafa drukkið meðadón, sem er einskonafljótandi heróín. Drengurinn fannst í desember en niðurstöður rannsóknarinnar voru birtar í gær. Lögreglan rannsakar nú málið.

www.expressferdir.is

FÓTBOLTAFERÐ TIL LONDON
READING-ST

16.-18. APRÍL

Lið Reading hefur farið á kostum á þessu tímabili og eru á hraðri leið upp í ensku úrvalsdeildina.

Ívar Ingimarsson og Brynjar Gunnarsson leika báðir með liði Reading og nú er það Íslendingaliðið Stoke sem kemur í heimsókn.

Hörkuspennandi Íslendingaslagur!

Nánar á www.expressferdir.is

Express Ferðir, Grímsbæ,
Efstalandi 26, sími 5 900 100

Express Ferðir

Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express


VEÐURSPÁ

um hádegis »

Sigurður Þ. Ragnarsson,
veðurfræðingur

UMSKIPTI
Nú eru að verða umskipti í veðrinu hjá okkur. Hljýndi, vindur og úrkoma sækja að landinu hægt og bitandi og má búast við rigningu eftir hádegis um mest allt sunnan- og vestanvert landið. Fyrir norðan tekur það daginn fyrir hlýja loftið að ná þangað. Það eru horfur á að það kólni á ný eftir miðja vikuna.


HÖFUDBORGIN Í DAG
Suðaustan 8-13 m/s og fer að rigna eftir hádegis. Lægir nokkuð í kvöld. Hiti 2-5 stig, mildast síðdegis.



Kaupmannahöfn	0°C hálfskýjað	Paris	8°C hálfskýjað	Alicante	16°C hálfskýjað
Oslo	-6°C hálfskýjað	Berlín	3°C hálfskýjað	Milano	6°C hálfskýjað
Stokkhólmur	-5°C alskýjað	Frankfurt	2°C snjóél	New York	7°C léttskýjað
Helsinki	-6°C alskýjað	Madrid	11°C hálfskýjað	San Francisco	14°C skúir
London	8°C hálfskýjað	Barcelona	13°C hálfskýjað	Orlando/Florida	27°C hálfskýjað


* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

» á morgun



Viðast 8-13 m/s.

» mánudagur



Viðast 5-10 m/s.


Ekki bara spari að spara!

Verðbréfasjóðir eru alltaf að verða stærri partur af sparnaði okkar Íslendinga. Með því að fjárfesta í verðbréfasjóðum er dregið úr áhættunni sem fylgir kaupum á einstökum bréfum.

Sérfræðingar í Eignastýringu SPRON Verðbréfa hafa sett saman þrjú fjárfestingarsöfn með mismunandi markmið um ávöxtun og áhættu. Leiðirnar endurspeglar verðbréfasjóði SPRON Verðbréfa. Hægt er að fjárfesta í ákveðinni leið eða vera í reglulegri áskrift. Í boði eru þrjú sparisöfn:


Örugga safnið

Áherslan er á stöðuga ávöxtun og lágmarkssveiflur. Hentar vel fyrir þá sem vilja taka litla áhættu. Áherslan er á innlenda og erlenda skuldabréfasjóði eða 75% á móti 25% fjárfestingu í hlutabréfasjóðum.
24,18% ávöxtun.




Hefðbundna safnið

Áherslan í Hefðbundna safninu er að ná góðri ávöxtun og áhersla lögð á áhættudreifingu. Fjárfest er 50% í innlendum og erlendum skuldabréfasjóðum ásamt 50% í innlendum og erlendum hlutabréfasjóðum. Áhættan í þessari leið er í meðallagi. Ákjósanleg leið fyrir þá sem vilja vera varkárir en vænta jafnframt góðrar ávöxtunar.
39,3% ávöxtun.



Ávöxtunarsafnið

Áherslan í Ávöxtunarsafninu er að fjárfesta að miklum meirihluta í innlendum og erlendum hlutabréfasjóðum eða 75% á móti 25% í innlendum og erlendum skuldabréfasjóðum. Markmiðið er að ná góðri áhættudreifingu með erlendum og íslenskum verðbréfum. Í þessu safni eru meiri sveiflur og áhætta og hærri væntingar um ávöxtun til lengri tíma.
54,42% ávöxtun.



Sjóðastýring: Miðað er við 5 milljóna kr. lágmark í sjóðastýringu SPRON Verðbréfa. Stýringin felst í því að viðskiptavinur gefur sérfræðingum SPRON Verðbréfa heimild til þess að fjárfesta í verðbréfasjóðum eftir fyrirfram ákveðni samsetningu sem kemur fram í vali á sjóðasafni. Kaup í ofangreindum söfnum sem sérfræðingar SPRON Verðbréfa hafa sett saman miðast við að keypt sé fyrir lágmark 20.000 kr.

Allar ávöxtunartölur eru miðaðar við 01.08.2005–01.02.2006 á ársgrundvelli. Ávöxtun í fortíð er ekki vísbending um ávöxtun í framtíð. Gengi verðbréfa getur hækkað jafnt sem lækkað.



Netbankinn býður viðskiptavinum sínum verðbréfaþjónustu og ráðgjöf í samstarfi við SPRON Verðbréf. Þú sækir um rafrænt á www.nb.is.





KJÖRKASSINN

Á byggingavörufyrirtækið Bauhaus að fá lóð við Úlfarsfell?

Já	100%
Nei	0%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Á að heimila stækkun álversins í Straumsvík?

Segðu þína skoðun á visir.is



Forstöðumaður hjá Íslandsbanka um efnahagsleg áhrif vegna Bakka:

Krónan sterkari en ella

EFNAHAGSMÁL Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningardeildar Íslandsbanka, telur að yfirlýsing Alcoa um staðarval á Bakka hafi áhrif á gengi krónunnar og hún standi sterkari en ella.

„Menn verðleggja þetta inn í gengi krónunnar með einhverjum líkum. Mér finnst eðlilegt að krónan standi sterkari en ella og að munur milli innlendra og erlendra skammtímaaxta verði meiri en annars,“ segir hann.

Ingólfur rifjar upp að áhrifanna af núverandi framkvæmdum fyrir austan fór fyrst að gæta í hækkanði gengi krónunnar. Þau áhrif hafi komið fram löngu áður

en framkvæmdir hófust.

„Þetta hríslaðist inn í aukna neyslu og aukinn innflutning og þannig byrjaði þetta hagvaxtar skeið. Það var ekki fyrr en einu og hálfu ári síðar sem framkvæmdir hófust,“ segir hann og telur þróunina eðlilega.

„Við erum með framsýnan markað og sjáum áhrifin koma inn löngu áður en framkvæmdir hefjast.“

INGÓLFUR BENDER Yfirlýsing Alcoa um staðarval á Bakka hefur áhrif á gengi krónunnar og hún stendur sterkari en ella, að mati Ingólfs Bender, forstöðumanns Greiningardeildar Íslandsbanka. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Lögreglan í Hafnarfirði:

60 teknir fyrir hraðakstur

LÖGREGLUMÁL „Fólk ætlar ekki að læra,“ sagði Gylfi Sigurðsson hjá lögreglunni í Hafnarfirði í gær en þar voru 60 manns teknir fyrir hraðakstur um helgina. Þar af 29 á sunnudeginum. Enn fremur voru fjórir teknir grunaðir um ölvun við akstur.

Lögreglan tók einnig ungmenni með fíkniefni í fórum sínum um helgina. Fíkniefnin voru ætluð til einkaneyslu og var ungmennunum sleppt eftir yfirheyrslu. Málið telst upplýst.

Í Keflavík voru þrír ökumenn teknir fyrir hraðakstur en sá sem ók hraðast mældist á rúmlega 140 kílómetra hraða.



TESSA JOWELL Skilur við eiginmanninn sem sakaður er um mútupægni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Menningarmálaráðherra Breta:

Skilur vegna mútumáls

BRETLAND Tessa Jowell, menningarmálaráðherra Bretlands, hefur tekið ákvörðun um að skilja við eiginmann sinn, lögmanninn David Mills. Hann sætir rannsókn af hálfu saksóknara í Mílanó í tengslum við hugsanlega málsókn vegna spillingar á hendur breska auðkýfingnum og forsætisráðherranum Silvio Berlusconi. Er Mills sakaður um að hafa þegið mútur frá Berlusconi árið 1997 gegn því að bera ljúgvitni.

Málið hefur legið þungt á Jowell sem nýlega var hreinsuð af öllum sökum um samsekt. ■

Ný rannsókn sérfræðinga:

Offita verður heimsfaraldur

LONDON, AP Fjöldi barna sem þjáist af offitu mun aukast snarlega í lok áratugarins samkvæmt niðurstöðum nýrrar rannsóknar sem Alþjóðasamtök um offitu barna framkvæmdu. Vísindamenn búast við að þetta muni hafa stórkostleg áhrif á allt frá heilbrigðiskerfum til efnahagskerfa.

Samkvæmt rannsókninni mun helmingur barna í Ameríku þjáast af offitu árið 2010 í stað 28 prósentu nú. Svipað verði uppi á teningnum í Evrópusambandslöndum. „Þetta verður fyrsta kynslóðin sem býr við lægri lífslíkur en foreldrar hennar,“ segir læknir ótengdur rannsókninni. ■

Brotthvarf Árna veikir Framsókn

Baldur Þórhallsson, dósent í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, segir brotthvarf Árna líklegt til þess að veikja Framsóknarflokkinn. Pétur Blöndal segir stefnu ríkisstjórnarinnar ekki breytast við mannbreytingar Framsóknarflokks.

ALPINGI „Ég held að brotthvarf Árna eigi eftir að veikja Framsóknarflokkinn,“ segir Baldur Þórhallsson, dósent í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, en Árni hefur ákveðið að hverfa til nýrra starfa eftir að hafa „endurmetið líf sitt og stöðu,“ eins og segir í tilkynningu sem hann sendi frá sér í gær.

Baldur segist ekki geta séð neitt annað í stöðunni en að brotthvarf Árna veiki Framsóknarflokkinn þar sem hann hafi verið farsæll stjórnmálamaður. „Árni hefur verið vinsæll í ráðuneyti sínu. Fólkið sem hefur unnið með honum að framgangi mála hefur verið ánæggt með störf hans og þá hefur verið lítið á hann sem framtíðarleiótoga flokksins. Því er erfitt að sjá annað en að hans verði sárt saknað.“

Siv Friðleifsdóttir kemur inn í ráðherralið Framsóknarflokksins en hún tekur við starfi heilbrigðisráðherra.



ÁRNI MAGNÚSSON Á ÚTLEIÐ Það var létt yfir Árna Magnússyni á Alþingi í gær þegar hann tilkynnti um brotthvarf sitt úr stjórnmálum.



ÁRNI MAGNÚSSON Á ALÞINGI Það kom flestum í opna skjöldu þegar tilkynnt var um brotthvarf Árna af sviði stjórnmálanna en hann hefur gegnt embætti félagsmálaráðherra síðan í maí 2003.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Jón Kristjánsson færir sig úr heilbrigðisráðuneytinu og tekur við starfi Árna sem félagsmálaráðherra.

Baldur Þórhallsson segir Siv vera sterkan stjórnmálamaðmann muni reynast flokknum vel sem heilbrigðisráðherra. „Siv er sterkur stjórnmálamaður sem kemur hlutum í verk, og svo er hún vinsæl meðal almennings þar að auki. Ég held þó að það verði erfitt fyrir hana að fylla skarð Árna í ráðherraliði Framsóknarflokksins þar sem Árni var vinsæll og kröftugur liðsmaður.“

Pétur Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir stefnu ríkisstjórnarinnar ekki breytast við þessar breytingar hjá Framsóknarflokknum. „Siv hefur áður verið ráðherra og þekkir því vel til ráð-

herrastarfsins. Nýju fólki fylgja alltaf breyttar áherslur en ég sé ekki að stefna ríkisstjórnarinnar muni breytast neitt.“

Árni hefur verið framtakssamur félagsmálaráðherra. Hann hefur til að mynda beitt sér fyrir bættari þjónustu við geðfatlaða, og meðal annars fyrir hans tilstuðlan var ákveðið að verja einum milljarði króna af söluandvirði Landsíma Íslands hf. til uppbyggingar húsnæðis fyrir geðfatlaða. Framtíðarmarkmið verkefnisins er að draga úr biðtíma geðfatlaðra eftir þjónustu utan hefðbundinna stofnana.

Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, vildi ekki tjá sig um brotthvarf Árna þegar Fréttablaðið óskaði eftir því í gær.

magnush@frettabladid.is

FUGLAFLENSA

Maður lést í Kína Kínversk heilbrigðisfyrirvöld staðfestu í gær að maður hefði látið úr H5N1 afbrigði fuglaflensunnar annan mars síðastliðinn. Hann er áttaundri maðurinn sem deyr úr flensunni í Kína síðan í október.

Breiðist út í Frakklandi Í gær fékkst staðfestur dauði svans af völdum H5N1 afbrigðis fuglaflensunnar í Bouches-du-Rhône-héraði í Frakklandi. Hingað til hefur flensan einskorðast við Ain-héraðið í landinu.

Pólskur svanur dauður Svannur sem fannst dauður í Póllandi er einnig sagður hafa látið úr flensunni en veiran sem drap hann hefur enn ekki fengist greind. Ef rétt reynist þá er það fyrsta tilvik sem greinist í Póllandi.



FANNFERGI Íbúar Zürich reyna að losa bíl sinn úr skaffi en reiðhjólin við hlið þeirra eru vart sýnileg undir snjónum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Íbúar Sviss í vandræðum:

Metsnjókoma veldur usla

ZÜRICH, AP Íbúar Sviss hafa staðið í ströngu um helgina við að grafa sig út úr sköflum eftir að metsnjókoma hleypti af stað snjóflóðum, eyðilagði húsbök og lokaði tveimur stærstu þjóðvegum landsins.

Nálægt Zürich mældist snjókomar 54 sentimetrar á einum sólarhring sem er það mesta frá því að mælingar hófust árið 1931. Þrjár snjóbrettakappar voru hætt komnir þegar snjóflóð hrifsaði þá með sér 300 metra niður fjallshlíð en þeir björguðust og gerðu yfirvöldum viðvart. Einnig hafa húsbök hrunið undan snjóþýngslum en enginn hefur slasast vegna þess. ■

Standard & Poor's setur lánshæfiseinkunn Íbúðalánasjóðs á athugunarlista:

Lánakjör erlendis batna

ÍBÚÐALÁN Matsfyrirtækið Standard & Poor's hefur sett lánshæfiseinkunn Íbúðalánasjóðs, AA+ fyrir langtímaskuldbindingar í erlendri mynt, á athugunarlista og eru horfur neikvæðar í kjölfar síminnkandi hlutdeildar sjóðsins á íbúðalánamarkaði.

Um leið hefur Standard & Poor's staðfest einkunnina AA-fyrir langtímaskuldbindingu Íbúðalánasjóðs í erlendri og innlendra mynt. Horfur fyrir skuldbindingar í erlendri mynt eru stöðugar.

Jóhann Jóhannsson, sviðsstjóri hjá Íbúðalánasjóði, segir að matsfyrirtækið hafi gert það sama í fyrra. Íbúðalánasjóður hafi mót-mælt því og þá hafi matsfyrirtækið breytt lánshæfiseinkunn sinni. Það sé alltaf leiðinlegt að fá neikvætt mat og Íbúðalánasjóður sé ekki sammála því en það sé þeirra

að meta það. Íbúðalánasjóður muni gera aftur athugasemdir í ár.

„Að öllu eðlilegu ætti þetta að hafa einhver áhrif á lánskjör Íbúðalánasjóðs erlendis en ég held að það verði ekki. Eftir að fréttin barst hafa kjörin batnað ef eitt-hvað er þannig að það er ekki eins og markaðurinn taki þetta neitt sérstaklega alvarlega,“ segir hann.

Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður Greiningardeildar Landsbankans, telur að óvissa um framtíð Íbúðalánasjóðs geti haft áhrif á lánshæfiseinkunnina hjá Standard & Poor's.

- ghs

JÓHANN JÓHANNSSON Sviðsstjóri hjá Íbúðalánasjóði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARDUR



STAFRÆNAR MYNDAVÉLAR

Vinsælt og hagnýtt 3ja kvölda námskeið um öll helstu grundvallaratriði stafrænna myndavéla og meðferð stafrænna mynda í tölvu.

- Stillingar stafrænna myndavéla
- Stærðir og upplausn mynda
- Myndir færðar yfir í tölvu
- Skípuþing myndasafns í tölvu
- Heimarentun / framköllun
- Myndir skrifaðar á CD/DVD
- Frágangur mynda í tölvupósti
- Grundvallarlagfæringar
- Vinsælt, ókeypis myndvinnslu-forrit á Netinu tekið fyrir



Verð: kr. 15.000, (Innifalinn er ný kennslubók á íslensku).

Næsta kvöldnámskeið hefst 8. mars og lýkur 15. mars. Kennt er mánudags- og miðvikudagskvöld kl. 18 - 21.



TÖLVUSKÓLINN
PEKING

Faxafan 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is

Ný kynslóð salatbara

Sjáðu þetta

40 spennandi tegundir

Meðal annars:

- Kjúklingur
- Hummus
- Kjúklingabollur
- Ferskar melónur
- Mozzarella salat
- Romain salat
- Kjötbollur í rabbabarasósu
- Kús kús tandoori
- Tortelini m/engifer
- Austurlenskar rækjur
- Spínat
- Alabama salat
- Léttfeti m/kryddi
- Ávaxtasalat í kókósskysósu
- Kryddfeti í olíu
- Sólþurrkaðir tómatar
- Ætípastill

...og margt fleira



Með hverju keyptu salatboxi fylgir
Jóa Fel hafrakaka með í kaupbæti.*

*Tilboðið gildir til 12. mars



Fiskréttur dagsins

40% afsláttur

Kjöt & fisktorgið

Laxaréttur
með chilli og hvítlauk
Sett í eldfast mót og eldað í u.þ.b.
20 mínútur við um 200°C eða steikt
á pönnu í um 20 mín.

TILBOÐ
989 kr/kg
Verð áður 1.664,-

Rúnar Gíslason
Matreiðslumeistari og sjónvarpskokkur
kokkarnir.is

Gildir 6. mars eða á meðan birgðir endast.

Landsins mesta úrval matvöru

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



VEISTU SVARID?

- 1 Hvað heitir norsk prinsinn sem skírður var um helgina?
- 2 Hver er nýskipaður sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi?
- 3 Hvað heitir höfuðborg Pakistans?

SVÖR Á BLS. 34

Ólíklegt að fuglaflensan hafi áhrif á störf fuglamerkingarmanna:

Hyggjast gæta varúðar

FUGLAMERKINGAR Árlegar merkingar á farfuglum hefjast 20. mars næstkomandi hjá starfsmönnum Fuglaathugunarstöðvar Suðausturlands á Höfn í Hornafirði.

Brynjúlfur Brynjólfsson, annar tveggja starfsmanna stöðvarinnar, á ekki von á að fuglaflensan hafi áhrif á hefðbundnar merkingar í ár en segir að starfsmennirnir muni gæta varúðar í umgengni við fuglana. „Við munum nota einnota hanska og gæta þess að þvo hendur okkar vel og baða þær í sótt-hreinsandi vökva. Föt og skó munum við einnig þrifa vel,“ segir Brynjúlfur.

Jarle Reiersen, dýralæknir ali-

fuglasjúkdóma hjá embætti yfir-dýralækis, segir rétt að brýna fyrir fuglaáhugamönnum að gæta vel að hreinlæti eftir umgengni við villta fugla. „Jafnframt er ástæða til að hvetja fuglaáhugamenn til að tilkynna um óeðlilegan dauða fugla sem ef til vill bera smiteinkenni,“ segir Jarle. -kk

DAUÐ ÁLFT Brynjúlfur Brynjólfsson athugar hvort álf sem hann fann á dög-unum í Lóni austan Hafnar í Hornafirði sé merkt. Álfinn drapst úr hungri eða vösbúð og hafði fálki komist í hræið.

FRÉTTABLAÐIÐ/KK



Danskur þingmaður:

Sakaður um trúnaðarbrot

DANMÖRK Formaður danska blaðamannafélagsins sakar þingmann Venstre, Jens Rohde, um að hafa farið rangt með trúnaðarupplýsingar frá félaginu.

Í síðustu viku hélt þingmaðurinn því fram í fjölmiðlum að tólf múslimskir menn hafi ögrað dóttur eins teiknarans í Múhameðs-teikningamálinu.

Segir formaðurinn í viðtali á vefsíðu Politiken að með þessum ummælum sé þingmaðurinn að brjóta trúnað og ýkja ástandið til að fá meiri athygli.

Hann óttast að ummælin hafi haft neikvæð áhrif á stöðu teiknaranna. -ks

Íslandsmót skákfélaga:

TR sigraði á Íslandsmótinu

SKÁK Taflfélag Reykjavíkur varð Íslandsmeistari skákfélaga um helgina.

Taflfélag Vestmannaeyja varð í öðru sæti og Haukar í þriðja sæti. Þetta var fyrsta árið sem Haukar keppa í fyrstu deild.

Taflfélag Reykjavíkur stillti eingöngu upp innlendum skákmeisturum gegn fjölþjóðasveitum Taflfélags Vestmannaeyja og Hauka.

Taflfélag Reykjavíkur notaði aðeins einn stórmeistara, Þröst Þórhallsson, á meðan Taflfélag Vestmannaeyja var með allt upp í sex stórmeistara í einstökum viðureignum.

B-sveit Taflfélags Reykjavíkur vann 2. deild, skákdeild Fjölnis þá þriðju og b-sveit Taflfélags Vestmannaeyja vann í fjórðu deild.

- pss

Byggingaframskiptir á Húsavík:

Hótelið stækkað um 26 herbergi

FRAMKVÆMDIR Miklar framkvæmdir fara nú fram á Húsavík en þar er verið að stækka Hótel



Húsavík um 26 herbergi. Hótelbyggingin er samföst félagsheimilinu og nýju herbergin munu koma á tveimur hæðum þar sem nú er ein álma hótelsins.

Einnig verða gerðar endurbætur á gömlu herbergjum hótelsins og meðal annars lögð internet- tenging í hvert herbergi. „Við stefnum að því að allt verði tilbúið áður en helsti ferðamannastraumurinn byrjar í sumar,“ segir Hallveig Höskuldsdóttir hótelsstýra.

- jse

FRAMKVÆMDIR VIÐ HÓTEL HÚSAVÍK Stækkun stendur fyrir dyrum á Hótel Húsavík. Allt kapp er lagt á að búið verði að stækka hótelið fyrir mestu anninn í sumar.



HNEYKSLI Í LOS ANGELES Nokkrir lögreglumenn hafa verið ákærðir fyrir ótrúleg afbrot. Saksóknari líkir glæpunum við handrit að spennumynd. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Rændu 50 kg af kókaíni

Fyrirverandi lögreglumenn í Los Angeles eru ákærðir fyrir fjölda vopnaðra rána. Rændu þeir maríjúana og kókaíni af fíkniefnasölum í stórum stíl. Var atburðarásin líkust handriti að spennumynd.

AFBROTAMÁL Fimm fyrirverandi lögreglumenn í Los Angeles eru á meðal nítján manna sem eru ákærðir fyrir meira en tuttugu vopnuð rána í Suður-Kaliforníu. Greint er frá þessu í dagblaðinu Los Angeles Times.

Rannsókn málsins hófst árið 2001 þegar Ruben Palomares, 36 ára lögregluáhrifur í Los Angeles, var handtekinn vegna fíkniefnabrot. Palomares reyndi þá að selja fíkniefnalögreglumanni, sem var í dulargervi, tíu kíló af kókaíni.

Við rannsókn þess máls kom í ljós að Palomares var höfuðpaur glæpahóps sem hafði um árabíl rænt og ruplað. Palomares var þekktur hnefaleikamaður á sínum tíma og æfði meðal annars með heimsmeisturinum Oscar De La Hoya og Shane Mosley.

Málið varð opinbert árið 2004 en í síðustu viku voru tveir lögreglumenn og fangavörður handteknir í tengslum við rannsókn málsins. Í kjölfar þess greindi Thomas O'Brien, saksóknari í Los

Angeles, frá nýjum upplýsingum um málið.

„Það sem ég segi kann að hljóma eins og handrit að The Shield eða Training Day en þetta gerðist í raun og veru,“ sagði O'Brien.

Hann sagði að ræningjarnir hefðu reynt að láta ránin líta þannig út eins og um lögregluáhrif væri að ræða. Þeir hefðu notað lögregluskildi, lögreglubúninga og lögreglubíla til þess að blekkja fólk.

Glæpahópurinn réðist gjarnan gegn fíkniefnasölum. Talið er að hópurinn hafi stolið um 400 kílóum af maríjúana og fimmtíu kílóum af kókaíni í um 20 ránum. Fíkniefnin seldu síðan höfuðpaurar hópsins og högnuðust um hundruð milljóna króna. En glæpagengið rændi ekki bara fíkniefnasala því mennirnir nítján sem nú eru í haldi eru einnig ákærðir fyrir að stela bílum, vopnum og skartgripum. Í sumum ránum kom til blóðugra átaka og grunur leikur á að einn 23 ára maður hafi verið drepinn.

trausti@frettabladid.is

ÍSRAEL

Sprengjur í Nasaret Hundruð mótmælenda gengu um götur hinnar heilögu borgar Nasaret í Ísrael í fyrradag til að mótmæla árás á kirkju kristinna í þessum fæðingarbæ Jesú Krists. Ísraelsk hjón og dóttir þeirra sprengdu nokkrar sprengjur í kirkjunni sem helguð er boðunardegri Maríu guðsmóður. Ljóst þykir að árásin var af persónulegum ástæðum en ekki trúarlegum.

LANDHELGISMÁL

Lögreglan beið á bryggjunni Landhelgisgæslan stóð bát að ólöglegum veiðum úti fyrir Garðsskaga í síðustu viku og voru skipstjóra hans gefin fyrirmæli að snúar til hafnar hið fyrsta. Lögregla beið bátsins við komu til lands og fer með rannsókn málsins í samvinnu við Fiskistofu en brot skipstjórans varð ákvæði laga um fiskveiði innan landhelgi Íslands.

NISSAN PATROL

ENDIST
ENDALAUST

Breyting frá Arctic Trucks

Rúmgóður og áreiðanlegur vinnubjarkur sem hefur sýnt og sannað að hann á heima á Íslandi. Nissan Patrol er einfaldlega alvöru jeppi fyrir alvöru fólk!

Littu inn og sjáðu alvöru jeppa!

Verðið á Nissan Patrol er frá **3.990.000 kr.**

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mán - fös kl. 9-18 og lau kl. 12-16



PARKET & STEINSKÍFA

GÆÐAPARKET
Eik ★★★★★
 2200x182x14mm 4mm

GÆÐAPARKET
Hlynur ★★★★★
 2200x182x14mm 4mm

Kr. **1.995,-** pr.m²

Kr. **2.675,-** pr.m²



STEIRER PARKETT

Steinskífa 30x60
 Kr. **1.895,-** pr.m²



Austurrískt gæðaparket og Mustang steinskífa á verði sem slær öll met

ALLT Á EINUM STAÐ

- Undirlag undir parket og flísar
- Parketlím og -listar
- Flísalím og fúga
- LITHOFIN flísabón ofl.

**LÆKKUM
 VERÐIÐ Á
 BYGGINGA-
 VÖRUM**

Verðæmi

Eik viðarparket 100 m ²	199.500 kr.
Eik parketlistar 100 Lm	12.024 kr.
Hljóðeinangrandi undirlag (23DB)	47.500 kr.
Samtals m/Vsk 100 m²	259.024 kr.

MURBUDIN

Byggingavöruverslunin í Árbænum

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is



BARNUNGIR BYSSUMENN Ungir pakistanskir drengir veifa leikfangabyssum í mótmælagöngu sem haldin var í gær vegna birtingar skopmynda af Múhamed spámanni í vesturlenskum dagblöðum.

Framboðslisti Sjálfstæðisflokksins í Reykjaneshæ:

Árni fer ekki í þingframboð

SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR Fulltrúaráðsfundur Sjálfstæðisflokksins í Reykjaneshæ samþykkti á dögnum framboðslista flokksins fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar. Árni Sigfússon leiðir listann áfram og gefur ekki kost á sér fyrir næstu alþingiskosningar. Hann segist alltaf hafa sagt það sama: „Ég ætla að starfa áfram sem bæjarstjóri í þágu fólksins hér. Það er nóg af góðu fólki til að fara í þingframboð.“

Það er ljóst að núverandi bæjarfulltrúum, sem náðu hreinum meirihluta í kosningunum 2002, er treyst áfram fyrir stjórn sveitarfélagsins og sex efstu sæti listans

skipa áfram þau Árni Sigfússon, Böövar Jónsson, Björk Guðjónsdóttir, Steinþór Jónsson, Sigríður Jóna Jóhannesdóttir og Þorsteinn Erlingsson.

Konum á framboðslistanum fjölga um 30 prósent frá sveitarstjórnarkosningunum 2002 og segir Árni það hafa verið nauðsynlegt. Hann telur listann sigurstranglegrí fyrir vikið. Um stöðu sína sem bæjarstjóra segist hann sáttur með þann stuðning sem hann fékk í Gallup könnun í janúar en hefði meiri áhuga á að ná tali af þeim 13 prósentum sem sögðust vera óánægð með hans störf.

- shá



FRÁ REYKJANESHÆ Framboðslisti Sjálfstæðisflokksins í Reykjaneshæ er óbreyttur frá kosningunum 2002. Bæjarstjórnin er mjög bjartsýnn og fagnar aukinni þátttöku kvenna.

Skúli Steinsson frístundabóndi:

Feldi fugla af ötta við flensu

FUGLAFLENSAN Skúli Steinsson, frístundabóndi á Eyrarbakka, fargaði á dögnum sjötíu fuglum af ötta við fuglaflensu. Skúli hefur alið endur, gæsir og hænur í grennd við Eyrarbakka í um tuttugu ár.

„Vonandi kemur flensan ekki en ef hún kemur þá er betra að vera búinn að þessu,“ segir Skúli sem leit á fuglana sem vini sína. „Mér leið ekki vel meðan á því stóð og þetta var erfiðara en að farga lömbum og hestum.“

Skúli segist hikaust hefja fuglarækt á ný þegar ljóst verður að ekki stafi lengur ógn af fuglaflensunni.

- bps

Guðjón Ólafur Jónsson nýr þingmaður Framsóknar:

Þekkir vel til innra starfs flokksins

ALÞINGI Guðjón Ólafur Jónsson mun taka sæti Árna Magnússonar á Alþingi en hann hefur að undanfögnu stundað meistaranám í lögfræði við Edinborgarháskóla, meðfram vinnu. „Það er mikið áfall fyrir flokkinn að missa Árna. Ég frétti þetta fljótlega eftir að ég lenti hér á Íslandi en ég hafði verið í Skotlandi að sinna námi mínu. Þetta kom mér auðvitað mikið á óvart en ég hlakka til þess að takast á við þingstörfin.“

Guðjón Ólafur hefur starfað lengi fyrir Framsóknarflokkinn og var meðal annars aðstoðarmaður Guðmundar Bjarnasonar þegar hann var umhverfisráðherra, á árunum 1995 til 1999.

Guðjón Ólafur hefur meðal annarra starfa verið framkvæmdastjóri þingsflokks Framsóknarflokksins. „Ég hef nú lengi verið viðloðandi innra starf Framsóknarflokksins. Þá hef ég einnig starfað á Alþingi, en ég var skjálavörður þar meðfram námi þegar ég var liðlega tvítugur. Ég sat einnig þingsflokksfundir þegar ég var formaður Sambands ungra framsóknarmanna, þannig að þetta er nú ekki alveg nýtt fyrir mér.“

- mh



GUÐJÓN ÓLAFUR JÓNSSON Guðjón hefur verið varaþingmaður Framsóknarflokksins um tíma en hann hefur að undanfögnu stunda meistaranám í viðskiptarétti við Edinborgarháskóla í Skotlandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT



SIV FRÍÐLEIFSDÓTTIR Siv þekkir vel til heilbrigðismála en hún er sjúkráþjálfari að mennt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Siv heilbrigðisráðherra: Siv ráðherra öðru sinni

ALÞINGI Siv Friðleifsdóttir, sem nú tekur við starfi heilbrigðisráðherra, hefur verið alþingismaður Framsóknarflokksins síðan 1995.

Siv gegndi starfi umhverfisráðherra og samstarfsráðherra Norðurlandanna frá 1999 til 2004. Þá er hún núverandi formaður félagsmálanefndar en situr einnig í utanríkismálanefnd, sérnefnd um stjórnarskrármál, Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins, heilbrigðis- og trygginganefnd og efnahags- og viðskiptanefnd.

Siv var á árunum 1995 til 2003 þingmaður Reykjanesskjördæmis en frá árinu 2003 hefur hún verið þingmaður Suðvesturkjördæmis.

Siv lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1982 og BS-prófi í sjúkráþjálfun frá Háskóla Íslands árið 1986. - mh



ÁRNI MAGNÚSSON Árni hefur viðtæka reynslu að baki sem nýttist honum vel í nýju starfi. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Árni hættir sem ráðherra:

Starfað lengi fyrir Framsókn

ALÞINGI Árni Magnússon, sem nú hefur kvatt svið stjórnmalanna, tók við starfi félagsmálaráðherra hinn 23. maí 2003.

Hann hafði áður sinnt ýmsum störfum fyrir Framsóknarflokkinn og var meðal annars kosningastjóri flokksins í Suðurlandskjördæmi fyrir alþingiskosningarnar 1995. Þá var hann formaður kjördæmissambands framsóknarfélaganna á Suðurlandi árin 1998 til 2001.

Hann var aðstoðarmaður iðnaðar- og viðskiptaráðherra frá 1995 til 1999 og aðstoðarmaður utanríkisráðherra 1999 til 2001.

Árni lauk Samvinnuskólaprófi frá Bifröst árið 1983 og hefur að auki lokið námskeiðum í rekstrarfræði, stjórnun og stjórnmalfræði frá Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri. - mh

AÐALFUNDUR FL GROUP HF.

**AÐALFUNDUR FL GROUP HF.
VERÐUR HALDINN
ÞRIÐJUDAGINN 21. MARS 2006
Í AÐALÞINGSAL NORDICA HOTEL
AÐ SUÐURLANDSBRAUT 2
OG HEFST FUNDURINN KL. 16.00.**

Á DAGSKRÁ FUNDARINS VERÐA:

1. Skýrsla stjórnar um hag félagsins og starfsemi á hinu liðna starfsári.
2. Endurskoðaður reikningur lagður fram til staðfestingar.
3. Tekin ákvörðun um greiðslu arðs.
4. Ákveðin þóknun til stjórnar félagsins.
5. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins:
 - a. breyting á 3. gr. samþykktu um tilgang. Lagfæring á orðalagi sem ekki felur í sér teljandi efnisbreytingu heldur aðlögun að núverandi starfsemi.
 - b. breyting á 12. gr. um fjölgun stjórnarmanna úr fimm í sjö.
 - c. breyting á 4. gr. um heimild til stjórnar til að auka hlutfé félagsins á næstu 5 árum um allt að 5%. Heimilt verði að víkja frá forkaupsrétti hluthafa við aukninguna skv. 34. gr. hlutfélagalaga og 4. gr. samþykktu.
6. Kosin stjórn félagsins.
7. Kosnir endurskoðendur.
8. Tillaga um heimild félagsstjórnar til kaupa á eigin hlutum skv. 55. gr. laga um hlutfélag.
9. Önnur mál löglega fram borin.

Hluthöfum er sérstaklega bent á að þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Þeir einir eru kjörgengir sem þannig hafa gefið kost á sér.

Tillögur frá hluthöfum sem bera á upp á aðalfundi skulu vera komnar í hendur stjórnarinnar eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund.

Dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur félagsins munu liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis sjö dögum fyrir aðalfund. Ennfremur verður hægt að nálgast þær á vefsíðu félagsins www.flgroup.is eða á aðalskrifstofu FL Group hf. frá sama tíma.

Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á aðalfundardaginn frá kl. 15.00 á fundarstað Nordica Hotel.

Reykjavík, 2. mars 2006.
Stjórn FL Group hf.



MARKAÐURINN

Sögurnar, tölurnar, fólkið.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

ÓTRÚLEG AFMÆLISTILBOÐ

acer 30 ára



Vegna frábærra
viðtaka höfum við ákveðið að
framlengja tilboðin um viku



Fylgir frítt með
öllum vélum

Ótrúlegt
verð!

ACER TRAVELMATE

2403WxMi

Intel Celeron M 1.5Ghz - Centrino / 256MB DDR2
14.1" WXGA TFT 1280x800dpi skjár / Intel GMA 900 - 128MB skjá kort
40GB Ultra ATA 100 HD / CD skrifari / DVD skrifari
Windows XP Home á íslensku eða ensku

STÆKKAÐU MINNIÐ UPP Í 512MB: **3.900-**

TILBOÐ: **69.900-**



30.000 kr.
Lækkun

ACER TRAVELMATE

4062LCi

Ótrúlegt
verð!

Intel Pentium M 1.7Ghz - Centrino - Dothan / 256MB DDR2
15" XGA TFT 1280x800dpi skjár / Intel GMA 915 - 128MB skjá kort
40GB Ultra ATA 100 HD / CD skrifari / DVD lesari
Windows XP Home á íslensku eða ensku

STÆKKAÐU MINNIÐ UPP Í 512MB: **3.900-**

TILBOÐ: **79.900-**



ACER ASPIRE

5502WLMi

Ótrúlegt
verð!

Intel Pentium M 1.73Ghz - Centrino - Dothan / 1024MB DDR2
14.1" WXGA TFT 1280x800dpi skjár
ATI Radeon x700 - 64MB skjá kort / 80GB Ultra ATA 100 HD
CD skrifari / DVD+R skrifari (dual layer) / Windows XP Home
á íslensku eða ensku

TILBOÐ: **99.900-**



svaR) tækni

„ORÐRÉTT“

Bauhaus velkomið

Bauhaus er meira en velkomið í Mosfellsbæinn og við myndum greiða götu þeirra eftir fremsta megni.“

RAGNHEIÐUR RÍKHARÐSDÓTTIR, BÆJARSTJÓRI Í MOSFELLSBÆ, UM LÓÐAMÁLVERSLUNARINNAR BAUHAUS.

Kaldrifjaðar ákvarðanir

„Þetta segir okkur hvers konar framtíð er verið að búa íslensku launafólki þar sem örlög þeirra ráðast á grundvelli kaldrifjaðra ákvarðana erlendra auðfélaga.“

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON, FORMADUR VINSTRI GRÆNNA, UM FRAMTÍÐARÁÆTLANIR ÁLVERSINS Í STRAUMSVÍK.

nær og fjær tilveran

SJÓNARHÓLL

FUGLAFLENSAN

Óttast hana ekki

„Nei, ég er ekki hrædd við fuglaflensuna,“ segir Sigrún Ríkhardsdóttir, formaður knattspyrnudeilda IA, en fréttir af fuglaflensunni hafa verið tíðar í fjölmiðlum síðustu daga. Þegar Sigrún segist ekki óttast flensuna á hún við að hún óttast ekki að hún berist í menn. Engu að síður hefur hún trú á, eins og líklegt er talið, að hún berist til landsins en ein skorðist við fugla.

„Ég treysti heilbrigðisfyrirvöldum og öðrum algjörlega fyrir þessu og hef engar áhyggjur,“ segir Sigrún. Mikið hefur verið fjallað um fuglaflensuna en Sigrún telur ekki að fréttaflutningurinn hafi farið úr hófi fram. „Þetta er staðreynd og ég held að það sé ekki of mikið fjallað um þetta. Hins vegar held ég að fólk óttist að þetta sé eitthvað svipað og spænska veikin á sínum tíma en hnattvæðingin er orðin svo mikil og þekkingin svo rík að ég held að það sé engin ástæða til að óttast.“



SIGRÚN RÍKHARÐSDÓTTIR FORMAÐUR KNATTSPYRNUDEILDA IA



HNÝÐINGAR AÐ LEIK Edda sigldi fram á vöðu um hundrað hnýðinga á dögnum og fylgdist með þeim góða stund. „Þeir nota hvert tækifæri sem gefst til leiks hvort sem þeir eru að ferðast eða að hvíla sig milli matarbita,“ segir Edda sem vinnur sem leiðsögumaður í hvalaskoðunarferðum á sumrin. Í baksýn sést Grindavík. FRÉTTABLAÐIÐ/EDDA ELISABET MAGNÚSDÓTTIR

Hvalapartí úti fyrir Grindavík

Edda Elísabet Magnúsdóttir, framhaldsnemi í líffræði, sigldi á dögnum fram á hnýðingavöðu úti fyrir suðvesturströnd landsins. Hún er að rannsaka útbreiðslu og dreifingu hnýðinga og á siglingunni varð hún vitni að lífi og fjöri.

Edda fór á sjó með dragnótabátnum Þresti frá Grindavík til að freista þess að sjá hnýðinga sem er algeng höfrungategund sem býr við Íslandsstrendur. Og henni varð svo sannarlega að ósk sinni. „Við mér blasti dásamleg sjón þar sem gríðarstór hnýðingavaða í fylgd þriggja hnúfubaka varð á vegi mínum,“ segir Edda. Hnýð-

ingarnir halda sig vanalega í smærri hópum en þegar fæðuframboð er mikið eins og nú er úti fyrir suðvesturströndinni sam-einast hóparnir í stóra vöðu. Hnýðingar eru, að sögn Eddu, mikið augnayndi, með tignarlegan og háan, dökkleitan bakugga. Líkami hans er sterkbyggður og prýddur fallegu mynstri hvíttra, ljósgrárra og dökkgrárra flekkja. „Sérstaklega gleðja þeir augað þegar þeir hefja leik með miklum gusugangi og glæsilegum stökkum. Þeir nota hvert tækifæri sem gefst til leiks hvort sem þeir eru að ferðast eða að hvíla sig milli matarbita. Þennan góða dag var mikið líf og fjör og frábært að fylgjast með þessum fjölda hnýðinga stökkva og leika sér við yfirborðið.“

Eins og áður sagði sá Edda ekki aðeins hnýðinga í siglingunni góðu, nokkrir hnúfubakar voru með í för. Hnúfubakar er gríðarstór skíðishvalur sem ferðast langar leiðir milli suður- og norður-



HNÚFUBAKUR STINGUR SÉR TIL KAFS Nokkrir hnúfubakar fylgdu hnýðingavöðunni úti fyrir suðvesturströnd landsins á dögnum. Edda fyllist lotningu þegar hún kemst í návígi við slíkar skepnur enda geta þær orðið allt að sautján metra langar og vegið 35 tonn. FRÉTTABLAÐIÐ/EDDA ELISABET MAGNÚSDÓTTIR

hafa til að komast í bestu búsvæðin hverju sinni en hér við Íslandsstrendur hefur hnúfubakurinn nóg að éta á sumrin. „Þessir hnúfubakar sem ég sá utan við Grindavík eru líklega tiltölulega nýkomnir til landsins en meðal þeirra var móðir og stálpaður kálfur,“ segir Edda og bætir við að hún fyllist lotningu þegar hún kemst í návígi hnúfubaka. Fullvaxinn getur hnúfubakar vegið 35 tonn og verið 17 metrar að lengd. Þá getur hnúfubakar náð 95 ára aldri.

Edda hefur haft mikinn áhuga á dýralífi síðan hún var lítil stelpa en áhuginn á hvöllum vaknaði fyrir nokkrum árum. „Hvalir eru ótrúlega dularfullir og áhugaverðir. Þeir eru vitibornar skepnur og áhugi minn magnast eftir því sem ég sé þá oftar.“ Edda vinnur sem leiðsögumaður á hvalaskoðunar-

skipinu Eldingu og hefur því marginn séð hvali af ýmsum gerðum og stærðum. Það eru helst útlendingar sem sækja hvalaskoðunarferðir og hvetur Edda Íslendinga til að fara í slíkar ferðir því þær séu bæði skemmtilegar og fróðlegar. „Ég tel mikilvægt að Íslendingar gefi sér tíma til að kynnst stórbrotnu dýralífi Íslandsmiða og upplifi dularfulla og ógleymanlega návist þessara sjávarbúa,“ segir hún.

Edda er í framhaldsnámi í líffræði og er verkefni hennar að kanna útbreiðslu og dreifingu hnýðinga á veturna en enn sem komið er eru til takmarkaðar upplýsingar um vetrarhagi tegundarinnar. Að því námi loknu hefur hún hug á að hefja doktorsnám og heillar eiturefnavistfræði sem tengd er sjávarspendýrum mest um þessar mundir.



EDDA ELISABET MAGNÚSDÓTTIR Stundar framhaldsnám í líffræði og hyggur á doktorsnám í eiturefnavistfræði tengda sjávarspendýrum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

RÁÐGJÖF

allt

ný vöru- & þjónustuskrá á visir.is

visir

ALLT SEM ÞIG VANTAR ER Á VISIR.IS/ALLT

Eitt líf

– njótum þess

**Betra
BAK**



Dýpsta slökun, hvíld og svefn sem völ er á

Þar sem Tempur dýnan aðlagast líkamanum dreifir hún þyngdinni og dregur þar með úr þrýstingi á viðkvæma staði svo sem axlir, mjaðmir, hné og ökkla. Jafnframt styður hún undir og fyllir upp í „holrúmin“ sem gjarnan skortir stuðning svo sem mjóbak, háls og hnésbætur.

Með Tempur heilsudýnnunni nærðu hámarks slökun, hvíld og svefni sem er lykilinn að góðri andlegri og líkamlegri heilsu.



THE **NeverTurn**
MATTRESS



Spring Air Never Turn heilsudýnan

Dýnan með vírherta stálgormakerfinu „Torsion II“.

806 gormar í Queen stærðinni (152x203 cm).

Steyptar hliðarstyrkingar auka svefnsvæði um allt að 30%.

Val um 100% náttúruleg gæðaeefni.

Val um Tallalay Latex eða Laserskorna ConformaFoam yfirdýnu.

Komdu í verslun okkar að Faxafeni 5 og við hjálpum þér

að finna réttu dýnuna fyrir þig!

Gravity Zero



Settu þig í stellingar fyrir betri svefn

Með því einu að snerta takka getur þú stillt rúmið í hvaða stöðu sem er. Með öðrum takka færð þú nudd sem þú getur stillt eftir eigin þörfum og látið þreytuna eftir eril dagsins líða úr þér. Með stillanlegu rúmunum frá Tempur er allt gert til þess að hjálpa þér að ná hámarksslökun og þannig dýpri og betri svefni.

Fermingartilboð 2006



Val um hvíta
eða brúna leðurlook botna
með SquareAlu löppum
án aukagjalds!!!
Gildir aðeins í mars

Heilsudýnur uppbyggðar til að laga sér að þér og þínum líkama

Gormakerfið er stífara á mjaðmasvæði og mýkra á axlasvæði. Gormakerfið er læst saman langsöm til að dreifa líkamspýngdinni á sem flesta gorma. Fjöldi gorma er 220 pr. fm. í Multi Spring kerfinu. Dýnan er með Conforma heilsu og hægindalagi beggja vegna. Steyptir hliðarkantar sem veita 25% meira svefnsvæði.

Crown heilsudýna með botni og löppum:

80x200 cm Verð áður kr. 56.164,- Nú kr. 47.900,-

90x200 cm Verð áður kr. 59.478,- Nú kr. 49.900,-

100x200 cm Verð áður kr. 66.287,- Nú kr. 56.900,-

120x200 cm Verð áður kr. 76.466,- Nú kr. 64.900,-

Standard heilsudýna með botni og löppum:


100x200 cm Verð áður kr. 79.900,- Nú kr. 65.900,-

120x200 cm Verð áður kr. 91.800,- Nú kr. 75.900,-

**Betra
BAK**

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477
betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opíð virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 11-16

Svona erum við Skrásett ökutæki á Íslandi



Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: RÝRT ÚRAN

Náttúrulegt frumefni

Úran hefur verið mikið í fréttum vegna fyrirætlana Írana um auðgun þess. Þeir hafa gefið það ítrekað í skyn að þeir ætli sér að nota það til framleiðslu kjarnavopna. Rússar hafa boðist til að hafa umsjón með verkefningu og Kofi Annan hefur hrósað þeim fyrir framlag þeirra til lausnar deilunnar.

Hvað er rýrt úran?

Úran er náttúrulegt frumefni og finnst í jarðvegi og bergi. Eins og það finnst í náttúrunni er það blanda þriggja samsæta: 99,28 prósent úran-238 (helmingunartími 4,510,000,000 ár), 0,72 prósent úran-235 (helmingunartími 710,000,000 ár, 0,0057 prósent úran-234 (helmingunartími 247,000 ár)

Hversu hættulegt er úran?

Heilsufarslegri áhættu vegna úrans má skipta í

tvennt: Efnafraðileg áhætta og áhætta vegna geislunar frá efninu. Efnafraðileg áhætta er sú sama frá öllum samsætum úrans, þær hafa allar sömu efnafraðilega eiginleika. Rýrt úran hefur því nákvæmlega sömu efnafraðilega eiginleika og náttúrulegt úran. Mikið magn úrans getur haft skaðleg áhrif á líkamann eins og aðrir þungmálmar, t.d. getur það haft áhrif á starfsemi nýrna. Töluvert af efninu þarf þó að berast inn í líkamann til þess að slík áhrif komi fram. Áhætta vegna geislunar getur verið tvenns konar. Annars vegar getur verið um ytri geislun að ræða (frá efni utan líkamans), t.d. ef úranklumpur er settur í vasa og er þar í langan tíma. Hins vegar getur verið um

innri geislun að ræða (frá efnum sem berast inn í líkamann), t.d. sem rykagnir ofan í lungu. Rýrt úran sendir minna af geislun frá sér en náttúrulegt úran, enda er búið að minnka hlut geislavirkari samsæta úrans.

Hvernig er úran auðgað?

Í kjarnorkuiðnaði er blöndu samsæta breytt til þess að fá aukinn hlut úrans-235, sem hentar betur fyrir flesta kjarnorkuofna (og einnig í kjarnorkuvopn). Er þá talað um að úranið sé auðgað því blanda er þá auðugri af úrani-235. Þetta aukna magn úrans-235 er fengið úr öðrum skammti af úrani, sem verður þá fyrir bragðið rýrari af úrani-235. Er þá talað um rýrt úran. Heimild: Geisla- varnir ríkisins.



ÚR LÖGUM UM HLUTAFÉLÖG

134. gr. Stofnendur, stjórnarmenn, framkvæmdastjórnar og endurskoðendur og skoðunarmenn hlutafélags, svo og matsmenn og rannsóknarmenn, eru skyldir að bæta hlutafélagi það tjón, er þeir hafa valdið félaginu í störfum sínum, hvort sem er af ásetningi eða gáleysi. Sama gildir þegar hluthafi eða aðrir verða fyrir tjóni vegna brota á ákvæðum laga þessara eða samþykktum félags.

Hluthafi er skyldur til að bæta tjón sem hann af ásetningi eða stórfelldu gáleysi hefur valdið félaginu, öðrum hluthöfum eða þriðja aðila með broti á lögum þessum eða samþykktum félagsins.

Bótáhræð má færa niður með hæfilegu tilliti til þess hve mikil sökinn var og tjónið, til efnahags tjónvalds og annarra atvika.

68. gr. Félagstjórn fer með málefni félagsins og skal annast um að skipulag félags og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Félagstjórn og framkvæmdastjóri fara með stjórn félagsins.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem félagstjórn hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá félagstjórn, nema ekki sé unnt að biða ákvarðana félagstjórnar án verulegs óhaggræðis fyrir starfsemi félagsins. Í slíkum tilvikum skal félagstjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.

Félagstjórn skal annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins. Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.

Einungis félagstjórn getur veitt prókúruumboð.

Mesta vanskilamálið bíður dóms

Aðalmeðferð og munnlegum málflutningi er nú lokið í máli ákærvaldsins gegn tíu einstaklingum sem komu að stjórnun átta dótturfyrirtækja Frjálsrar fjölmiðlunar. Málflutningur lögmanna stóð samfleytt í sextán klukkustundir á föstudag.

Mál ríkissaksóknara gegn tíu einstaklingum sem komu að stjórnun dótturfélaga Frjálsrar fjölmiðlunar, sem nú er gjaldþrota, á árunum 2000 til 2002 er stærsta dómssál sinnar tegundar sem upp hefur komið á Íslandi. Þess er krafist af hálfu ákærvaldsins að átta sakborninganna sem ákærðir eru skuli sæta fangelsi, en níu af þeim tíu sem ákærðir eru skuli greiða samtals tæplega 190 milljónir króna í sektir. Þar af gerir ákærvaldið kröfu um að Eyjólfur Sveinsson, sem ákærður er í sjö ákærulíðum, greiði 61 milljón króna og Marteinn Jónasson, sem ákærður er í þremur líðum, greiði um 63 milljónir fyrir sinn þátt.

Í heildina koma átta fyrirtæki við sögu í málinu og eru stjórnendur fyrirtækjanna ákærðir fyrir brot á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og virðisaukaskatt, auk þess sem í einu tilfelli er ákært fyrir umboðssvik.



LÖGMENN RÆÐA SAMAN Í DÓMSSAL Mikill fjöldi lögmanna hefur setið í dómssal við aðalmeðferð málsins. Alls hafa tíu lögmenn ákærðu setið í dómssal, auk Jóns H. B. Snorrasonar sem flytur málið fyrir hönd ríkislögreglustjóra.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÖL

Erfiðleikar í kjölfar gjaldþrots móðurfélags

Rekstrarerfiðleika fyrirtækjanna átta sem komu við sögu í málinu má rekja til gjaldþrots móðurfélagsins, Frjálsrar fjölmiðlunar. Við það skapaðist erfið staða hjá dótturfélögum sem stjórnendur fengu ekki við ráðið. Fyrirtækin voru mörg hver ung að árum og höfðu því ekki gengið í gegnum byrjunarerfiðleika í rekstri nema að litlu leyti. Gjaldþrot helsta bakhjarlsins reyndist því of þungur baggi fyrir fyrirtækin að bera.

Dregnir til ábyrgðar á vanskilum

Eftir rannsókn skattrannsóknarstjóra á greiðslum fyrirtækjanna átta til hins opinbera tók efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra við rannsókn málsins og í kjölfarið voru einstaklingarnir tíu ákærðir þar sem þeir voru taldir bera mesta ábyrgð á þeim brotum sem ákært var vegna.

Verjendur ákærðu í málinu hafa gagnrýnt harkalega að þátt-

ur hvers og eins stjórnarmanns í fyrirtækjunum átta hafi ekki verið rannsakaður til hlítar. Í átta tilfellum eru fulltrúar í stjórn fyrirtækjanna, sem hlut eiga að máli, ákærðir fyrir aðkomu sína að fyrirtækjunum. Sveinn R. Eyjólfsson, faðir Eyjólf Sveinssonar, er ákærður sem fulltrúi í þremur tilfellum.

Útvaldir stjórnarmenn ákærðir

Athygli hefur vakið að ekki hefur verið talin ástæða til þess að ákæra alla stjórnarmenn í fyrirtækjunum sem til rannsóknar voru. Lögmenn ákærðu gagnrýndu vinnulag efnahagsbrotadeildar við rannsókn málsins og sagði Halldór Jónsson, lögmaður Eyjólf Sveinssonar, útlit fyrir að ákærðu hafi verið valdir út úr stórum hópi manna, þar sem „geðþottaákvæðanir“ Jóns H. B. Snorrasonar, yfirmanns efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra, hafi ráðið því hverjir voru ákærðir og hverjir ekki.

Nauðsynlegt að upplýsa þátt hvers og eins stjórnarmanns

Áslaug Björgvinsdóttir, dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík, segir að ekki sé um að ræða heildarábyrgð stjórnar í málum eins og þessum heldur verði að upplýsa nákvæmlega um störf hvers og eins stjórnarmanns. „Það sem til grundvallar liggur er að það er ekki um að ræða heildarábyrgð stjórnar, heldur verður að sanna sök hvers og eins stjórnarmanns. Það þarf því að sýna fram á sök þeirra sem grunaðir eru um saknaemt háttætti við stjórnarstörf, og þá liggur fyrir að skoða stöðu hvers og eins stjórnanda.“

Virkir stjórnarmenn gerðir ábyrgir

Jón H. B. Snorrason sagði í viðtali við Fréttablaðið að einungis „virkir stjórnarmenn“ hefðu verið ákærðir í málinu, þar sem aðeins þeir sem komu að stjórnun fyrirtækjanna á þeim tíma sem brotin hafi verið framin hafi verið ákærðir.

Í málflutningi sínum beindu lögmenn ákærðu meðal annars spjótum sínum að þessu atriði og nefndu sérstaklega að stjórnarmenn gætu aldrei skotið sér undan þeirri ábyrgð sem setu þeirra í stjórn fylgdi.

Áslaug Björgvinsdóttir bendir á að stjórnarmenn fyrirtækja verði alltaf, lögum samkvæmt, að taka virkan þátt í starfi fyrirtækjanna. „Það er krafist virkrar þátttöku af hálfu stjórnarmanna samkvæmt lögum. Það hafa fallið dómur, bæði í Hæstarétti og héraði, sem staðfesta það að ekki sé hægt að skorast undan þeirri ábyrgð sem stjórnarsetu fylgir.“

Þetta umfangsmikla mál bíður nú dóms í Héraðsdómi Reykjavíkur.

ÁKÆRULÍÐIR OG SAKBORNINGAR

A Umboðssvik - ólögmaet millifærsla á tæpum 25 milljónum króna af reikningi Visis.is ehf. yfir á reikning Fréttablaðsins ehf.

Eyjólfur Sveinsson sem stjórnarmaður Visis.is ehf. og Svavar Ásbjörnsson sem stjórnarmaður Visis.is ehf.

B Brot á lögum um opinber gjöld - samtals tvær milljónir króna.

Eyjólfur Sveinsson sem stjórnarmaður Dagsprents ehf. og Sveinn Eyjólfsson sem stjórnarmaður.

C Brot á lögum um opinber gjöld og virðisaukaskatt - samtals rúmar sextán milljónir króna.

Marteinn Jónasson sem stjórnarmaður Markhúss-markaðsstofu ehf., Ómar Geir Þorgeirsson og Sverrir V. Hauksson sem stjórnarmenn.

D Brot á lögum um opinber gjöld og virðisaukaskatt - samtals 32,7 milljónir króna. Marteinn Jónasson sem framkvæmdastjóri, Karl Þór Sigurðsson og Eyjólfur Sveinsson sem stjórnarmenn.

E Brot á lögum um opinber gjöld og virðis-

aukaskatt - samtals rúmar níu milljónir.

Marteinn Jónasson sem framkvæmdastjóri og stjórnarmaður í Info skiltagerðar ehf.

F Brot á lögum um opinber gjöld og virðisaukaskatt - samtals 5,4 milljónir króna.

Valdimar Grímsson sem framkvæmdastjóri Póstflutninga ehf. og Eyjólfur Sveinsson sem stjórnarmaður.

G Brot á lögum um opinber gjöld og virðisaukaskatt - samtals 5,7 milljónir króna.

Sigurður Ragnarsson sem framkvæmdastjóri Visis.is ehf. og Eyjólfur Sveinsson sem stjórnarmaður.

H Brot á lögum um opinber gjöld og virðisaukaskatt - samtals 6,8 milljónir króna.

Eyjólfur Sveinsson sem stjórnarmaður Fréttablaðsins ehf. og Sveinn Eyjólfsson sem stjórnarmaður.

I Brot á lögum um opinber gjöld og virðisaukaskatt - samtals 6,8 milljónir króna.

Ólafur Haukur Magnússon sem framkvæmdastjóri ÍP-prenþjónustunnar ehf., Sveinn Eyjólfsson sem stjórnarmaður og Eyjólfur Sveinsson sem stjórnarmaður.

DV

Hefur þú séð DV í dag?

TVÆR FÓLSKULEGAR HNÍFAARASIR UM HELGINA

STUNGINN FIMM SINNUM Í BAKIÐ

FRÉTTASKÝRING
MAGNÚS HALLDÓRSSON
magnush@frettabladid.is





Láttu athyglina beinast að þér

**ÞÆGILEG OG ÓDÝR MARGMIÐLUNARLAUSN
FRÁ SONY SEM EYKUR SÖLU.**

Nærð þú 650% söluaukningu?

Ef þú vilt koma þínum skilaboðum á framfæri til að auka sölu þá er Sony margmiðlunarlausn frá Nýherja rétti kosturinn. Lausn sem samanstendur af flatskjá og innbyggðum netspilara og jók t.a.m. sölu á auglýstri vöru um allt að 650% hjá 7-11 verslunum í Danmörku.

Ótrúlegur sveigjanleiki með nýrri tækni

Sony netspilarinn er afar auðveldur í notkun þar sem þú setur markaðsefni á minnskort, bæði myndir og vídeó, stingur því í netspilarann og efnið birtist á hágæða Sony flatskjá. Einnig getur þú streymt upplýsingum beint á skjáinn í gegnum netkerfi. Einfaldara gæti það ekki verið.

Fjölbreytt not

Sony margmiðlunarlausnin hentar m.a. fyrir upplýsingagjöf og markaðssetningu innan verslunar- og þjónustufyrirtækja, í skólum, í móttökum og fundarherbergjum fyrirtækja, hótél- og veitingastöðum o.fl.



Hafðu samband við söluráðgjafa Nýherja sem bjóða þér faglega ráðgjöf við val á réttu margmiðlunarlausninni.

Síminn er 569 7700 og netfangið er ver@nyherji.is

SONY


NÝHERJI

Nýherji hf. · Borgartúni 37 · 105 Reykjavík · Sími 569 7700 · www.nyherji.is

skoðun

SJÓNARMÍÐ
HAFLÍÐI HELGASON

Skortur á erlendri fjárfestingu hérlendis er vandamál.

Bjóðum Bauhaus velkomna

Undanfarin misseri hafa Íslendingar gert víðreist í fjárfestingum sínum. Þar hefur verið sáð í akra sem vonandi gefa drjúga uppskeru í framtíðinni.

Eins og gengur hafa viðbrögðin við íslenskri fjárfestingu á erlendri grund verið misjöfn. Margir hafa fengið að kenna á ósanngjarnri umræðu sem er spröttin af hugsun hinna heimaríku.

En hvernig erum við sjálf? Jú, í orði tölum við um að erlendir fjárfestar séu velkomnir. Við vitum að í hagrænu tilliti höfum við þörf fyrir erlenda fjárfestingu hér á landi. Sú fjárfesting er hins vegar fyrst og fremst í stóriðju, þar sem við bjóðum aðgengi að ódýrri orku.

Við setjum upp hinar ýmsu hindranir á öðrum sviðum. Þannig mega erlendir fjárfestar ekki taka áhættu með okkur í sjávarútvegi. Það er fagnaðarefni að erlend verslanakeðja sýni því áhuga að opna verslun hér á landi. Þýska keðjan Bauhaus hefur um skeið leitað innkomu á innlendan byggingavörumarkað. Íslenski markaðurinn er smár og af þeim sökum njóta fyrirtæki sem þegar eru á markaði forskots, þar sem stórir erlendir aðilar leggja vart í þann kostnað sem fylgir því að kynna sér nýjan markað, þegar vonir um afrakstur eru jafn litlar og raunin er á eyju sem telur 300 þúsund íbúa.

*Full ástæða er því, þegar slíkt gerist, að sýna stíma-
mýkt og kurteisi og reyna af einlægni að greiða leið-
ina fyrir aukinni samkeppni.*

Ólíklegt er að forsvarsmenn Bauhaus hafi fengið það sterklega á tilfinninguna að þeim væri tekið opnum örmum. Fyrirtæki og forsvarsmenn þeirra verja sína hagsmuni. Það er hluti af því sem felst í því að reka fyrirtæki. Við því er ekkert að segja. Forsvarsmenn fyrirtækja sem ekki verðu hagsmuni sína til hins ýtrasta væru einfaldlega ekki að vinna vinnuna sína. Stjórnmalamenn eru hins vegar gæslumenn hagsmuna almennings. Þeirra hlutverk er að meta hagsmuni almennings og taka ákvarðanir á þeim grunni.

Það er einfalt að átta sig á því að hagsmunir almennings liggja í því að samkeppni sé næg á innanlandsmarkaði. Innkoma Bauhaus er liður í slíku og því full rök fyrir því að meta þunga slíkra hagsmuna með þeim hætti að sveigt sé frá minniháttar skipulagshagsmunum.

Bauhaus er ekki fyrsta fyrirtækið sem leitar hófanna um innkomu á innlendan smásölumarkað. Olúfúlagið Irving reyndi slíkt hið sama fyrir einum áratug. Það urðu misjafnar undirtektir við þeim umleitunum og niðurstaðan var að olúfúlagið kom ekki.

Opíð hagkerfi og þátttaka í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi hefur orðið til mikilla hagsbóta fyrir þjóðina. Sá vegur á að liggja í báðar áttir. Slíkt mun færa okkur hagsbætur á öllum tímum. Sérhagsmunahyggja stundarinnar á ekki að verða til þess að fótur sé settur fyrir slíka þróun.



Finnur þú næstu milljón?

**HAPPA
PRENNAN**

Sá á fund sem finnur!

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ruglið í ráðamönnum

Hjörleifur Guttormsson skrifar í Morgunblaðið nýlega að málflytingur íslenskra ráðamanna, með forsætisráðherrann í fararbroddi, um loftslagsmál sé með miklum endemum. Hann segir að þar sé hægt að merkja mikið fálæti um þetta stærsta vandamál mannkynsins. Hann fullyrðir jafnframt að þeir afbaki staðreyndir og fari með rangfærslur. Hann segir það ósýðlegt og í andstöðu við



grundvöll loftslagssamningsins að Halldór Ásgrímsson hafi boðað að krafist yrði sérmeðhöndlunar fyrir Íslands hönd. Hann segir jafnframt að „íslenska ríkisstjórnin situr föst og hreyfihömluð í stóriðjustefnu sinni“.

Vaknaðu Þyrnirós

Úrsúla Junemann beinir orðum sínum til menntamálaráðherra og minnir hana á að menntun á Íslandi komi henni við. Úrsúla segir að hún taki ekki á þeim málum sem henni finnst óþægileg og hún nefnir nokkur dæmi eins og deilur í Menntaskólanum á Ísafirði. Tónlistarnám er Úrsúlu sérstaklega hugleikið og segir hún að tónlistarnemum sé stórlega mismunað eftir búsetu. „Þetta ástand er óviðunandi því landslög kveða á um að allir skulu njóta sömu tækifæra til náms. Þetta mál kemur þér, Þorgerður Katrín sem menntamálaráðherra meira en lítið við. Stígðu nú fram á sviðið – líka í erfiðu málunum. Vertu þar jafn glæsileg og þegar þú ert að sýna þig brosandí, opnandi einhverjar sýningar eða klippa á borða.“

svavar@frettabladid.is

Skrípamyndamálið í Danmörku – önnur tilraun

Fyrir nokkrum vikum, þegar skripamyndamál Jótlandspóstsins var að komast í hámmæli, skrifaði ég grein hér í blaðið þar sem meginhugsunin var sú það væri kannski ekki nógu sniðugt að hafa gengið svona fram af múslimum „bara af því maður má það“. Ég benti á að skripamyndirnar kæmu inn í visst sambandi þar sem hefðu verið myndir úr Abu Grahb fangelsinu og fregnir af misþyrmingum í Guantanamo á fólki sem enginn vissi um hvað væri sakað. Mér fannst sú ábending að við stunduðum sjálfsritskoðun þegar kæmi að trúargrillum múslima fremur léttvæg enda stunduðum við sjálfritskoðun alla daga til þess einfaldlega að geta talist húsum hæf – ég vildi meina að tillitsemi væri dyggð. Ég sagði eitthvað á þá leið það hlyti að vera dálítill munur á bókum þeirra Salmans Rushdie og Taslimu Nasreen þar sem þau báru af miklu hugrekki mikilvægt vitni eigin samfélögum og svo aftur tilraunum Jótlandspóstsins til að ögra að því er mér virtist þá valdalitlu jaðarsamfélagi í Danmörku með staðal-skrípamyndum.

Síðan þá hefur mikið verið öskrað. Margir fánar hafa brunnið, margar heitingar verið hafðar í frammi og það verður að segjast eins og er að eftir því sem dagarnir hafa liðið við æsingar út af þessum myndum hefur manni reynt erfiðara að umbera alla þessa óskaplegu móðgun út í Dani. Vissulega var rétt að hafa þetta allt í huga sem ég nefndi hér að ofan, þegar maður reynir að átta sig í þessu gjörningaveðri öllu – og líka hitt að við hér í Evrópu lifum í vellystingum á meðan mannkynið lifur skort – en þegar ég lít nú um öxl finnst mér engu að síður að mér hafi í fyrri grein

Í DAG TJÁNINGARFRELSIÐ

GUBMUNDUR ANDRI
THORSSON

...þegar ég lít nú um öxl finnst mér engu að síður að mér hafi í fyrri grein minni yfirsést aðalatriði málsins...



minni yfirsést aðalatriði málsins, eða kannski ekki áréttað það nóg-samlega í vonlitilli löngun til að vera ekki dreginn í umræðudilk. Kannski fannst mér það gefið.

En það er aldrei gefið.

Maður þarf ekki að hugsa sig óskaplega lengi um til að komast að niðurstöðu um það hver kjarni málsins hlýtur að vera eins og málið snýr við okkur. Þegar maður ýtir til hliðar samlíðan með fólki sem hefur minnimáttarkennð út af oft óljóstri og stundum alltof ljóstri andúð í sinn garð; þegar maður ýtir til hliðar sárinum múslima yfir því hvernig setið er yfir þeirra hlut víða um lönd; þegar maður ýtir til hliðar hneykslun yfir því sem manni virðist óþarfar tilraunir til að ala á úlfúð og hatri í stað þess að leitast við að draga úr mikilvægi trúarinnar í samfélaginu; og þegar maður ýtir til hliðar þeirri vissu að fjölmenn- ing er ekki bara kjánaleg hipparþvæla heldur staðreynd sem við verðum að gjöra svo vel að búa við og reyna eftir megni að gera gott úr með því að nýta hæfileikann til

að láta okkur lynda við ólíkt fólk – þegar maður ýtir með öðrum orðum til hliðar öllum þessum þjóðfélagsmálum og réttlætismálum þá snýst kjarni þessa máls ósköp einfaldlega um tjáningar- frelsið, sem er hornsteinn vest- rænna þjóðfélaga.

Tjáningarfrelsið er aldrei gefið. Í þessari deilu er maður um síðir neyddur til að taka afstöðu og þá tekur maður afstöðu gegn þeim sem vilja skerða tjáningar- frelsið út af eigin móðgunarstuðli.

Svo ringlaður var maður orð- inn í því undarlega andrúmslofti sem ríkt hefur í heiminum allt frá innrásinni í Írak að maður hafði allt í einu skilning á froðufellandi bræði nokkurra trúffla yfir því að einhverjir aðrir vöguðu sér að gera gys að trú þeirra með nokkrum einföldum skripamynd- um.

Það er einmitt innfalið í þess- um hornsteini vestrænna þjóðfé- laga að hver og einn hefur fullan rétt til þess að gera gys að trú annarra. Ég veit ekki nema mér hafi í fyrri grein minni orðið það á að rugla saman hagsmunum hins venjulega múslíma sem vill geta stundað sína vinnu í friði við aðra og brauðfætt sína fjölskyldu og svo múllanna, ímananna eða hvað þeir heita nú allir þessir kufla- karlar í flóknu regluverki íslams í Evrópu sem með miðaldabábilj- um sínum og hatursfullum mál- flutningi eru langtum skæðari ógn við okkar lýðræði og frjáls- ræði en skripamyndateikningar Jótlandspóstsins.

Í þessu máli öllu sannast enn hið fornkveðna að hlátrinum verða erkiklerkarnir sárreiðastir því að ekkert er betur til þess fallið að grafa undan veikluðu valdi en skopið.

MARKAÐURINN

Mest lesna viðskiptablaðið

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Samkvæmt fjölmíðlakönnun Gallup október 2005.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Eglisson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

1.3 MegaPixla

Stafræn myndavél innbyggð í skjá



VL15
 Vaxtalaust í 15 mánuðum
9.993

HEITASTA FERÐAVÉLIN!
 Seinasta sending seldist upp á aðeins nokkrum klukkustundum

LENDIR AFTUR Í DAG

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabreytingu



U
C
O

Örgjörvi	1.66GHz Intel Core Duo T2300 Með 667MHz FSB og 2MB flytíminni
Minni	1GB Dual DDR2 533MHz Einfalt að stækka minnið í 4GB
Harðdiskur	80GB 5400RPM SATA 5400RPM SATA harðdiskur
Skrifari	8xDVD±RW Slot DL skrifari Skrifar DVD diska og CD-RW
Skjár	15,4" WXGA WideScreen skjár Breiðtjaldsskjár með CrystalBrite
Skjákort	128MB ATI Radeon X1400 Sjálfst.minni, PCI-E 16X, TV-út
Hátalarar	Hljóðkerfi með 2 hátölurum Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi
Netkort	Gigabit 10/100/1000 Einnig innbyggjt 56k móttald
Práðlaust	54Mbps þráðlaust netkort Innbyggjt 802.11g með loftneti í skjá
Stýrikerfi	Windows XP Home - SP2 A íslensku eða ensku
Annað	Vefmyndavél og kortalesari Hvoru tveggja innbyggjt í tölvu

ACER 5672WLMi 1.66GHz DUO T2300 FERÐAVÉL

<p>INTEL CORE DUO Intel Core Duo er með tvo örgjörva fyrir enn meiri afköst og vinnslu í mörgum forritum í einu án vandræða</p> 	<p>15,4" CRYSTALBRITE Nýjasti 15,4" WXGA CrystalBrite skjáinn, 16ms viðbragðstími með ótrúlegri dýpt og skerpu</p> 
<p>8xDVD± SKRIFARI Super Multi 8xDVD DL geisla-skrifari með Slot Load rauf sem þú stingur diskum beint í</p> 	<p>128MB ATI X1400 Nýjasta PCI-E 16X ATI skjákortíð með sjálfstætt 128MB minni og möguleika á 512MB HyperMemory</p> 
<p>TENGINGAR Hlaðin öllum helstu tengjum FireWire, 4xUSB2, VGA, DVI, TV-út, PCMCIA, kortalesara ofl.</p> 	<p>VEFMYNDAVÉL 1.3 Megapixel Acer Orbicam vefmyndavél innbyggð í skjáinn með 225° snúningsmöguleika</p> 

VERÐ 149.900

MasterCard
VISA
 Vaxtalaust tilboð er miðað við 15 mánaða jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 3,5% stimpil og lántökugjald bætist við heildarupphæðina sem verður þá samtals kr. 155.169 og dreifist jafnt yfir samningstímann.

TÖLVULISTINN
 SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

REYKJAVÍK
 Nóatúni 17
 Sími 562 6730

AKUREYRI
 Glerárgötu 36
 Sími 464 7400

KEFLAVÍK
 Hafnargötu 90
 Sími 534 7400

Verndum Elliðaárdalinn

UMRÆÐAN
ELLIÐAÁRDALUR-
INN



ÁGÚST THORSTENSEN

Elliðaárdalurinn er ekki bara fyrir okkar Reykvíkinga heldur er hann í raun útivistarperla fyrir allt höfuðborgarsvæðið.

Elliðaárdalurinn er í hugum okkar borgarbúa perla Reykjavíkur, hreint djásn og ómetanleg útivistarparadís sem okkur Reykvíkingum ber skylda til að vernda og gera ennþá fallegri fyrir komandi kynslóðir. En til að svo geti orðið, verða stjórnmalámennt og borgarþátttakendur ávallt að vera á verði og tilbúnir að vernda þessa útivistarparadís sem Elliðaárdalurinn er og hindra öll áform er beinast gegn Dalnum okkar. Þá má enginn skorast undan.

Margir höfuðborgarþátttakendur njóta þess að ganga um Elliðaárdalinn, hjóla, skokka og anda að sér heilnæmu lofti í kyrrð í óspilltri náttúru sem Elliðaárdalurinn veitir. Við hjónin höfum búið í Breiðholtiinu við rætur Elliðaárdalsins í langan tíma og hefur Dalurinn ávallt skipað afar stóran sess í okkar lífi. Við göngum niður í Elliðaárdalinn oft í viku, allt árið um kring og komum ávallt endurnærð til baka. Skemmtilegt mannlíf er líka í Dalnum, þar er oft margt um um manninn og mikið skrafað um daginn og veginn. Elliðaárdalurinn er ávallt fallegur og hefur hver árstíð sinn sjarma. Veturinn með snjó og kulda, sumarið með fuglasöng, fögrum gróðri og angan í lofti. Er ekki eðlilegt að Elliðaárdalurinn tali sterklega til okkar og hlýjar tilfinningar tengist Dalnum?

Elliðaárdalurinn er vinsælasta útivistarsvæðið í Reykjavík og koma borgarþátttakendur úr öllum hverfum í Dalinn til að njóta útivistar og þeirrar fögru náttúru sem Elliða-

árdalurinn hefur upp á að bjóða. Elliðaárdalurinn er ekki bara fyrir okkar Reykvíkinga heldur er hann í raun útivistarperla fyrir allt höfuðborgarsvæðið.

Nú bregður svo við að Dagur B. Eggertsson formaður skipulagsráðs fylgir úr hlaði tillögu um breytingu á skipulagi í Elliðaárdalnum fyrir neðan Stekkjarbakkann. Hann virðist berjast fyrir því að stór hluti af útivistarsvæðinu í Elliðaárdalnum er snýr að Breiðholtiinu, verði breytt í hverfi fyrir atvinnustarfsemi. Engin kynning átti sér stað um tillöguna og er eins og hún eigi að sigla í gegnum kerfið í skjóli myrkurs og síðan þegar við íbúar hrykkjum við kæmi svar frá borgaryfirvöldum að nú væri of seint að snúa við.

Slíkt gerðist við færslu Hringbrautarinnar. Þar brást árvegni íbúa Reykjavíkur og mesta skipulagsslys í sögu borgarinnar varð að veruleika. Ég skora á Dag B. Eggertsson að draga þessa metnaðarlausu og lítt ígrunduðu tillögu strax til baka, því hún skaðar Elliðaárdalinn og er bein atлага að íbúum. Elliðaárdalurinn fyrir neðan Stekkjarbakkann er eitt fallegasta svæði borgarinnar, þar ríkir mikil veðursæld og stórfenglegt útsýni yfir Elliðaárdalinn og yfir til Esjunnar spillir ekki. Í samvinnu við íbúa væri örugglega hægt að móta góðar tillögur um nýtingu á þessu svæði og ná sátt um málið. Gott skipulag krefst mikils undirbúnings.

Skipulagsmál eru flókin og mikilvægt að vel takist til. Því er nauðsynlegt að töluverður tími og mikil umræða eigi sér stað áður en ákvarðanir eru teknar. Taka þarf tillit til margra sjónarmiða og ná almennri sátt, en til að svo geti orðið þarf virkt íbúalýðræði að vera til staðar. Vandamálið er að Dagur virðist ekki hafa áhuga á því að kynna málið fyrir íbúum, sem væri stefna í anda góðra stjórnsýsluhátta og um leið fylgja eigin stefnu um virkt íbúalýðræði.

Dagur B. Eggertsson, ekki meir ekki meir.

Höfundur er íbúi í Stekkjarhverfi.

Trölly stelar málfrelsinu

Kæri Sigurjón

Þeim helmingi greinar þinnar sem fjallar ekki um persónu mína er ég sammála, staf fyrir staf.

Nafn þitt kom upp í grein sem ég skrifaði á dögunum, því mér sýndust þú og Egill Helgason vera helstu þungavigtarmennirnir á Íslandi til að taka „skopmynda-deiluna“ upp á arma ykkar, og áköfustu málsvarar málfrelsisins í þeirri deilu. Áður en lengra er haldið vil ég fullyrða að þar eigið þið ykkur enga andstæðinga. Í það minnsta er ég engum manni málkunnugur sem dregur í efa mikilvægi og helgi málfrelsisins. Málfrelsið er ekki til umræðu, málfrelsið er sine qua non Vesturlanda – við ræðum innan ramma þess og göngum að því sem vísu. Að fjalla um og gagnrýna orð, myndir, setningar og samhengi, er ekki að vilja banna þau. Og felur ekki heldur í sér tiltakanlega samúð með harðstjórum, morðingjum eða ofstopamönnum.

Til grundvallar grein minni lá atлага að því að sjá í hvaða samhengi ákveðin orð koma fram. Og afsakaðu ef ég hljóp of hratt yfir sögu.

Ég hélt því fram, og held til streitu, að þeir sem í samhengi hitamálsins um „skopmyndirnar“ í Jyllandsposten, leggja sig einöngu eftir því að krefjast málfrelsis og saka reiða múslima um að vilja ritskoða vestræna fjölmiðla, hafi sumpart fallið í gildru, að þeir séu þátttakendur í vél sem þeir ráði ekki sjálfir yfir. Væntanlega er það þetta sem þér sárnaði, því ég taldi þig til þessa hóps. Gildran, ef mér sýnist rétt, er að taka þátt í að espa til óvilðar á milli Vesturlanda og Arabaheimsins.

Og þess vegna kom kvikmyndarfræði við sögu, eða greining myndmáls, öllu heldur: Hugmyndafræði starfar á grundvelli myndmáls frekar en rökræns línulegs samhengis orða. Og á æsingatímum er hætt við að orðin sjálf verði líka undirseld myndmálinu. Það er: aðalvirkni þeirra felst í því hvar þau raðast inn í einhvers konar collage-mynd af heiminum, samtímanum og sögunni, mynd sem

UMRÆÐAN
TJÁNINGARFRELSI



HAUKUR MÁR HELGASON HEIMSPEKINGUR SVARAR SJÓN

Þetta er ógurlega erfitt ástand. Ég lít á mig sem kristinn mann, en mér er ómögulegt að hafa hátt um það eftir að trölly stal jólunum. Og trölly er í óða önn að stela málfrelsinu líka, ásamt lýðræðinu og frjálslyndinu.

ætlar sér að verða heildstæð.

Það er: Ef til vill meinar þú ekkert nema „Tjáningarfrelsið blívur“ þegar þú segir „Tjáningarfrelsið blívur“. En tímarnir raða orðum þínum í annað samhengi og skýrt, þar sem þú getur átt á hættu að „Tjáningarfrelsið blívur“ sé umsetið af „Arabur hata tjáningarfrelsið“, „Við á móti þeim“ – og að „Keyrum upp vélnar!“ sé jafnvel rétt handan við hornið.

Og í dag má óttast að það sé einarður ásetningur einhverra valdamestu manna, stofnana og fyrirtækja heims að stofna til, magna og viðhalda þessu samhengi orðanna. Og það er varla hægt að halda að sá ótti sé ofsóknaræði eitt eða „opinberunaryggja“, nema hunsu fjölmiðla af einurð og festu. Sem er kannski ekki slæm hugmynd. Ég tiltók einhverjar stikkprufur úr merkingarsarpinum í greininni, en sú sem sennilega varðar mestu er væntanlega sú sem verður tilefni uppnefnisins „opinberunarsinnar á Netinu“ – heimasíða helstu ráðherra Bandaríkjaþjórnar og kunningja þeirra, þar sem þeir útlísta áform sín. Þetta er ekki heimasíða samsæriskenningasmíða, heldur samsærismiða.

Skýrsla Varnarmálaráðuneytisins frá síðasta mánuði, þar sem

stefnu ráðherranna er framfylgt undir yfirskriftinni „stríðið langa“, er jafn raunveruleg.

Þetta er ógurlega erfitt ástand. Ég lít á mig sem kristinn mann, en mér er ómögulegt að hafa hátt um það eftir að trölly stal jólunum. Og trölly er í óða önn að stela málfrelsinu líka, ásamt lýðræðinu og frjálslyndinu. Og allt verður þetta jafn öfugsnúið, hvort sem það eru kristnir sem segja: „Við erum full af náungakærleik, þið ekki!“, lýðræðissinnaðir „Við trúum á þáttökurétt allra í ákvörðunum sem varða alla – þið ekki!“ eða frjálslyndir „Við trúum á frelsið, þið ekki!“ áður en þeir hleypa út herjunum – allt er þetta perversin skrumskæling á hugmyndum sem upphaflega er stefnt gegn valdniðslu og ofstjórn, til réttlætningar henni.

Ég held að þessir tímar leyfi okkur ekki slagorðakenndar ofureinfaldanir – ég held að þær þjóni einkum uppgangi hernaðarhyggju og hugmyndafræðinnar sem er nú látin styðja hana. Ég þykist ekki kunna að stöðva þróunina – ekki frekar en leiðarahöfundur Guardian sem féllust hendur þegar skýrslan um stríðið langa birtist á dögunum, hann sagði: „Eins og hnattvæðing og veðrið eru yfirráð Bandaríkjanna bara hluti af tilverunni, hvort sem okkur líkar betur eða verr [...] en í kaldranalegri sýn Hr. Rumsfelds á framtíðina er svarið gefið, við spurningunni hvort hægt sé að vinna í jafnvel hinu langdregna stríði gegn hryðjuverkum“ (15. feb). Leiðarahöfundurinn vonaði að hann gæti látið sig dreyma um aðra daga.

Hvað afganginn af grein þinni varðar, þann helminginn sem fjallaði um mig sem persónu eða stílbrögð skrifa minna, gef ég þér flatan lófa og hrópa „Spegill! Spegill!“: Ég kannast ekki við að vera sérstaklega síðavandur og þú mátt sjálfur dansa til Pakistan – kíktu við í Kabúl á leiðinni, þar sem frelsið fer um í fullum herklæðum, og svo framvegis, fullt af hnyttni og stílbrögðum, bestu kveðjur,

Haukur Már Helgason.

Lóðafarsinn í Úlfarsfelli

PORVALDUR PORVALDSSON
TRÉSMÍÐUR SKRIFAR UM ÚTBOD LÓÐA

Það hefur vakið athygli að Árni Þór Sigurðsson þvær hendur sínar af þessum þætti farsans. Það verður að teljast heldur ódýrt rétt fyrir kosningar

Nú er nýlokið enn einum þætti í margendurteknum farsa kringum lóðaúthlutanir í Reykjavík. Réttlætningin og skýringarnar verða æ fjarstæðukenndari og skaðinn verður meiri með hverju ári.

Á 15 ára tímabili þegar Grafarvogurinn var í uppbyggingu voru yfirleitt til lóðir á lager og þær voru seldar á kostnaðarverði. Enginn spurði hvort maður ætlaði að byggja til að selja eða búa þar sjálfur. Og hvorugt var talið glæpur. Svo þegar orðið „lóðabrask“ var um það bil að hverfa úr tungumálinu þá allt í einu fundu snillingar Reykjavíkurlistans það út að byggingarlóðir hlutu að vera takmörkuð gæði og nú talar Fréttablaðið eins og svo hljóti að

vera og stærir sig af því að vera tryggara markaðshyggjunnin en Sjálfstæðisflokkurinn. Verðug einkunn fyrir málgagn Samfylkingarinnar.

Þar er því líka haldið fram að hækkun á lóðarverði hafi ekki áhrif á íbúðaverð. Fyrir 7 árum voru lóðir undir einbýlishús seldar á 2,4 milljónir. Nú kosta þær um 20 milljónir. Nokkuð umfram almennar verðhækkningar. Koma þessar 15 milljónir eins og kanína upp úr hatti. Að halda því fram að þær hafi ekki áhrif á hækkun íbúðaverðs og aukna skuldsetningu alls ungs fólks héðan í frá, er augljós fjarstæða. Lækkun vaxta og hækkun lánshlutfall eru auðvitað nokkrir áhrifavaldar um hækkad íbúðaverði. En lóðaverðið er lykilatriði þar sem verðsamkeppni er milli eldri íbúða og nýbygginga og þannig væri hægt að að viðhalda stöðugleika á þessum markaði með því að tryggja að framboð sé á undan eftirspurn eftir byggingalóðum eða dragist af minnsta kosti aldrei langt aftur úr.

Nú er því haldið fram í fyrr nefndu málgagni að uppboð lóða sé sanngjarnasta leiðin til að verðleggja lóðir. Rétt verð sé það hæsta sem einhver er tilbúinn til

að borga. Þar er horft framhjá því að þetta er nánast lokaður markaður og jaðrar við fjárhúgung. Það er hér um bil eins hægt að segja að þegar maður er rænt sé sanngjarnt lausnargjald það sem ættingjar eru tilbúnir til að greiða.

Það sem eftir stendur er að búið er að koma á eingreiðsluskatti með sprengingu á íbúðarverði sem tekur kannski meðalfjölskyldu 10 ár af starfsævinni að vinna fyrir með vöxtum. Og varla er hægt að komast til baka án þess að þúsundir fari á hausinn ef íbúðir þeirra lækka í verði. Hliðarverkun er svo að smærri verktafar eru útilokaðir af nýbyggingamarkaði.

Það hefur vakið athygli að Árni Þór Sigurðsson þvær hendur sínar af þessum þætti farsans. Það verður að teljast heldur ódýrt rétt fyrir kosningar eftir að hafa átt drjúgan þátt í að koma hlutunum í þennan farveg á rúmum áratug. Það er lítið gagn í foringjum sem setja upp leiktjöld fyrir kosningar en verða samdauna valdinu þegar þeim er boðið sæti.

En að útskrift lokinni tekur líf utan skólans við af fullum krafti. „Góð spurning,“ segir Valdís og hlær dátt þegar blaðamaður spyr hana hvað taki nú við. „Ég er bara að biða eftir að fá vinnu,“ bætir hún svo við og hlær enn meira. En að öllu gamni slepptu segir Valdís að vinnumálin séu í skoðun og ýmis verkefni komi til greina. „Námið er náttúrulega það sérhæft að maður fer ekki hvert sem er ef maður hefur áhuga á að vinna við akkúrat þetta,“ segir Valdís og bætir við: „Það verður bara að koma í ljós að sinni.“

Ný guðfræði?

Guðfræðistofnun heldur málstofu í dag um stöðu guðfræðinnar. Dr. Sigurjón Árni Eyjólfsson flytur þá erindi sem hann nefnir „Er þörf á nýrri guðfræði?“ en Sigurjón er héraðsprestur og stundakennari við Guðfræðideild. Málstofan hefst klukkan korter yfir tólf og stendur í klukkutíma.

Í erindi sínu mun Sigurjón draga fram þrjá áhersluþætti sem hafa mótað framsetningu á trúfræði, en það er söguleg nálgun, kirkjuleg nálgun og tilvistarleg nálgun. Hann mun einnig velta fyrir sér hlutverk stofnana samfélagsins sem bera



ábyrgð á guðfræðilegri iðkun og umræðu: Kirkju og akademíu.

Málstofan er ókeypis og er haldin í stofu V í aðalbyggingu H.Í.



Nærð þú athygli
alls hópsins?

F110n/S1A F10.19452

* Skv. Fjölmisjálakönnun Gallup Janúar 2006.



Auglýsing í Fréttablaðinu virkar einfaldlega betur

Fréttablaðið kemur skilaboðum þínum og fyrirtækis þíns til fleiri lesenda en nokkuð annað dagblað. Samkvæmt nýjustu könnun Gallup* lesa **43% fleiri Íslendingar undir 50 ára Fréttablaðið** en Morgunblaðið. Það gefur augaleið að auglýsingu þinni er best borgið í því dagblaði sem flestir lesa.

FRÉTTABLAÐIÐ

- Mest lesið

STUÐ MILLI STRÍÐA: Hvernig verður dagurinn í dag?

FREYR GÍGJA GUNNARSSON ER HEFÐBUNDINN MAÐUR



Mannfólkið er jafn misjafnt og það er margt en þó er hægt að flokka það eftir trúarbrögðum, þjóðerni og lit-arhætti. Allir eiga sínar þrjár, væntingar, drauma og lífsýn en eitt eignum við sameiginlegt og það er hversdagleikinn.

Mörgum hryllir við þetta orð, hversdagsleiki, og þykir hann vera vitnisburður um eitthvað sem er gerilsneytt spennu og einhverju óvæntu. Sumir þurfa alltaf á einhverri tilbreytingu að halda og geta ekki hugsað sér að festast í grámyglulegum venjum hvers-

dagsleikans. Um leið og það gerist eru þeir flognir á braut, á vit ævintýranna enda grasið alltaf grænna hinumegin við lækinn í þeirra huga.

Aðrir kjósa hefðir og venjur. Dagurinn á að vera í föstum skorðum og engu má hnika svo að geðheilsunni sé ekki ógnað. Ég tilheyri þeim hópi og samkvæmt áreiðanlegum heimildum er þetta víst genatískt. Ég get því ekki spornað við þessu heldur verð að horfast í auga við sannleikann: Ég er hefðbundinn maður sem þrífst á munstri.

Mér leið alltaf vel heima hjá ömmu minni og afa því þar voru hlutirnir svo þraulskipulagðir að hægt var að stilla klukku eftir

matsmálstímunum. Kaffi, hádegis- og kvöldmatur hófust allir á nákvæmlega sama tímanum og matseðilinn alltaf eins. Lærið var því alltaf rúsínan í pylsuendanum en ekki einhver leiðinlegur og hefðbundinn vani. Ævintýraþrá mín hefur heldur aldrei verið sterk og það þarf nánast kraftaverk til að ég vilji hrísta upp í tilveru minni með einhverjum hætti. Mér líður illa ef skipulag dagsins fer úr skorðum og hugsu á kóssum en ekki opnum mengjum, svo notuð séu hugtök stærðfræðinnar. Þegar einhverjum kann að þykja það tilbreytingarlítið og óspennandi að hafa alltaf læri á sunnudögum finnst mér notalegt að geta alltaf gengið að því sem vísu.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Overli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Pú og pa

Eftir SÖB



Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



MANVELONA

TIL MANCHESTER – HEIM FRÁ BARCELONA

ISLENSKA AUGLEINGASTOFANNA IS ICE 3131643 072006

NÝTT – OPIN FERÐ

Nú er hægt að bóka NETSMELL til eins áfangastaðar og heim frá öðrum. Þetta gildir um alla áfangastaði Ícelandair í Evrópu og Bandaríkjunum.

OPNA FERÐ verður að bóka á milli áfangastaða í sömu heimsálfu.

ALLT AÐ 140 FLUG
Á VIKU TIL 22
ÁFANGASTAÐA.

ICELANDAIR
www.icelandair.is



RISA ÚTSALA!

100.000 KRÓNA ÚTTEKT Í SMÁRALIND
FYLGIR HVERJUM TILBOÐSBÍL!



**SJÓNVARP? ÖRBYLGJUOFN? FISKABÚR?
UPPÞVOTTAVÉL? MAT? HVAÐ ÆTLAR ÞÚ
AÐ GERA VIÐ ÞINN 100 ÞÚSUND KALL?**

100% FJÁRMÖGNUN!
ALLT AÐ 600.000 KR. LÆKKUN!
MIKIÐ ÚRVAL TILBOÐSBÍLA

NOKKUR DÆMI UM NOTAÐA TILBOÐSBÍLA:

OPEL ASTRA 1.6GL	OPEL ZAFIRA COMFORT	SUZUKI BALENO
Árgerð 2000 - Ekinn 103. þús. Beinskiptur - 750.000 kr.	Árgerð 2000 - Ekinn 150. þús. Beinskiptur - 1.090.000 kr.	Módel 2000 - Ekinn 94. þús. Beinskiptur - 840.000 kr.
Tilboð: 520.000,-	Tilboð: 870.000,-	Tilboð: 570.000,-

Rafrænt inneignarkort



Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

OPIÐ: Virka daga kl. 9:00 -18:00, laugardag kl. 10:00 -16:00 og sunnudag kl.12:00 -16:00



HAFIÐ BLÁA Í AUSTURBÆ

Sun 12.03 kl: 13.30
Sun 19.03 kl: 13.30

Miðapantanir í Austurbæ
og á midi.is.
Miðasala Austurbæjar
er opin milli
13 - 17 alla daga
sími : 551 4700



BORGARLEIKHÚSIÐ

FÖRUM TIL FJALLA

Í VINNUFERÐ OG STEFNUMÓTUN
BORGARLEIKHÚSIÐ LOKAÐ
ÞRIÐJUDAGINN 7. MARS
hægt er að kaupa miða á leiksýningar á
vefsíðunni www.borgarleikhus.is
sem er alltaf opin

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is



Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
TÚSKILDINGSÓPERAN
Aukásýningar í mars: Sun. 12/3 örfá sæti laus, sun. 19/3 nokkur sæti laus, sun. 26/3 nokkur sæti laus. **Allra síðustu sýningar.**

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Aukásýning sun. 12/3 kl. 13:00 örfá sæti laus. **Allra síðasta sýning.**

VIRKJUNIN
3. sýn. fim. 9/3 örfá sæti laus, 4. sýn. fös. 10/3 örfá sæti laus, 5. sýn. lau. 11/3 örfá sæti laus, 6. sýn. fim. 16/3 nokkur sæti laus, 7. sýn. fös. 17/3 nokkur sæti laus, 8. sýn. lau. 18/3, 9. sýn. fös. 24/3, 10. sýn. lau. 25/3. **Aðeins þessar 10 sýningar.**

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
ELDHÚS EFTIR MÁLI
Þri. 7/3 **uppselt**, mið. 8/3 **uppselt**, lau. 11/3 kl. 17:00 **uppselt**, sun. 12/3 **uppselt**, mið. 15/3 **uppselt**, lau. 18/3 kl. 17:00 **uppselt**, sun. 19/3 kl. 17:00 **uppselt** og kl. 20:00 **uppselt**, mið. 22/3 **uppselt**, fim. 23/3 örfá sæti laus, lau. 25/3 kl. 17:00 **uppselt**.

SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ SVÖVU
Fyrirlestur - Kvöldverður - Leiksýning - Umræður
Sun. 12/3 kl. 18:00 **uppselt**.

KASSINN KL. 20:00
PÉTUR GAUTUR
Fim 9/3 **uppselt**, fös. 10/3 **uppselt**, lau. 11/3 örfá sæti laus, fim. 16/3, fös. 17/3, lau. 18/3. **Ath. nýtt sýningafyrirkomulag. Sýnt í mars og apríl.**

LEIKHÚSKJALLARINN
Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!
Leikhúsvésla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MÍÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MÍÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

Listrænn sigur

LEIKLIST

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Pétur Gautur

Höfundur: Henrik Ibsen/Þýðing: Karl Ágúst Úlfsson.

Leikarar: Björn Hlynur Haraldsson/Brynhildur Guðjónsdóttir/Edda Arnjóltsdóttir/Guðrún S. Gísladóttir/Ingvar E. Sigurðsson/Ólafía Hrönn Jónsdóttir/Ólafur Egill Egilsson/Ólafur Darri Ólafsson.

Hljóðmynd: Sigurður Bjóla og Ester Ásgeirsdóttir/Lýsing: Páll Ragnarsson/Búningar: Helga I. Stefánsdóttir/Leikmynd: Grétar Reynisson/Leikstjórn og leikgerð: Baltasar Kormákur.

Niðurstaða: Útkoman er enn einn listrænn sigurinn á ferli þess einstaka listamanns sem Baltasar er.

Græðgi, lygar, sjálfselska, tillitsleysi, skortur á umhyggju og samúð er það sem Pétur Gautur hefur í farteski sínu á efsta degi. Hann hefur verið tröllum gefinn, fengið allt, sólundað öllu, hvort heldur eru efnaleg gæði, vinátta eða kærleikur. Hann lítur yfir líf sitt – og það er ekki fögur sjón.

Baltasar Kormákur fer all nýstárlega leið í að segja sögu þessa manns sem býr í okkur öllum. Hann færir söguna nær okkur í tíma og í stað þess að láta Pétur Gaut þylja og bylja sín ein-töl, ráfandi um fjöll og firnindi, hefur hann stöðugt áheyrndur og viðmælendur. Í stað þess að láta Pétur vaða um í myrkri og skuggum, er hann staddur í hvítu rými og birtu sem lýsir upp lesti hans svo hann fær hvernig leynst fyrir sjálfum sér. Útkoman er enn einn listrænn sigurinn á ferli þess einstaka listamanns sem Baltasar er.

Pétur Gautur hefur hingað til ekki þótt neitt sérstakt léttmeti en nú ber nýrra við. Þýðing Karls Ágúst Úlfssonar er laus við skraut, skrum og upphafningu. Pétur verður eins menskur og



INNRI BARÁTTA Ingvar E. Sigurðsson og Björn Hlynur Haraldsson í hlutverkum sínum í Pétri Gaut.

við hin og því auðvelt að samsama sig örlögum hans. Textinn rennur láttlaus og fallegur og hljómar eðlilega í eyrum þótt í bundnu máli sé. Leikstjórnin fer ekki þá leið að leggja áherslu á ljóðalesturs-flutning, heldur er textinn mæltur fram eins og hvert annað talmál og verður enn skiljanlegri fyrir vikið. Það er allt í einu auðvelt að skilja hvers vegna Pétur Gautur er eitt meginverk leikbókmenntanna.

Útlit sýningarinnar þjónar henni í hvívetna. Leikmyndin, svo einföld og láttlaus, er snilldarlega hugsuð. Hvítt leikrymið með tjöldum sem eru dregin frá og fyrir, verða að hvaða heimi sem er með einkar vel úthugaðri lýsingu; líkhúsi, spítala, frystihúsi, heimili, tröllabyggð, blóðvelli... Búningar eru hvítir og svartir og þjóna þeim hlutverkum sem Pétur og samferðamenn hans leika hverju sinni. Fyrir vikið verður sú blóðrauða slóð sem hann skilur eftir sig enn ágangari en ella.

Björn Hlynur Haraldsson fer með hið stórbrotna hlutverk Péturs Gauts og slær hvernig feilpúst í túlkun sinni á þessum manni sem fær endalaus tækifæri í lífinu til að snúa af sinni sjálfseyðandi leið – en heykist alltaf á því. Björn Hlynur kemur mensku Péturs, breyskleikum og angist, svo vel til skila að það er ekki hægt annað en hafa samúð með honum, jafnvel þótt hann sé óttalega fyrirlitlegur.

Brynhildur Guðjónsdóttir leikur Sólveigu, hina saklausu og góðu andstæðu Péturs, konuna sem elskar hann út yfir gróf og dauða þótt hann smáni hana og svíki

aftur og aftur. Þótt erfitt sé að gera sér mat úr algóðum persónum, tekst Brynhildi gríðarlega vel að koma styrk þessarar litlu og að því er virðist brothættu konu til skila. Ingvar E. Sigurðsson fer með hlutverk samvisku og ótta Péturs í gervi krufningalæknis. Það gengur fullkomlega upp að skipta innri baráttu Péturs upp í tvö hlutverk sem takast á og Ingvar er óaðfínnanlegur í sinni túlkun á því góða í Pétri sem stöðugt efast og er sífellt að gefa honum tækifæri til þess að snúa á rétta leið. Ólafía Hrönn fer með hlutverk Ásu, móður Péturs og skilar hinni mæddu konu, sem eyðir lífi sínu í að missa og tapa, af stakri snilld, allt frá því að vera hin stolta móðir sem er blind á lesti sonarins, til þess að horfast í augu við staðreyndir og bugast síðan af sorg. Ólafur Darri og Guðrún S. Gísladóttir eru feðginir í Dorfráfjöllum, sem spila á græðgi Péturs, koma færandi hendi og bregðast ókvæða við þegar hann svikur þau. Leikur þeirra er óaðfínnanlegur og það sama á við um leik Eddu Arnjóltsdóttur og Ólafs Egils Egilssonar sem fara með ýmis hlutverk í sýningunni. Einkun tókst Agli vel upp í hlutverki hins illa í gervi prestsins undir lokin.

Ef Pétur Gautur er ekki besta sýning leikársins, er ég illa svikin. Nýstárleg nálgun, áherslan á mennskuna og listrænn vinnubrögð eins og þau gerast best skila heilandi sýningu sem mann langar til að sjá aftur og aftur. Það er ekki hægt að biðja um meira.

- Súsanna Svavarsdóttir



E ljó og landri

Þri. 07.03 kl. 20:00 laus sæti

MÍÐASALA: WWW.MIDI.IS OG Í AUSTURBÆ 551 4700



HIMNARÍKI

Gæðleikn gamanleikur eftir Anna Ibsen

Fös. 10. mars. kl. 20
Lau. 18. mars. kl. 20

SÝNINGUM LÝKUR Í MARS!

EF
eftir Valgeir Skagfjörð/
Einar Mú Guðmundsson

Mán. 6. mars. kl. 09.00 UPPSELT
Þri. 7. mars. kl. 09.00 UPPSELT
Mið. 8. Mars. kl. 09.00 UPPSELT

VIÐTALIÐ
eftir Lailu Margrétu Arnþórsdóttur

lau. 11. mars kl. 20
sun. 12. mars kl. 20
fös. 17. mars kl. 20
sun. 19. mars kl. 20
fös. 24. mars kl. 20
sun. 26. mars kl. 20

Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is



Le Sing

Syngjandi þjónar
Ein vinsælasta leiksýning landsins.
Alla laugardaga

Alltaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg

BROADWAY
Sími: 533-1100



allt ferðir

Alla miðvikudaga og laugardaga



Nína og Geirli

söngbók
Björgvins Halldórssonar

Leikstjóri: Gunnar Heigason

17. mars. Fjá borð laus
18. mars. Fjá borð laus
25. mars. Fjá borð laus

22. apríl. Aukasýning

Ögredir mular seldir
hálfum mánuði fyrir viðburð.

5331100
Netfang: miðasala@broadway.is

Aðeins þessar sýningar



ÖSKUBUSKA

ÖSKUBUSKA - La Cenerentola eftir ROSSINI
SÍÐUSTU SÝNINGAR

9. sýn. fös. 10. mars kl. 20 - NOKKUR SÆTI LAUS
10. sýn. lau. 11. mars kl. 20 - NOKKUR SÆTI LAUS - LOKASÝNING

KYNNING FYRIR SÝNINGU Í BODI VINAFÉLAGSINS - KL. 19.15

ÁSTARÐUETTAR OG MANSÖNGVAR - HÁDEGISTÓNLEIKAR 7. MARS KL. 12.15
Einar Th. Guðmundsson, barítón, Katharina Th. Guðmundsson, söpran og Kurt Kopecky, pianó.

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

MasterCard-hafar fá 20% afslátt af miðaverði á hádegistónleika

ÍSLENSKA ÓPERAN

Lastabælið Nútími

LEIKLIST

ÞJÓÐLEIKHÚSÍÐ

Virkjunin

Höfundur: Elfriede Jelinek/Aðlögun: María Kristjánsdóttir/Þýðing á Das Werk: Hafliði Arngrímsson.

Leikarar: Arnar Jónsson/Atli Rafn Sigurðarson/Baldur Trausti Hreins-son/Björgvin Franz Gíslason/Gísli Pétur Hinriksson/Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir/María Pálsdóttir/Nanna Kristín Magnúsdóttir/Ólafur Steinn Ingunnarson/Páll S. Pálsson/Rúnar Freyr Gíslason/Sólveig Arnarsdóttir/Pórunn Clausen/Pórunn Lárusdóttir. **Aukaleikarar:** Ármann Guðmundsson/Elís Philip Scobie/Hjalti Stefán Kristjánsson/Ísak Eiríksson. **Lýsing:** Aðalsteinn Stefánsson. **Sviðshreyfingar og dansar:** Auður Bjarnadóttir.

Tónlistarstjórn og pianoleikur: Jóhann G. Jóhannsson. **Búningar:** Filippía I. Elísdóttir. **Leikmynd:** Sigurjón Jóhannsson. **Leikstjóri:** Þórhildur Þorleifsdóttir.

Niðurstaða: Jafnleiðinlegasta verk sem sést hefur á fjöllum íslensks leikhúss í áratugi

Þegar líða tók á sýninguna, velti ég því fyrir mér hvort ég væri dain og komin í eitthvert leikhúshelvíti þar sem ég yrði að dvelja um alla eilífð, hlustandi á leikræn, sundurlaus móðursýkisköst um virkjanaframkvæmdir. Þetta jafnleiðinlegasta verk sem sést hefur á fjöllum íslensks leikhúss í áratugi fjallar um „núttímamanninn“

og sjálf ku höfundurinn hafa sagt að persónudramað eða sálfræðidramað henti ekki til að lýsa nútímamanninum. Þegar verk hennar er skoðað er auamt að hún skuli ekki hafa frétt að það er ekki til neinn nútímamaður. Eðli mannsins er hið sama og það hefur alltaf verið, sömu kostir, sömu lestrir. Elfriede Jelinek beinir sjónum aðeins að löstunum. Vísast hluti af afbyggingu hennar á leikhúsi að tefla ekki fram andstæðum. Öruglega allt mjög gáfulegt – en, hjálpi mér allir heilagir, er ekki til eitthvað skárna sýnishorn til að færa okkur af því sem er að gerast í leikhúsinu úti í hinum stóra heimi? Hefur engum öðrum dottið í hug að skrifa um hinn meinta nútímamann?

Núttímamaðurinn í Virkjuninni eyðileggur náttúruna, misþyrmir verkamönnum, skeytir ekkert um dauða þeirra, kaffærir allt í drasli, heldur partí til að friða lýðinn, konur liggja blóðugar og sárabindavafðar á sjúkrabeði eftir lýtaaðgerðir, klassískar ævintýrapersónur afskræmast sofandi undir eða svífandi yfir damminum og mæðurnar reka upp ramakvein (mjög langt og melódramatískt). Málefnið ætti að hitta okkur Íslendinga beint í hjartastað þessa dagana – en áróðurinn er svo ýktur og yfirdrífinn að manni liggur við uppsöllum.

Og hvernig er svo hægt að svið-

setja ósköpin? Sú leið sem leikstjórinn, Þórhildur Þorleifsdóttir, fer í Þjóðleikhúsinu er örugglega með betri leiðum til þess. Þar er fátíðleikinn dreginn fram í tjáningu og útliti. Á sviðinu ekkert minna en heil virkjun, gígantískt mannvirki, sem mannskapurinn þarf að þola. Hún er uppþrengjandi, hamlandi og þirrandi og því ákaflega táknræn, en um leið skemmtilega hugsuð, býður upp á að leikið sé á mörgum plönum og dýpt leiksviðsins er notuð til að undirstrika óhugnaðinn sem fylgir slíku bákni. Á sama hátt eru búningarnir táknrænir. Kvenþjóðin, sem byrjar í alpakjólum að hætta Heiðu endar í búningum sem flækjast fyrir fótum þeirra og hamlá hreyfipörf og -getu. Karlþjóðin, sem byrjar eins og Geita-Pétur með týrólahatt, endar sem „men-in-black“ með plastbrjóst að hætta Köngulóarmannsins.

Leikhópurinn heldur hinum ýkta leikstíl frá upphafi til enda og gerir það vel, þótt þreytandi sé. Söngatriðin í sýningunni voru sérlega vel af hendi leyst, söngurinn góður og flutningurinn skemmtilega útfærður. Í lokin var ekki annað hægt en að dást að aðstandendum sýningarinnar fyrir að hafa látið sig hafa heilt æfingartímabil af þessari skelfingu og mæta með hana á sviðið með bros á vör.

Súsanna Svavarsdóttir


Hlakkar til að koma

Sænski trúbadorinn José González heldur tónleika á Nasa mánu- dagskvöldið 13. mars. González, sem er af argentískum ættum, spilaði síðast hér á landi á Iceland Airwaves-tónlistarhátíðinni í Þjóðleikhúskjallaranum á síðasta ári við mjög góðar undirtektir. Fullt var út úr dyrum á þeim tónleikum og komust mun færri að en vildu.

González segist hafa skemmt sér vel hér á landi síðastliðið haust. „Ég hlakka til að koma aftur því það var frábært síðast. Þetta var skemmtileg hátíð og svöl. Fólkið var líka mjög vingjarnlegt,“ segir González, sem nýtti tækifærið og skoðaði sig um á landinu. „Við leigðum bíl og keyrðum upp í sveit. Síðan fórum við í sund í Bláa lóninu, það var mjög gaman.“

González hefur verið iðinn við tónleikahald síðan hann spilaði í Þjóðleikhúskjallaranum og hafa vinsældir hans farið vaxandi, sérstaklega í Bretlandi. „Ég hef verið mikið að spila í Bretlandi og það hefur gengið vel en ég hef líka getað farið heim inn á milli,“ segir hann. Hefur plata hans Veneer, sem kom út á síðasta ári, þegar náð platinusölu í Bretlandi sem hlýtur að teljast frábær árangur.

Eftir tónleikana á Íslandi fer González í tónleikaferð um Bandaríkin og eftir það til Bretlands. Þetta verður fyrsta tónleikaferð hans vestanhafs. „Mute mun



JOSÉ GONZÁLEZ Trúbadorinn sænski er á leiðinni til Íslands í annað sinn á skómmum tíma.

endurútgefa plötuna mína í Bandaríkjunum í apríl og ég hlakka mikið til að fara þangað,“ segir hann.

Aðspurður segir González það ganga hægt að semja lög á nýja plötu. „Ég er frekar lengi að semja lög og ég hef líka verið á stífu tónleikaferðalagi. Ég ætlaði að ljúka við plötu í sumar en hún verður líklega ekki gefin út fyrr en næsta haust eða vorið þar á eftir.“

Miðasala á tónleikana á Nasa fer fram í verslunum Skífunnar og á midi.is. Miðaverð er 2.500 krónur auk 200 króna miðagjalds. frey@frettabladid.is

Skattframtal 2006

Framtal á vefnum

hefur verið opnað. Allir eiga að hafa fengið veflykil sendan eða eiga varanlegan veflykil frá fyrri árum. Sækja má um nýjan hafi hann gleymst eða týnst.

Skattframtöl

hafa verið borin út til þeirra sem ekki afþökkuðu framtal á pappír við síðustu framtalsgerð.

Leiðbeiningar

hafa nú verið færðar í nýjan búning og eru afar aðgengilegar til uppflettingar og stuðnings við framtalsgerð á vefnum. Því hefur verið dregið úr heimsendingu prentaðra leiðbeininga og aðeins þeir sem töldu fram á pappír í fyrra fá þær sendar heim.

Prentaðar leiðbeiningar má nálgast hjá skattstjórum, umboðsmönnum þeirra, á ýmsum sýslumanns- og bæjarskrifstofum og á bensinstöðvum á höfuðborgarsvæðinu (sjá nánar í lista hér að neðan og á rsk.is).

Framtalsaðstoð

er veitt í **síma 511-2250** milli kl. 9 og 16. Frá 15.-31. mars verður sú þjónusta einnig veitt utan dagtíma, þ.e. til kl. 22 á virkum dögum og kl. 12-19 um helgar.

Ný þjónusta

Skattyfirvöld hafa nú opnað fyrir þann möguleika að flytja skattaupplýsingar raf-rænt úr vefbanka yfir á framtalið. Íslandsbanki býður sínum viðskiptamönnum upp á þessa þjónustu fyrstur banka, en búist er við að aðrir viðskiptabankar fylgi í kjölfarið.

Skilafrestur er til 21. mars

Allar upplýsingar á rsk.is

Hægt er að nálgast leiðbeiningar á neðantöldum stöðum

Reykjavík
Skattstofan í Reykjavík
Bensinstöðvar í Reykjavík

Vesturland
Skattstofan á Akranesi
Sýslumannsskrifstofur Búðardal, Borgarnesi, Stykkishólmi og Ólafsvík
Viðskiptaháskólinn á Bifröst

Vestfirðir
Skattstofan á Ísafirði
Sýslumannsskrifstofur í Bolungarvík og Hólmavík

Bæjar- og hreppsskrifstofur
Reykholahrepps, Tálknafjarðahrepps, Vesturbýggðar, Súðavíkurreppur og Kaldrananeshrepps
Sparisjóður Vestfirðinga; á Bíldudal, Flateyri og Þingeyri

Norðurland vestra
Skattstofan á Siglufirði

Umboðsmenn:
Sigurbjörn Bogason, Sauðárkróki
Stefán Hafsteinsson, Blönduósi
Páll Sigurðsson, Hvammsganga

Norðurland eystra
Skattstofan á Akureyri
Umboðsmenn, bæjar- og hreppsskrifstofur

Austurland
Skattstofan á Egilsstöðum
Verslunin Kauptún á Bakkafirði og Vopnafirði
Essoskálinn á Breiðdalsvík
Samkaup á Djúpavogi
Bókhald GG á Fáskrúðsfirði
Sýslumannsskrifstofur Seyðisfirði, Eskifirði, Neskaupsstað og Hornafirði

Suðurland
Skattstofan á Helli
Bæjar- og hreppsskrifstofur
Skaftárhrepps, Ásahrepps, Rangárbings eystra, Gaulverjabæjarhrepps, Hraungerðishrepps, Villingarholtshrepps, Hrunamannahrepps, Grímsnes- og Grafningshrepps, Ölfuss, Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Bláskógabyggðar
Skrifstofa VÍS, Hveragerði, Skrifstofa VÍS, Árborg (Selfossi)

Vestmannaeyjar
Skattstofa og skrifstofa sýslumanns

Reykjanes
Skattstofan í Hafnarfirði
Bæjar- og hreppsskrifstofur
Seltjarnarnesi, Mosfellsbæ, Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði, Reykjanesbæ, Sandgerðisbæ, Grindavík, Garði, Vogum og Álftanesi
Sýslumannsskrifstofur Hafnarfirði, Kópavogi og Keflavík
Sparisjóður Hafnarfjarðar
Bensinstöðvar í Hafnarfirði, Garðabæ, Kópavogi og á Seltjarnarnesi

<p>FRUMSÝNING</p> <p>CLOONEY DAMON WRIGHT</p> <p>ALLT TENDIST & EINHÖFUND HATT</p> <p>SYRIANA</p> <p>COOPER RUFF WILSON TRISTY JOHNSON TRENDS JENSEN</p> <p>ALFABAKKI S: 587-8900</p>	<p>MARGRÉT VELJÁLMSSDÓTTIR HILMAR JÓNSSON LAUFEY ELLIASSDÓTTIR</p> <p>BLÓÐBÖND</p> <p>VIÐ ANNA ÓLAF ÁSSERJÓNSSON</p> <p>★★★★★ A.S. ÍSLAND ★★★★★ D.V. NBL. ★★★★★ D.E. NFB</p> <p>KEIRA KNIGHTLEY PRIDE & PREJUDICE HROD & HESTFIDOMAR</p> <p>AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170</p>	<p>STEVE NORTON JEAN RENÉ FÉDORCE FLORES</p> <p>KEVIN SPACEY</p> <p>THE PINK PANTHER</p> <p>Pink Panther deppurinn er horftin og besta framsæðingarmarkaðsgreidda gættu til þess að klóra máttu...</p> <p>MEÐ ÍSLENSKU TALI</p> <p>Bambi</p> <p>KRINGLAN S: 588-0800</p>	<p>GEORGE CLOONEY HILMAR JÓNSSON LAUFEY ELLIASSDÓTTIR</p> <p>COOPER RUFF WILSON TRISTY JOHNSON TRENDS JENSEN</p> <p>SYRIANA</p> <p>MARGRÉT VELJÁLMSSDÓTTIR HILMAR JÓNSSON LAUFEY ELLIASSDÓTTIR</p> <p>BLÓÐBÖND</p> <p>KEIRA KNIGHTLEY CASANOVA</p> <p>HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919</p>																																																																																				
<table border="0"> <tr><td>SYRIANA</td><td>KL. 6-8-10:40</td><td>B.I. 16</td></tr> <tr><td>SYRIANA VIP</td><td>KL. 4:45-8-10:40</td><td></td></tr> <tr><td>BLÓÐBÖND</td><td>KL. 4-6-8-10:10</td><td></td></tr> <tr><td>CASANOVA</td><td>KL. 3:30-5:45-8-10:20</td><td></td></tr> <tr><td>NORTH COUNTRY</td><td>KL. 8</td><td>B.I. 12</td></tr> <tr><td>BAMBI 2 ísl. tal</td><td>KL. 4-6</td><td></td></tr> <tr><td>DERAILED</td><td>KL. 10:40</td><td>B.I. 16</td></tr> <tr><td>MUNICH</td><td>KL. 9</td><td>B.I. 16</td></tr> <tr><td>OLIVER TWIST</td><td>KL. 3:30</td><td>B.I. 12</td></tr> <tr><td>KING KONG</td><td>KL. 4</td><td>B.I. 12</td></tr> </table>	SYRIANA	KL. 6-8-10:40	B.I. 16	SYRIANA VIP	KL. 4:45-8-10:40		BLÓÐBÖND	KL. 4-6-8-10:10		CASANOVA	KL. 3:30-5:45-8-10:20		NORTH COUNTRY	KL. 8	B.I. 12	BAMBI 2 ísl. tal	KL. 4-6		DERAILED	KL. 10:40	B.I. 16	MUNICH	KL. 9	B.I. 16	OLIVER TWIST	KL. 3:30	B.I. 12	KING KONG	KL. 4	B.I. 12	<table border="0"> <tr><td>UNDERWORLD 2</td><td>KL. 8-10:10</td><td>B.I. 16</td></tr> <tr><td>CASANOVA</td><td>KL. 8-10:10</td><td></td></tr> <tr><td>BLÓÐBÖND</td><td>KL. 6-8-10</td><td></td></tr> <tr><td>PRIDE & PREJUDICE</td><td>KL. 5:45-8-10:15</td><td></td></tr> <tr><td>BAMBI 2 ísl. tal</td><td>KL. 6</td><td></td></tr> </table>	UNDERWORLD 2	KL. 8-10:10	B.I. 16	CASANOVA	KL. 8-10:10		BLÓÐBÖND	KL. 6-8-10		PRIDE & PREJUDICE	KL. 5:45-8-10:15		BAMBI 2 ísl. tal	KL. 6		<table border="0"> <tr><td>THE PINK PANTHER</td><td>KL. 6-8-10:10</td><td></td></tr> <tr><td>BLÓÐBÖND</td><td>KL. 6-8-10:10</td><td></td></tr> <tr><td>UNDERWORLD 2</td><td>KL. 10:30</td><td>B.I. 16</td></tr> <tr><td>DERAILED</td><td>KL. 8:15</td><td>B.I. 16</td></tr> <tr><td>BAMBI 2 ísl. tal</td><td>KL. 6</td><td></td></tr> </table>	THE PINK PANTHER	KL. 6-8-10:10		BLÓÐBÖND	KL. 6-8-10:10		UNDERWORLD 2	KL. 10:30	B.I. 16	DERAILED	KL. 8:15	B.I. 16	BAMBI 2 ísl. tal	KL. 6		<table border="0"> <tr><td>SYRIANA</td><td>KL. 5:30-8-10:30</td><td>B.I. 16</td></tr> <tr><td>BLÓÐBÖND</td><td>KL. 6-8-10</td><td></td></tr> <tr><td>CASANOVA</td><td>KL. 10:15</td><td></td></tr> <tr><td>NORTH COUNTRY</td><td>KL. 5:30</td><td>B.I. 12</td></tr> <tr><td>MUNICH</td><td>KL. 5:50-9</td><td>B.I. 16</td></tr> <tr><td>PRIDE & PREJUDICE</td><td>KL. 5:45-8:15</td><td></td></tr> <tr><td>KVIKMYNDAKLÚBBUR ALLIANCE FRANCAISE</td><td></td><td></td></tr> <tr><td>I' ESQUEU - UNDAANSVIK</td><td>KL. 8</td><td></td></tr> </table>	SYRIANA	KL. 5:30-8-10:30	B.I. 16	BLÓÐBÖND	KL. 6-8-10		CASANOVA	KL. 10:15		NORTH COUNTRY	KL. 5:30	B.I. 12	MUNICH	KL. 5:50-9	B.I. 16	PRIDE & PREJUDICE	KL. 5:45-8:15		KVIKMYNDAKLÚBBUR ALLIANCE FRANCAISE			I' ESQUEU - UNDAANSVIK	KL. 8	
SYRIANA	KL. 6-8-10:40	B.I. 16																																																																																					
SYRIANA VIP	KL. 4:45-8-10:40																																																																																						
BLÓÐBÖND	KL. 4-6-8-10:10																																																																																						
CASANOVA	KL. 3:30-5:45-8-10:20																																																																																						
NORTH COUNTRY	KL. 8	B.I. 12																																																																																					
BAMBI 2 ísl. tal	KL. 4-6																																																																																						
DERAILED	KL. 10:40	B.I. 16																																																																																					
MUNICH	KL. 9	B.I. 16																																																																																					
OLIVER TWIST	KL. 3:30	B.I. 12																																																																																					
KING KONG	KL. 4	B.I. 12																																																																																					
UNDERWORLD 2	KL. 8-10:10	B.I. 16																																																																																					
CASANOVA	KL. 8-10:10																																																																																						
BLÓÐBÖND	KL. 6-8-10																																																																																						
PRIDE & PREJUDICE	KL. 5:45-8-10:15																																																																																						
BAMBI 2 ísl. tal	KL. 6																																																																																						
THE PINK PANTHER	KL. 6-8-10:10																																																																																						
BLÓÐBÖND	KL. 6-8-10:10																																																																																						
UNDERWORLD 2	KL. 10:30	B.I. 16																																																																																					
DERAILED	KL. 8:15	B.I. 16																																																																																					
BAMBI 2 ísl. tal	KL. 6																																																																																						
SYRIANA	KL. 5:30-8-10:30	B.I. 16																																																																																					
BLÓÐBÖND	KL. 6-8-10																																																																																						
CASANOVA	KL. 10:15																																																																																						
NORTH COUNTRY	KL. 5:30	B.I. 12																																																																																					
MUNICH	KL. 5:50-9	B.I. 16																																																																																					
PRIDE & PREJUDICE	KL. 5:45-8:15																																																																																						
KVIKMYNDAKLÚBBUR ALLIANCE FRANCAISE																																																																																							
I' ESQUEU - UNDAANSVIK	KL. 8																																																																																						

Sólóplata í afmælisgjöf

Þriðja sólóplata Davids Gilmour, fyrrum söngvara og gítarleikara Pink Floyd, kemur út á mánudag, 22 árum eftir að síðasta plata kom út. Sama dag heldur Gilmour upp á sextugs-afmæli sitt. Freyr Bjarnason skoðaði feril þessa merka kappa.

Nýja platan nefnist On an Island og kemur hún út 22 árum eftir að önnur platan, About Face, leit dagsins ljós. Fyrsta sólóplatan, sem hét einfaldlega David Gilmour, kom út 1978.

Fæddist í Cambridge

David Jon Gilmour fæddist 6. mars 1946 í Cambridge í Englandi og var faðir hans kennari í dýrafræði við háskólann. Þegar Gilmour var kominn á háskólaaldur kynntist hann Syd nokkrum Barrett í háskólanum og eyddu þeir jafnan hádegishlénu í gítarleik.


Þeir spiluðu aftur á móti ekki saman í hljómsveit því Barret stofnaði á þessum árum Pink Floyd ásamt félögum sínum Roger Waters, Nick Mason og Rick Wright. Gilmour var á sama tíma í hljómsveitinni Jokers Wild sem var stofnuð 1963. Þremur árum síðar hætti hann í sveitinni og stofnaði Flowers sem síðar fékk nafnið Bullitt. Sú sveit lagði upp laupana 1967.

Til liðs við Pink Floyd

Í janúar árið eftir var Gilmour boðað að gerast meðlimur í Pink Floyd til að styrkja gítarleik sveitarinnar vegna geðsjúkdóms sem Barrett þjáðist af. Eftir að Barrett sagði skilið við sveitina sá Gilmour alfarið um gítarleikinn og tók jafnframt að sér sönginn að mestu leyti. Gerðist hann fullgildur meðlimur í tæka tíð fyrir upptökur á annarri plötu Pink Floyd, A Saucerful of Secrets, sem kom út 1968.

Pink Floyd náði gríðarlegum vinsældum á áttunda áratug síðustu aldar og gaf m.a. út stórvirkin Dark Side of the Moon og The Wall. Átti Gilmour stóran þátt í vinsældunum en eftir að hann lenti upp á kant við Waters, sem hafði verið helsti laga-smiður Pink Floyd og aðaltextahöfundur, versnaði samband þeirra til muna.

Þegar Waters hætti í Pink Floyd 1985 sagði hann að sveitin væri búin að vera en Gilmour var ekki á sama máli og tók við stjórnartaumunum. Sveitin gaf út plötuna A Momentary Lapse of Reason árið 1987 og fór í gríðarstóra tónleikaferð í kjölfarið. Síðasta hljóðversplata Pink Floyd, Division Bell, kom út 1994 og var henni fylgt á eftir með 100 tónleik-



DAVID GILMOUR Fyrrverandi gítarleikari Pink Floyd er að gefa út sína þriðju sólóplötu. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

um víða um heim.

David Gilmour segist ekkert hafa nein sérstök áform með Pink Floyd í framtíðinni þrátt fyrir að sveitin hafi slegið í gegn á Live 8 tónleikumum í Hyde Park síðasta sumar. Var það í fyrsta sinn síðan 1994 sem sveitin spilaði á tónleikumum og í fyrsta sinn síðan 1981 sem hún kom fram með Roger Waters innanborðs.

Frammistaða Pink Floyd varð til þess að sala á plötu sveitarinnar, Echoes: The Best of Pink Floyd, jókst um 1.343 prósent. Lýsti Gilmour því þá yfir að allur ágóðinn myndi renna til góðgerðarmála. „Þrátt fyrir að meginmarkmiðið með tónleikumum hafi verið að vekja fólk til umhugsunar og þrýsta á leiðtoga G8-ríkjanna ætla ég ekki að reyna að græða á tónleikumum. Þessir peningar eiga að vera notaðir til að bjarga mannlífum,“ sagði Gilmour. Skömmu síðar hvatti hann aðra listamenn til að fylgja sínu for-dæmi.

Sérstæð gítarsóló

Gilmour hefur komið að ferli fjölmargra annarra tónlistarmanna í gegnum tíðina og veitt þeim mikla hjálparhönd.

Hann átti stóran þátt í að koma ferli Kate Bush af stað auk þess sem hann hefur meðal annars starfað sem upptökustjóri og spilað inn á plötur fyrir listamenn á borð við Robert Wyatt, Bryan Ferry, Paul McCartney, Ringo Starr, Jools Holland, Tom Jones, Elton John, Pete Townsend og Warren Zevon.

David Gilmour er þekktur fyrir sérstæð gítarsólóin sín þar sem áhersla er lögð á sveimkennda fágun og vandaða uppbyggingu í stað mikillar fingrafimi þar sem hraðinn er aðalmálið. Gott dæmi um þetta má heyra í lagi Pink Floyd, Another Brink in the Wall Part 2 auk þess sem nýja sólóplatan er uppfull af

fallegum gítartónum, sem oftan en ekki minna á dýrðardaga hans í Pink Floyd.

Xit
hárstofa

Sími 564 6444
Hlíðasmára 9

OPIÐ
Alla daga kl. 9-18
miðvikud. kl. 9-20
laugard. kl. 10-14

Stórmarkaður í stofunni heima

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EDA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

Keramik fyrir alla

Barnaafmæli Bekkjaferðir

Frábær skemmtun fyrir allan hópinn.

Tilboðspakkar
Keramik og pizza frá kr. 990 á mann.

Keramik fyrir alla, sími 552 2882, Laugavegi 48b. Sjá lýsingu: www.keramik.is

NÝTT

Mexican
Lime

LÉTTKOLSÝRT

Það sést hverjir drekka Kristal



> Ásthildur á skotskónum

Ásthildur Helgadóttir og Dóra Stefánsdóttir áttu báðar stóruleik fyrir sænska liðið Malmö sem vann danska liðið Brøndby frá Kaupmannahöfn í æfingaleik í gær. Ásthildur skoraði tvö mörk í leiknum en hún kemur heim í sumar og leikur með Breiðablik.

sport
sport@frettabladid.is

GUÐMUNDUR STEPHENSEN BORÐTENNISKAPPI: BÚINN AÐ VINNA 100 ÍSLANDSMEISTARATITLA

Titlarnir eru hættir að hafa þýðingu

„Það er draumurinn, þetta er meiri-háttar, ég get varla lýst þessu,“ sagði Guðmundur Stephensen í kaldhæðnistón við Fréttablaðið í gær en hann varð Íslandsmeistari í borðtennis í 100. sinn í gær. Guðmundur vann þrefalt, varð Íslandsmeistari í einliðaleik eftir 4-1 sigur á Kjartani Briem, hann vann í tvíliðaleik með Matthíasi Stephensen bróðir sínum og í tvenndarleik með Magneu Ólafs.

„Þetta er vissulega mjög gaman að verða hundradfaldur Íslandsmeistari. Þetta er sérstakt og líklega einsdæmi, það er ekki á hverjum degi sem þetta gerist,“ sagði Guðmundur en jatar þó að áskrift hans að titlinum síðustu þrettán ár sé full mikið af hinu góða.

„Þetta er alveg gaman en í rauninni

kannski ekkert stórkostlegt fyrir mig. Þetta er eiginlega bara tala fyrir mér. Það hefur verið nánast sjálfgefið fyrir mig að koma heim og taka alla þrjá titlana en maður má þó ekkert slaka á ef ekki á illa að fara,“ sagði Guðmundur en hann segir að titlarnir séu nánast hættir að hafa þýðingu fyrir sig.

„Það er þó alltaf gaman að koma heim að spila en þetta hefur ekki lengur neina sérstaka þýðingu fyrir mig. Það er alltaf gaman að vinna þrátt fyrir að ánægjan hafi minnkað með árunum,“ sagði Guðmundur sem varð fyrstur Íslandsmeistari þegar hann var aðeins 11 ára gamall.

„Ég var ellefu ára þegar ég varð fyrstur meistarari og þá var sannkallað Colgatebros á manni í nokkra mánuði,“ sagði Guðmundur sem hefur nú orðið Íslandsmeistari þrettán ár í röð en hann hefur skipað sér sess meðal fremstu íþróttamanna landsins. Guðmundur segir að það sé ekki sjálfgefið að verða Íslandsmeistari.

„Ég er vissulega sá eini sem er atvinnumaður í þessu en hvort það sjái fyrir endann á þessu verður bara að koma í ljós. Ég gæti til dæmis alltaf meitt mig eða eitthvað annað komið upp á og ég má ekkert verða kærulaus,“ sagði hinn hundradfaldi Íslandsmeistari að lokum.



> Enn skorar Helgi

Helgi Sigurðsson ætlar greinilega að reynast Fram betri en enginn en hann var enn og aftur með stóruleik þegar hann skoraði bæði mörk liðsins í deildabikarnum gegn Val. Reykjavíkurstórveldin gerðu 2-2 jafntefli í Eglishöllinni en bæði mörk Helga voru stórglæsileg. Fyrra markið skoraði hann með þrumuskoti upp í þaketið og það síðara með stórfenglegri klippu af löngu færi. Það þarf ekki að koma neinum á óvart þó að Helgi fari nálægt því að skora yfir 20 mörk í 1. deildinni í sumar ef fram heldur sem horfir en hann hefur verið mjög iðinn við kolann að undanförmum.



LOGI GEIRSSON Skoraði fjögur mörk fyrir Lemgo líkt og Ásgeir. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Evrópukeppnin í handbolta: Logi og Ásgeir með átta mörk

HANDBOLTI Logi Geirsson og Ásgeir Örn Hallgrímsson voru í eldlinunni með Lemgo sem tryggði sér þátttökurétt í undanúrslitum Evrópukeppni félagsliða í handbolta. Lemgo vann rússneska liðið Dynamo Astrakhan sannfærandi í tveimur leikjum, fyrst 33-18 og svo 33-31 í gær og leikar fóru því samtals 66-49 fyrir Lemgo.

Logi og Ásgeir áttu báðir góðan leik en þeir skoruðu fjögur mörk hvor en Lemgo er á mikilli siglingu um þessar mundir, bæði í deildinni í Þýskalandi sem og Evrópukeppninni.

Lemgo er þriðja þýska liðið til að tryggja sér sæti í undanúrslitunum en áður höfðu Gummersbach og Göppingen gert slíkt hið sama. - hph

Heimsmeistaramótið í ralli: Loeb sigraði í Mexíkó

RALL Franski ökuþórin Sebastian Loeb, sem ekur fyrir Citroen, fór með sigur af hólmi í Mexíkó-rallakstrinum sem lauk í gær.

Loeb tók forystuna á tólfstu sérleið og hélt henni allt til loka keppinnar.

Norðmaðurinn Petter Solberg á Subaru kom honum næstur en Austurríkismaðurinn Manfred Stohl varð þriðji á Peugeot.

Loeb er nú efstur í heildarstigakeppninni með 26 stig en Marcus Grönholm kemur honum næstur með 20 stig. - hph

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

3 4 5 6 7 8 9

Mánudagur

■ SJÓNVARP

20.00 Enska knattspyrnan á Enska boltanum. Bein útsending frá leik Wigan og Manchester United.

20.00 Skólahreysti á Sýn.

20.45 Ítölsku mörkin á Sýn.

21.15 Enska mörkin á Sýn.

21.45 Spænsku mörkin á Sýn.

Ivey gerði sínum gömlu félögum í Fjölni skráveifu

Jeb Ivey fór á kostum í öruggum 114-92 sigri Njarðvíkur á Fjölni í Iceland-Express deildinni í körfubolta í gærkvöld. Aðeins ein umferð er eftir en á fimmtudaginn verður háður úrslitaleikur um deildarmeistaratitilinn.

KÖRFUBOLTI Njarðvíkingar tóku leikinn gegn Fjölnismönnum snemma í sínar hendur og sigur þeirra var aldrei í hættu. Fjölnismenn spiluðu slaka vörn og Njarðvíkingar röðuðu niður körfunum og allt virtist rata rétta leið hvaðan sem skotin komu af vellinum. Heimamenn fengu alltof mikinn tíma til að athafna sig og þá er ekki að spyrja að því þegar ógnarsterkir Njarðvíkingar eru annars vegar.

Jeb Ivey lék manna best í leiknum en hann lék áður með Fjölni og gerði sínum gömlu félögum mikla skráveifu í leiknum. Ivey átti magnaðan leik og skoraði alls 36 stig og var sjóðandi heitur á þriggja stiga línunni. Ivey lék við hvern sinn fingur og Fjölnismenn, sem lögðu sérstaklega upp með að stöðva, lét svo sannarlega finna fyrir sér.

Allt lið heimamanna spilaði mjög vel og liðið tók sig verulega saman frá tapinu gegn Grindavík í síðustu umferð og sýndi mátt sinn og megin gegn Fjölni. Gestirnir spiluðu þó ágæta sókn en eins og áður sagði var vörninni verulega ábótavant hjá þeim. Fjölnismenn náðu að minnka muninn niður í fimmtán stig í þriðja leikhlutana en voru aldrei líklegir til að ógna heimamönnum sem sigldu að lokum til öruggs sigurs 118-94. Sigurinn var fyllilega verðskuldaður en leikur Keflavíkur og Njarðvíkur á fimmtudaginn í lokaumferðinni í deildinni verður æsispennandi þegar liðin há hreinan úrslitaleik um deildarmeistaratitilinn.

Eins og áður sagði skoraði Ivey 36 stig og var atkvæðamestur heimamanna en Brenton Birmingham kom næstur með 20 stig. Hjá Fjölnismönnum fóru Grady Reyn-



HART BARIST Það var hart tekist á í leiknum í gær en hér er mikil baráttu um frákast. Hér er Friðrik Stefánsson í baráttunni en hann átti góðan leik að vanda. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

olds og Hörður Axel Vilhjálmsson fremstir í flokki en þeir skoruðu 29 og 26 stig í leiknum.

„Það sem ég lagði upp með var að spila góða vörn og leggja áherslu á að stöðva ákveðna menn sem tókst engan veginn í leiknum. Framan af voru þeir að skora mikið í teignum og þegar við leituðumst við að stöðva það fóru þeir að raða niður af þriggja stiga línunni,“ sagði Benedikt Guðmundsson, þjálfari Fjölnis, við Fréttablaðið eftir leikinn en úrslitin koma ekki að sök fyrir Fjölni þar sem liðið er komið í úrslitakeppnina.

„Leikurinn gegn Skallagrím í síðustu umferðinni skiptir ekki máli fyrir stöðu okkar í deildinni,

við lendum alltaf í áttunda sæti. Leikurinn skiptir þó miklu máli fyrir okkur þar sem við verðum að komast í úrslitakeppnina með sigurvilja og sjálfstraust, það er algjört lykilatriði. Við stefnum að sjálfsgöðu á að gera það,“ sagði Benedikt að lokum.

Keflvíkingar unnu öruggan 114-72 sigur á Hamar/Selfoss á útivelli þar sem A.J Moye fór eins og venjulega fyrir liðinu en hann skoraði 28 stig. Keflvíkingar hreinlega slátruðu heimamönnum sem litu út eins og skólastrákar við hlið gestanna sem fóru á kostum og unnu mjög svo auðveldan sigur. Clifton Cook var skástur heima-manna en hann skoraði átján stig í leiknum. hjalti@frettabladid.is

Framtíð Sigfúsar Sigurðssonar, leikmanns Magdeburg, er í lausu lofti:

Þrjú lið vilja semja við Sigfús

HANDBOLTI Línumaðurinn ógnarsterki Sigfús Sigurðsson er líklega á leiðinni frá þýska liðinu Magdeburg en félagið hefur hug á að losa sig við hann. Magdeburg festi kaup á pólska línumanninum Bartosz Jurecki í vikunni en þann leikmann gefur Sigfús lítið fyrir,

„Það er komin gríðarlega mikil samkeppni um stöður en þessi Pólverji er ekkert sérstakur að mínu mati. Hann kann ekki að spila vörn og vinnur ekki mjög vel fyrir skyttarnar og miðjumanninn,“ sagði Sigfús við Fréttablaðið í gær.

Þrjú lið hafa sett sig í samband við Magdeburg og óskað eftir því að fá Sigfús til sín en öll eru þau í efri hluta þýsku deildarinnar. „Framkvæmdarstjórnin sagði mér

að þrjú lið vildu fá mig en það er allt á viðræðustigi ennþá. Ég fer líklega í sumar eða næsta sumar, þetta er allt óráðið ennþá en það er ólíklegt að ég verði áfram þrátt fyrir að það komi enn til greina. Ég á eftir að taka ákvörðun hvað ég geri en hún kemur ekki alveg strax,“ sagði Sigfús sem verður sanningslaus sumarið 2007.

Alfred Gíslason, nýráðinn landsliðsþjálfari í handbolta, hrósaði Sigfúsi í hástert í Fréttablaðinu í gær og Sigfús endurgalt honum hrósið. „Mér list frábærliga á Alfred sem landsliðsþjálfara. Ef það er einhver sem hefur vit á því hvernig á að þjálfra leikmenn þá er það hann. Ég hef aldrei haft betri þjálfara en Alfred,“ sagði Sigfús að lokum. - hph



SIGFÚS SIGURÐSSON Gæti verið á leiðinni frá Magdeburg en þrjú félög í Þýskalandi vilja fá hann til sín. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Ítalski boltinn í gær:

Loksins var Roma stöðvað

FÓTBOLTI Roma náði ekki að halda sigurgöngu sinni áfram í Serie-A deildinni á Ítalíu en liðið gerði 1-1 jafntefli gegn Inter í stóruleik helgarinnar.

Rodrigo Taddei skoraði fyrir Roma strax á 10. mínútu eftir góðan undirbúning Simone Perrotta en Marco Materazzi jafnaði metin á lokamínúttunni.

Juventus er sem fyrr á toppnum með 73 stig, heilum tíu stigum á undan AC Milan sem vermir annað sæti deildarinnar. - hph

Stuart Pearce stjóri Man. City: Samaras hefur verið frábær

FÓTBOLTI Stuart Pearce, stjóri Manchester City, getur ekki leynt aðáun sinni á framherjanum Georgios Samaras sem skoraði bæði mörk liðsins í 2-1 sigrinum á Sunderland í gær. Grikkinn kom til City fyrir sex milljónir punda nú í janúar og hefur skorað þrjú mörk í úrvalsdeildinni til þessa.

„Hann hefur staðið sig gríðarlega vel og við erum í skýjunum með hann. Hann hefur smellpassað inn í liðið og ég held að hann geti enn bætt sig sem leikmaður,“ sagði Pearce um Grikkjann.

Í hinum leik gærdagsins sigraði Tottenham lánaust lið Blackburn 3-2. Robbie Keane skoraði tvívegis fyrir Tottenham en Craig Bellamy og Florent Sinama Pongolle jöfnuðu metin áður en Mido tryggði Tottenham sigurinn. - hph



GUÐMUNDUR OG ALFREÐ eru báðir mjög sáttir við niðurstöðu mála, hér eru þeir á blaðamannafundinum á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Guðmundur Ingvarsson:

Alfred er einn sá besti í heimi

HANDBOLTI Guðmundur Ingvarsson, formaður HSÍ, var mjög ánægður með að ráða Alfred Gíslason loksins til starfa sem landsliðsþjálfara í handbolta.

„Ég tel að við séum að ráða einn af allra bestu þjálfurunum í heiminum í dag og tilfinningin við að fá hann er mjög góð. Það voru tveir kostir í stöðunni, Alfred og Viggó, en á endanum var hann sá eini sem stóð eftir,“ sagði Guðmundur við Fréttablaðið en hann útilokaði ekki að Alfred stýrði landsliðinu samhliða Gummersbach sem hann tekur við 1. júlí 2007.

„Við höfum ekki enn rætt þetta mál. Vissulega væri það skemmtilegur kostur ef allt gengi upp. Það er erfið að tala svona langt fram í tímann en okkar skoðun um að hann sé besti kosturinn til að stýra landsliðinu mun ekkert breytast,“ sagði Guðmundur að lokum. - hph

Tilboð

MEDION V8
807715
MEDION V8 X2

- 19" Sony skjár
- Intel Pentium4 Dual Core 820 (2.8GHz)
- nVidia GeForce 6600 256MB PCIX
- 1024MB DDR2 (512MB*2) Vinnsluminni
- 300GB, 7.200rpm, 2MB Cache, S-ATA
- DVD skrifari 16x Dual Layer
- DVD drif 16x
- Medion Media Bay
- Innbyggt 10/100 netkort
- Þráðlaust lykklaborð og geislamús

6600GT skjá kort
300GB harður diskur
1024MB vinnsluminni

NVIDIA GeForce 6600 GT 256MB Skjá kort
Eitt allra hraðasta skjá kortið í leikina. Öll nýjasta tæknin eins og PCI-Express, Direct X 9.0, Shader Model 3.0, CineFX 3.0 og fleira. Hægt að tengja tvo skjái.

DUAL CORE
Ný bylting í heimilistólum - Tveir örgjörvar á einum og sama kubbnum. Allt að tvöföld afköst í mörgum forritum. Nú geturðu gert meira á styttri tíma

64 bita örgjörvi
Með nýjstu Intel EM64T tækninni geturðu keyrt 64 bita forrit og leiki framtíðarinnar á mun meiri hraða. Vertu öruggur með tækni framtíðarinnar.

64 BITA



SONY GÆÐI
19"

4.156*

4.156* Tölvukaupalán 48 mán.
11.999** Vaxtalaust 12 mán.
143.988 Staðgreitt



2 bíomíðar á The Pink Panther
FYLGIR
Bíomíðil

PS2 tilboð

PLAYSTATION 2 + FIFA STREET
15.999

Geggjáð tilboð!
VARA Á LENDA
FYLGIR
5.499

EA leikjatilboð

007 2.999
BATTLEFIELD 2.999
FIFA 06 3.499
ALPHA 3.499
3.499



30"
LCD sjónvarp

MEDION
MD41530
MEDION 30" LCD TV

- Úplausn 1280x720
- Mynd í mynd PIP
- Contrast 500:1
- Birta 500cd/m2
- PC-ingangur / Tengi fyrir heyratöl

WIDE SCREEN

SONY
DAVDZ100
SONY HEIMABÍÓ DAVDZ100

- S-Master Digital Magnari
- BV720 Watt • Útvarp FM/AM RDS
- Mutli Stereo
- Spilar allan heiminn, elsku mamma!
- Dolby Digital, DTS og PLII
- Hljóðtengi fyrir sjónvarp
- Fjarstýring

SAMAN!

9.999

Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST

119.988
STADGREITT

BT

Gjafabréf 1 mánuður
Gjafabréf 10 dagar

edá Þú velur!
dígital ísland
Skemmtipakkinn edá frábær lupakinn

FYLGIR

35.988
FYLGIR

720 RMS Wött

SONY GÆÐI

The Pink Panther á DVD
FYLGIR

2 bíomíðar á The Pink Panther
FYLGIR
Bíomíðil



ÆÐSTU MENN UEFA Sepp Blatter og Lars-Christian Olsson ræða málin.

NORDICPHOTOS/AFP

Aðgerðir gegn leikaraskap:

Skóðað að nota tvo dómara

FÓTBOLTI UEFA mun skoða það í sumar hvort taka eigi upp þá nýjung að nota tvo dómara til að sporna við leikaraskap í knattspyrnu. Bryan Robson, stjóri WBA, varð æfur út í Didier Drogba, leikmann Chelsea, og ásakaði hann um að láta sig detta viljandi í leik liðanna um helgina og Lars-Christer Olsson, framkvæmdastjóri UEFA, segir að málið hafi þegar komið til umræðu.

„Við munum skoða þetta í sumar. Við höfum skoðað þetta áður en það hefur ekki gengið vel þar sem samskiptaleysi var helsta vandamálið. Við höfum ekki fundið neina lausn á vandamálinu enn sem komið er en ýmislegt hefur verið rætt til að koma í veg fyrir svona hegðun,“ sagði Olsson sem segir að meira sé um leikaraskap í Englandi heldur en í öðrum deildum Evrópu.

„Það virðist vera sem meira sé um þetta í Englandi heldur en á meginlandi Evrópu þrátt fyrir að þetta hafi einnig komið upp í landsleikjum,“ sagði Olsson að lokum.

- hþh

Logi Gunnarsson er að gera góða hluti sem atvinnumaður í körfubolta í Þýskalandi:

Gefur NBA-drauminn ekki eftir

KÖRFUBOLTI Körfuknattleiksmaðurinn Logi Gunnarsson er að slá í gegn hjá Þýska 2. deildarliðinu Bayreuth en hann er lykilmáður hjá félaginu. Logi hefur skorað 19,3 stig að meðaltali í leik hjá liðinu sem er í fimmta sæti í deildinni en á aðeins fjarlægja möguleika á því að komast upp um deild þegar átta umferðir eru eftir. Gamla liðið hans Loga, Ulm, vermir toppsætið en það er ósigræð í vetur.

Logi skoraði á föstudaginn 43 stig í 111-105 sigri á Tröster í framlengdum leik. „Ég vissi ekki að ég gæti þetta, það fór bara allt ofan í, sama hvað ég gerði. Ég tók eiginlega bara yfir í liðinu og það gekk allt upp. Ég skoraði fimmtán af átján stigum í framlengingunni og því má segja að ég hafi unnið þetta fyrir okkur,“ sagði Logi í léttum tón við Fréttablaðið í gær.

„Ég vona að ég sé að vekja athygli herna. Þetta er hæsta stigaskorið í deildinni í vetur og það hefur því verið fjallað um mig í blöðunum og á netinu um helgina. Það er líka gaman að hafa unnið báða leikina og gerir þetta enn sætara fyrir vikið. En það er auðvitað aðalmálið að vinna leikina, hvort sem maður skorar 10 eða 40 stig,“ sagði Logi sem færði sig niður um deild eftir dvöl hjá Giesen sem spilar í efstu deild.

„Í fyrra var ég í einu af bestu liðunum í Þýskalandi og þar fékk ég ekki að spila jafn mikið og ég vildi. Ég færði mig því um set í aðra deildina sem ég hafði spilað áður í og vonaðist til þess að hún yrði stökkpallur til einhvers betra. Ég vonast til að stökkva hærra í framtíðinni hvort sem það er í Þýskalandi eða annars staðar. Ég hef ekkert rætt við umboðsmann-

inn minn um hvort ég eigi að færa mig ennþá, ég bið fram á sumar með að skoða það,“ sagði Logi en hann segir nóg vera til af spennandi stöðum til að spila á.

„Ég er ekki allveg viss hvar ég vil helst vera. Deildirnar herna í Þýskalandi eru sterkar, bæði úrvalsdeildin og önnur deild en ég vil reyna að komast úr þessari deild. En það skiptir ekki máli hvort ég fer í efstu deildina hér eða aðra deildina á Ítalíu þar sem er mjög góður bolti. Belgía og Frakkland eru líka góðar deildir og því er nóg af spennandi stöðum til að spila á,“ sagði Logi sem gefur æskudrauminn um frægð og frama í NBA-deildinni ekki svo auðveldlega upp á bátinn.

„Ég hef að sjálfsgöðu metnað til að spila í hærri deild. Ég hef alltaf verið metnaðarmikill og vil komast eins hátt og ég get. Ég hef prófað mikið og þetta er kannski komið á það stig að ég vil fá umbun erfiðisins. Það er draumur allra körfuboltamanna að komast í NBA og ég útiloka alls ekki að komast þangað. Ég hef séð leikmenn fara héðan frá Þýskalandi í NBA sem mér finnst ekki vera betri leikmenn en ég. Einn af bandarísku leikmönnum sem var að spila í efstu deild hér í Þýskalandi var alls ekki besti leikmaðurinn í því liði. Hann er núna að spila heilmikið hjá Charlotte Bobcats. Það er vissulega fjarlægur draumur en maður gefur þá ekki upp á bátinn. Ég stefni ekkert sérstaklega á NBA-deildina en ef ég væri á réttum stað á réttum tíma gæti allt gerst. Ef maður hefur ekki trú á sér þá gerist aldrei neitt,“ sagði Logi, en honum líður mjög vel í Þýskalandi.

„Það er frábært herna úti,



LOGI GUNNARSSON Gefur æskudrauminn um NBA ekki eftir.

FRÉTTABLAÐIÐ/XXX

Þýskaland er algjört draumaland. Við erum að spila í húsi sem tekur 5.000 manns í sæti og hér er allt til alls. Lyftingaraðstaðan er frábær líka og því er ekki yfir neinu að kvarta. Ég er í flottri íbúð og er með finan bíl líka,“ sagði Logi sem neitar ekki að hann sé að fá vel greitt fyrir atvinnumenskuna í körfubolta.

„Ég myndi segja að þetta sé vel borgað miðað við aðra deildina. Vissulega þurfti ég að lækka mig í launum þegar ég fór frá Giesen þar sem ég var með rosalega góðan samning. Ég vissi að ég þyrfti að

gera það en að lækka aðeins við sjá launin er lítil fórn til að fá að spila meira. Ég er mjög vel settur samt sem áður,“ sagði Logi.

Faðir Loga, Magnús Þorvarðarson, er aðstoðarþjálfari hjá Njarðvík og Logi fylgist vel með sínum gömlu félögum. „Ég fylgist mjög mikið með boltanum heima, aðallega í gegnum pabba. Ég æfði með strákunum í jólafríinu og náði að sjá einn leik. Það verður hörkuleikur gegn Keflavík á fimmtudaginn og ég vona að þeir nái að hefna sín fyrir bikarúrslitaleikinn,“ sagði Logi að lokum.

- hþh



Flókið mál verður einfalt!


Nú getur þú fært upplýsingar um viðskipti þín hjá Íslandsbanka beint inn á skattaskýrsluna úr Netbankanum með örfáum músarsmellum

- Betri yfirsýn
- Fljótlegri
- Þú sparar þér leit að yfirlitum og pappírnum
- Minni fyrirhöfn
- Mun skemmtilegra

Einfalt – öruggt – þægilegt

Ertu ekki með Netbanka?

Farðu inn á isb.is og sæktu um aðgang og þú færð aðgangsorð sent heim í pósti á nokkrum dögum.



ÚR SPORTINU

Guus Hiddink verður ekki áfram með landslið Ástralíu eftir HM í sumar. John O'Neill, framkvæmdastjóri ástralska knattspyrnusambandsins, sagði um helgina að ólíklegt væri að Hiddink yrði áfram með liðið enda hefði þess aldrei verið vænst. Þessi frábæri þjálfari hefur verið orðaður við landslið Rússlands og Englands en hann hefur neitað því stutt og stöðugt.



Danska handknattleikslíðið Skjern féll úr Evrópukeppni bikarhafa í gær þegar liðið tapaði fyrir Constanta í Rúmeníu 35-28. Vignir Svavarsson skoraði 2 mörk í leiknum fyrir Skjern en sem kunnugt er stýrir Aron Kristjánsson liðinu. Constanta sigraði samanlagt í tveimur leikjum með 70 mörkum gegn 59.

Besti knattspyrnumaður í heimi, Ronaldinho, segist ekki hafa neinn áhuga á því að ganga til liðs við Chelsea. Barcelona tekur á móti Englandsmesturunum í seinni leik liðanna í Meistaradeildinni á morgun. „Ég veit að Chelsea vill fá mig en það er lið sem ég vil ekki spila fyrir. Fyrri leikurinn sýndi mér að stíll þeirra vekur ekki áhuga minn. Í hvert sinn sem ég fékk boltann spörkuðu í fæturna á mér áður en þeir reyndu að ná boltanum,“ sagði Ronaldinho.



Kobe Bryant varð um helgina yngsti leikmaðurinn til að skora 16.000 stig í NBA körfuboltanum, 27 ára og 192 daga gamall. Wilt Chamberlain var fjórum dögum eldri en Bryant þegar hann skoraði sitt 16.000. stig og því mátti ekki á tæpara standa fyrir Bryant.



ÚRSLIT GÆRDAGSINS

Iceland-Express deild karla:

NJARÐVÍK-FJÖLNIR	118-94
Stig Njarðvíkur: Jeb Ivey 36, Brenton Birmingham 20, Friðrik Stefánsson 17.	
Stig Fjölnis: Grady Reynolds 29, Hörður Axel Vilhjálmsson 26.	
SKALLAGRÍMUR-GRINDAVÍK	93-89
Stig Skallagríms: Dimitar Karadzovski 32, George Byrd 25.	
Stig Grindavíkur: Jeremiah Johnson 33.	
HAUKAR-SNÆFELL	71-72
Stig Hauka: Kristinn Jónsson 21, Sævar I. Haraldsson 19, Jason Pryor 15, Ingvar P. Guðjónsson 8.	
Stig Snæfells: Ingvaldur M. Hafsteinsson 18, Nate Brown 16, Igor Beljanski 14, Slobodan Subasic 11.	
PÓR-ÍR	93-81
Stig Þórs: Helgi Margeirsson 22, Þorsteinn Húnfjörð 14, Magnús Helgason 13.	
Stig ÍR: Theo Dixon 25, Ómar Sævarsson 20.	
HAMAR/SELFOSS-KEFLAVÍK	72-114
Stig Hamars: Clifton Cook 18, Friðrik H. Hreinsson 13, Svavar P. Pálsson 12.	
Stig Keflavíkur: A.J. Moey 28, Arnar F. Jónsson 16, Vlad Boeriu, Gunnar Einarsson 14.	
KR-HÖTTUR	98-66

DHL-deild kvenna:

FH-KA/PÓR	33-24
-----------	-------

Deildabikar KSÍ - Karlar:

GRINDAVÍK-FH	1-3
BREIÐABLIK-FYLKIR	2-2
FRAM-VALUR	2-2
VÍKINGUR-ÍA	0-4

ÚR SPORTINU

Sami Hyypia, varnarmaður Liverpool, er mjög tæpur fyrir leikinn gegn Benfica í Meistaradeildinni á miðvikudaginn. Hyypia fór meiddur af velli í jafnteflinu gegn Charlton um helgina en meiðslin eru þó ekki mjög alvarleg. Daniel Agger er einnig meiddur og því yrði Djimi Traore í miðvarðarstöðunni með Jamie Carragher í leik sem Liverpool verður að vinna til að komast áfram en Benfica vann fyrri leikinn 1-0.



Jorge Andrade missir líklega af Heimsmeistaramóttinu í sumar vegna meiðsla sem hann hlaut í leik Deportivo La Coruna gegn Barcelona á laugardaginn. Andrade reif liðband í hnénu en þetta er mikið áfall fyrir hann sem og Portúgal en hann er lykilmáður hjá landsliðinu. Andrade fór í aðgerð í gær en skoðun leiddi í ljós að meiðslin eru mun alvarlegri en talið var í fyrstu.



Manchester United er á höttunum eftir Jean Makoun, miðjumanni Lille, í Frakklandi. „United-menn vilja fá mig. Þeir sendu útsendara til að horfa á leikinn gegn Monaco í síðustu viku og umboðsmenn mínir hafa rætt við forráðamenn liðsins. Þeir vilja kaupa mig í sumar," sagði Makoun í gær. United leitar nú leiða til að losna við miðjuvanda málið sem hrjár klúkbinn en annar sem er ofarlega á óskalistanum er Mahamadou Diarra, leikmaður Lyon, auk þess sem Gennaro Ivan Gattuso og Michael Ballack hafa verið orðaðir við Rauðu djöflana.

Tottenham ætlar að ræna Hatem Trabelsi beint fyrir framan erkifjendur sína í Arsenal en bæði lið hafa hug á að klófesta leikmanninn sem spilar með Ajax. Talið er að Arsenal sé búit að gera Túnisbúanum tilboð en Tottenham hefur nú lýst yfir áhuga sínum á þessum sterka varnarmanni sem spilar að öllum líkindum í Englandi á næsta tímabili.



Kristján Örn Sigurðsson færir sig í miðvarðarstöðuna:

Gengur vel með Óla

FÓTBOLTI Kristján Örn Sigurðsson og Ólafur Örn Bjarnason gætu myndað alíslenskt miðvarðapar hjá norska liðinu Brann en þar hafa þeir spilað saman í undanförunum æfingaleikjum.

„Mér hefur gengið ágætlega að spila í miðverðinum. Ég kannast auðvitað mjög vel við mig þarna en ég vil alveg eins spila í hægri bakvarðarstöðunni. Á meðan maður spilar er maður glaður," sagði Kristján sem líkaði vel að spila með Ólafi Erni.

„Óli er góður leikmaður og það er gott að spila með honum. Það er aldrei að vita nema ég fái tækifærið þarna. Það er erfitt að segja til um það núna en þjálfarinn veit

í það minnsta að ég get spilað báðar stöðurnar," sagði Kristján sem segir samkeppnina um stöður í liðinu vera mikla.

„Það er mjög mikil samkeppni um stöður í liðinu, til að mynda erum við þrír sem gerum tilkall til hægri bakvarðarstöðunnar. Það verður spilað þétt í byrjun tímabilsins og því er nauðsynlegt að vera með þéttan hóp," sagði Kristján sem mætti sínu gamla félagi KR á æfingamóti á La Manga nýverið.

„Það var mjög gaman að spila gegn gömlu félögunum en um leið frekar skrítið. Mér gekk ágætlega að ráða við strákana," sagði Kristján að lokum.



KRISTJÁN ÖRN SIGURÐSSON Er að finna sig vel í nýrri stöðu hjá Brann og gæti spilað með Ólafi Erni Bjarnasyni í miðvarðarstöðunni hjá liðinu. NORDICPHOTOS/AFP



Ert þú með þitt svefn DNA á hreinu?

Nafn: Birgitta
Aldur: 33 ára

Svefn DNA:

ERGOSLEEP
fullkomnasta svefnkerfið

1

Hátæknirúm

Besta svefnkerfið samkvæmt samanburðarrannsóknunum. Svæðaskiptur stífleiki, fjaðureiningar með minni.



2

Þitt svefn DNA

Ert þú með þitt svefn DNA á hreinu? Allir hafa sitt sérstaka svefn DNA, engir tveir eru eins.



3

Fjaðrirnar

Fjaðrirnar eru stilltar eftir þínu svefn DNA.



4

Komdu til okkar

Komdu og við finnum þit svefn DNA.



Opið virka daga: 10-18 & laug: 11-15

Reykjavík: Mörkin 4, sími: 533 3500

Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504

Egilsstaðir: Miðvangur 1, sími: 471 2954

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:
„Things haven't changed since Adam, and he gave up one of his ribs so he'd have somebody to keep things from.“

Svar:
Marguerite Coleman úr kvikmyndinni The Preacher's Wife árið 1996.

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ **FREYR BJARNASON** HORFÐI Á FYRSTA ÞÁTTINN AF THE APPRENTICE

Mætt til leiks með nýjan frasa

Önnur þáttaröðin af The Apprentice fer vel af stað. Í þetta sinn sér hin þekkt Martha Stewart um að reka fólk í burtu í staðinn fyrir viðskiptajöfurrinn Donald Trump og stóð hún vel fyrir sínu í fyrsta þættinum í síðustu viku. Auðvitað fékk hún ekki að nota sömu línu og Trump var orðinn frægur fyrir, enda frasinn „Þú ert rekin“, gríðarlega sterkur. Martha er komin með nýjan og mýkri frasa, kannski kvenlegri, sem þó hittir ágætlega í mark: „Þú passar bara ekki inn í þetta.“ Martha var að mig minnir dæmd í fangelsi fyrir fjárvik og því kom það nokkuð á óvart að hún skuli nú stjórna þætti þar sem mestu skiptir hvernig eigi að meðhöndla fjármuni. Engu að síður var hún sannfærandi í fyrsta þættinum en það var samt greinilegt í byrjun að hún ætlaði að nota þáttaröðina til að bæta ímynd sína.



Hún er eigandi vinsæls lífsstílmáris í Bandaríkjunum og strax í upphafi þáttarins gekk hún um höfuðstöðvarnar og skoðaði hvað starfsmenn sínir voru að gera. Gaf hún þeim ráð um hvað var að virka og hvað ekki og allir voru með stórt bros á vör. Eitthvað segir mér að hlutirnir séu ekki alveg svona í veruleikanum og að Martha sjáist ekki nema einstöku sinnum innan um starfsmennina. Myndin sem við fengum af henni var allavega mjög jákvæð og virtist sýna konu sem væri með allt sitt á tæru, sem vonandi er rétt.

MARTHA STEWART Martha Stewart er komin með nýjan og ferskan frasa í þættinum The Apprentice. FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS



▶ 21.40
Heimildamynd

BLÓÐBÖND



▶ 20.05
Drama

GREY'S ANATOMY



▶ 20.30
Lífstíll

KALLARNIR



▶ 18:00
Lífstíll

6 TIL SJÖ



▶ 20.00
Íþróttir

SKÓLAHREYSTI 2006

SNJONVARPIÐ



6.58 Ísland í bítið 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í finu formi 2005 9.35 Oprah 10.20 My Sweet Fat Valentina 11.05 Veggfóður 12.00 Hádegisfréttir 12.25 Neighbours 12.50 Í finu formi 2005 13.05

15.35 Helgarsportið 16.00 Ensku mörkin 17.05 Leiðarljós 17.50 Táknmálsfréttir 18.00 Myndasafnið 18.01 Gurra grís (39:52) 18.06 Búi! (3:26) 18.16 Lubbi læknir (1:52)

Home Improvement 13.30 Wishful Thinking 15.00 Eldsnöggð með Jóa Fel IV 15.35 Osbourne 16.00 Shoebox Zoo 16.25 Yoko Yakamoto Toto 16.30 Stróni draumuninn 16.55 Kyrin Kolla 17.00 17.10 Froskafjör 17.20 Bold and the Beautiful 17.40 Neighbours 18.05 The Simpsons 15

18.30 Eyðimerkurlíf (1:6) (Serious Desert) 19.00 Fréttir, íþróttir og veður 19.35 Kastljós 20.25 Átta einfaldar reglur (74:76) (8 Simple Rules) Bandarísk gamanþáttaröð. 20.50 Lífið í lággróðrinum (4:5) (Life in The Undergrowth) Breskur náttúrumyndaflokkur þar sem David Attenborough leiðir áhorfendur um undravörld skordýranna. ▶ 21.40 Blóðbönd Þáttur um gerð bíómyndarinnar Blóðbönd eftir Árna Ólaf Ásgeirsson. 22.00 Tíufréttir 22.25 Lífsháski (31:49) (Lost II) Bandarískur myndaflokkur um strandaglópa.

18.30 Fréttir, íþróttir og veður 19.00 Ísland í dag 19.35 Strákarnir ▶ 20.05 Grey's Anatomy (18:36) (Læknalíf 2) (Thanks For The Memories) Stemmingin getur verið undarleg á spítalanum þegar þakkagjörðardagurinn er haldinn hátíðlegur. 20.50 Proof: Prescription For Murder (2:2) (Sönnun: Uppáskrift að morði) Æsispennandi írs sjónvarpsmynd í tveimur hlutum sem fjallar um skuggahlíðar lyfjatílauna. Bönnuð börnum. 22.25 2006 Academy Awards (Óskarsverðlaunin 2006 – samantekt) Samantekt frá Óskarsverðlaunahátíðinni sem fram fór nóttina áður.

SIRKUS

18.30 Fréttir NFS 19.00 Ísland í dag 19.30 Fashion Television Nr. 17 Í þessum frægu þáttum færðu að sjá allt það heitasta og nýjasta í tiskuheiminum í dag. 20.00 Friends (11:24) ▶ 20.30 Kallarnir Nr. 6 Það eru þeir Gillzenegger og Party-Hans sem taka hina ýmsu karlmenn úr þjóðfélaginu og markmiðið er að breyta þeim í hnakka. 21.00 American Idol 5 (15:41) (Bandaríska stjórnuleitin 5) (Vika 7 – #518- 10 Girls) Fimmta þáttaröðin af vinsælasta þætti heims. 22.20 American Idol 5 (16:41) (Bandaríska stjórnuleitin 5)

SKJÁREINN

▶ 18.00 6 til sjö 19.00 Cheers – 10. þáttaröð 19.25 Fasteignasjónvarpið 19.35 Malcolm in the Middle (e) 20.00 The O.C. Kirsten snýr aftur til Cohen-fjölskyldunnar og Marissa og Ryan lenda í áflögum. 21.00 Survivor: Panama Í þessari 12. þáttaröð af Survivor verður haldið á ægífagar slóðir og leikið eftir nýjum reglum. 22.00 C.S.I. CSI er frumleg og óvenjuleg glæpaþáttaröð þar sem persónurnar nota tæknilegar meinafræðirannsóknir til rannsókna á sönnunargögnum sem sanna eiga glæpi af ýmsu tagi. 22.50 Sex and the City – 4. þáttaröð

SYN

18.00 Íþróttasjallíð 18.12 Sportið 18.30 US PGA Tour 2006 (Ford Championship) Útsending frá Ford Championship golfmótinu sem lauk í Flórída í Bandaríkjunum í gær. ▶ 20.00 Skólahreysti 2006 20.45 Ítölsku mörkin (Ítölsku mörkin 2005-2006) Öll mörkin, flottustu tilþrifi og umdeildustu atvikin í ítalska boltanum frá síðustu umferð. 21.15 Ensku mörkin 21.45 Spænsku mörkin 22.15 Stump the Schwab (Veistu svarið?) Stórskemmtilegur spurningaþáttur. 22.45 HM 2002 endursýndir leikir Endursýndur leikur frá Heimsmeistaramótinu í knattspyrnu sem fór fram í Japan og Suður-Kóreu sumarið 2002.

23.10 Spaugstofan 23.35 Ensku mörkin 0.30 Kastljós 1.30 Dagskrárlök

0.00 Prison Break (B. börnum) 0.45 Meistarinn 1.35 Palmer's Pick Up (B. börnum) 3.20 Borderline (Str. b. börnum) 4.55 The Simpsons 15 5.20 Fréttir og Ísland í dag 6.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi

23.10 Smallville Nr. 12 (e) 23.55 Idol extra 2005/2006 (e) 0.25 Friends (11:24) 0.50 Kallarnir Nr. 6 (e)

23.20 Jay Leno 0.05 Boston Legal (e) 0.55 Threshold (e) 1.45 Cheers – 10. þáttaröð (e) 2.10 Fasteignasjónvarpið (e) 2.20 Óstöðvandi tónlist

0.25 Spænski boltinn beint

STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Daredevil (Bönnuð börnum) 8.00 Wild About Harry 10.00 Lloyd 12.00 Possession 14.00 Wild About Harry 16.00 Lloyd 18.00 Possession 20.00 Daredevil Bönnuð börnum. 22.00 Secret Window Verulega hrollvekjandi spennamynd með Johnny Depp byggð á sögu eftir Stephen King. Stranglega bönnuð börnum. 0.00 Confidence (Stranglega bönnuð börnum) 2.00 Secret Window (Stranglega bönnuð börnum) 4.00 Extreme Ops (Stranglega bönnuð börnum)

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

E! ENTERTAINMENT


12.00 Live from the Red Carpet 14.00 Live 2006 Academy Awards Post Show 16.00 Live from the Red Carpet 18.00 Live 2006 Academy Awards Post Show 20.00 Live from the Red Carpet 22.00 Live from the Red Carpet 0.00 E! News 0.30 Celebrity Soup 1.00 Live from the Red Carpet

AKSJÓN

Fréttaröðin Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

ENSKI BOLTINN

7.00 Helgaruppgjör (e) 8.00 Helgaruppgjör (e) 14.00 Middlesbrough – Birmingham frá 04.03 16.00 Man. City – Sunderland frá 04.03 17.55 Prumuskot 18.45 Stúðningsmannaröðin „Liðið mitt“ (e) 19.50 Wigan – Man. Utd. (b) 22.15 Að leikslökum 23.15 Prumuskot (e) 0.05 Wigan – Man. Utd 2.05 Dagskrárlök




SKÓLAHREYSTI

Í KVÖLD KL. 20:00

Nemendur í 9. og 10. bekk úr 45 grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu keppa í Skólahreysti.

Haldnar verða fjórar undankeppnir þar sem tveir skólar úr hverri keppni komast áfram í úrslit sem sýnd verður í beinni útsendingu 22. apríl.

515 6100 | SYN.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE



VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Grey's Anatomy

Stöð 2, kl. 20.05

Skrýtin stemning á spítalanum í kvöld

Grey's Anatomy er vinsælasti nýi þátturinn í Bandaríkjunum í dag og aðeins Desperate Housewives er nú vinsælli meðal kvenna þar í landi. Hér er á ferð önnur þáttarröð þessa skemmtilega spítalaþátta þar sem við höldum áfram að fylgjast með ástum og örlögum læknans Greys sem átti á sínu fyrsta ári sem læringur í skurdlækningum á Grace Hospital í Seattle í ástarævintýri með ungum og virtum skurdlækni, Dr. Derek Shepherd. Í þættinum í kvöld verður stemningin undarleg á spítalanum þegar Þakkagjörðardagurinn er haldinn hátíðlegur.



Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

2	9	5	7	4	8	6	1	3
6	3	8	2	5	1	9	4	7
7	1	4	3	6	9	2	5	8
1	2	9	5	3	7	8	6	4
3	8	7	6	1	4	5	9	2
4	5	6	9	8	2	7	3	1
5	7	3	1	2	6	4	8	9
9	4	1	8	7	5	3	2	6
8	6	2	4	9	3	1	7	5

	2		7		9			
			4		1		3	
	1			8				
2	3		5					
8		9				7		5
					3		2	6
			8				7	
4		6		5				
	5			3				6

ÖRYGGISKERFI FYRIR HEIMILIÐ



▶ 21.10
Fréttir

60 MINUTES



7.00 Ísland í bítið 9.00 Fréttavaktin fyrir hádegi

12.00 Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttfréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegisfréttir - fréttaviðtal. 13.00 Íþróttir/lífsstíll 14.00 Hrafnáþing/Miklabraut 15.00 Fréttavaktin eftir hádegi

18.00 Kvöldfréttir/Ísland í dag/Íþróttir/veður 19.45 Brot úr dagskrá

20.00 Fréttir 20.10 Silfur Egils Umræðuþáttur í umsjá Egils Helgasonar.

21.00 Fréttir ▶ 21.10 60 Minutes Framúrskarandi fréttaráttur sem vitnað er í.

22.00 Fréttir Fréttir og veður

22.30 Hrafnáþing/Miklabraut Hrafnáþing þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga í umsjá Ingva Hrafn Jónssonar og Miklabraut mánudaga og miðvikudaga í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

23.15 Kvöldfréttir/Ísland í dag/Íþróttir 0.15 Fréttavaktin fyrir hádegi 3.15 Fréttavaktin eftir hádegi 6.15 Hrafnáþing/Miklabraut

RÁS 1 FM 92,4/93,5



7.05 Morgunvaktin 9.03 Laufskálinn 9.50 Morgunleikfimi 10.13 Stefnuþing 11.03 Samfélagið í nærmynd

12.00 Fréttayfirlit 12.03 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 13.00 Vitt og breitt 14.00 Fréttir 14.03 Útvarpssagan 14.30 Miðdegisútlit 15.03 Þar sem austrið er ekki lengur rautt 17.03 Viðsjá 18.00

Kvöldfréttir 18.25 Spegillinn 19.00 Vítinn 19.30 Laufskálinn 20.05 Söngvamað 21.00 Hve glöð er vor æska 22.15 Lestur Passíusálma hefst 22.22 Úr tónlistarlífinu - Myrkir músíkdagar 2006

0.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

RÁS 2 FM 90,1/99,9



6.05 Morguntónar 6.30 Morgunútlit Rásar 2 9.05 Brot úr degi

12.03 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Poppland 16.10 Síðdegisútlit

18.00 Kvöldfréttir 18.24 Auglýsingar 18.25 Spegillinn 19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 Ungmennafélagið 21.30 Konsert 22.10 Popp og ról

BYLGIJAN FM 98,9



5.00 Reykjavík Síðdegis. 7.00 Ísland í Bítið 9.00 Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahádegi Bylgjunnar 13.00 Bjarni Arason 16.00 Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í Dag. 19.30 Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

AÐRAR STÖÐVAR

- FM 90,9 TALSTÖÐIN
- FM 99,4 ÚTVARP SAGA
- FM 95,7 Effemm / Zúber tónlistarstöðin
- FM 102,2 Útlit Latibær / Fjölskyldu útlit
- FM 102,9 Lindin / Kristlegt efni
- FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying
- FM 105,5 Útlit Boðun / Kristlegt efni
- FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum
- FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni
- FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
- FM 104,5 Radió Reykjavík / Tónlist og afþreying

Stjarna leiksins

Santa Fe býðst nú með veglegum HM 2006 aukahlutapakka að andvirði 317.000 kr.

Komdu og prófaðu þennan hæfileikaríka sportjeppa.

Þú gerir ekki betri kaup.

Verð frá kr. 2.670.000

Aukahlutapakki HM 2006 að andvirði kr. 317.000 fylgir með.

HYUNDAI
SANTAFE
HM 2006



Leður á gírhúð



Vindskeið



Samlitur



16 tommu álfelgur og heilsársdekk



Leðurstýri og skriðstillir



Með bílinn handa þér

HYUNDAI
hefur gæðin

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ





HRÓSIÐ

...fær Carol van Voorst, nýskipaður sendiherra Bandaríkjanna, fyrir að vilja treysta tengsl landanna betur.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2 skarð 6 í röð 8 líkamspartur 9 erlendis 11 ónefndur 12 ágóði 14 múla 16 forfaðir 17 stykki 18 arinn 20 skyldir 21 steintegund.

LÓÐRÉTT

1 hyggja 3 skammstöfun 4 skrá 5 stjórnumdæmi 7 stress 10 starf 13 þangað til 15 lát 16 kærleikur 19 belti.

LAUSN

LÖBÉTT: 1 trú, 3 eh, 4 innntá, 5 lén, 7 streita, 10 tón, 13 uns, 15 skál, 16 ást, að, 21 tálk.
LÁRÉTT: 2 gelli, 6 rs, 8 hne, 9 úti, 11 nn, 12 aður, 14 ennst, 16 ái, 17 stik, 18 stó, 20

[VEISTU SVARID]

Svör við spurningum á síðu 8

1. Sverrir Magnús.
2. Carol van Voorst.
3. Islamabad.

Upplýsingar í síma 580 2525
Textavarp: Stöð 2 • 150-153
RÚV • 281, 283 og 284

Vinningstölur laugardaginn 04.03.2006

8 12 17 18 22

Tvöfaldur 1. vinningur nk. laugardag

Bónustala 36

Jökertölur vikunnar

Jóker 3 2 6 7 4

Fyrsti vinningur gekk ekki út.

VÍKINGA LOTTO Alltaf á miðvikudögum

Vinningstölur miðvikudaginn 01.03.2006

Adaltölur 7 20 25 28 29 48

Bónustölur Ofurtala 27 38 10

Einfaldur 1. vinningur nk. miðvikudag

Jökertölur vikunnar

8 2 9 0 7

Fyrsti vinningur gekk út.

Þú með fyrirséðum prentvör

SÉRFRÆÐINGURINN STEINUNN REYNISDÓTTIR GARÐYRKJUFRAÐINGUR VEFUR DEKURPLÖNTUM Í SKJÓLFLÍKUR

Tré með misgóðar lífsklukkur

Rysjótt veðurfar í byrjun árs hefur aldeilis ruglað blessaðan gróðurinn í ríminu, rétt eins og mannfólkið sem á tímabili hélt að vorið væri komið um miðjan febrúar. Hefur enda komið í ljós að febrúarmánuður var sá fjórði hlýjasti frá upphafi mælinga í Reykjavík, en meðalhitinn var rúmlega þrjú stig og tæpum þremur stigum fyrir ofan meðallag. En eftir hitana kom kulddinn og síðastliðin vika var bæði köld og ströng fyrir plöntur lands, svo margir sjá fram á gróðurskaða í gördum sínum.

„Vissulega geta komið fram alvarlegar gróður-skemmdir eftir tíðarfar sem þetta því leiðsluvefir plantna fara að dæla vatni úr jarðvegi upp í plönturnar og það ruglar ýmsan gróður sem fer af stað og brumar,“ segir garðyrkjufraeðingurinn Steinunn Reynisdóttir hjá Garðheimum.

„Ef frosthörkurnar halda áfram og bætir í vind geta skemmdirnar orðið óbætanager, því vindur herðir á

frosti og dregur vatn með sér úr laufum trjanna. Gras sleppur yfirleitt við kalskemmdir nema það sé mjög blautt og frjósi, en gróður er misjafnlega viðkvæmur fyrir svona veðurfari. Ef áfram verður kalt en logn gerist ekki annað en að vakningaferli plantanna stoppar þar til hlýnar á ný en þá laufgar plantan sig aftur og kemur kalsproti í stað gamla brumsins,“ segir Steinunn, en blátoppur, gljámispill, rósarunnar og fleiri viðkvæmar plöntur hafa orðið verst úti.

„Trjám er eðlilegt að byrja að bruma í enda apríl og allt annað óeðlilegt miðað við árstíma. Því miður er ekkert við þessu að gera, en sé fólk mjög annnt um vissar plöntur er ráð að vefja þær inn í akrildúk eða annað skjólfeni, sem ver plöntuna fyrir veðursveiflum,“ segir Steinunn og varar fólk við of snemngerðum trjáklippingum.

„Það borgar sig að bíða með klippingar aðeins lengur, eða fram yfir miðjan marsmánuð, en óhætt er



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

að klippa birkið núna því það lætur ekki plata sig, enda rötgróið íslenskum aðstæðum. Í plöntum eru mismunandi lífsklukkur sem telja bæði hitasumur í lofti og birtustundir, og þær tegundir sem hér hafa verið lengst láta ekki segjast þótt hlýni á þessum árstíma, en sofa vært áfram.“



FRANK OG HEIMIR JÓNASSON Nýlega var skrifað undir samning sem tryggir gerð tuttugu þátta um Búbbana sem vinna á NBS.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURJÓN GUÐJÓNSSON

BÚBBARNIR: BRÚÐUR SEM STJÓRNA EIGIN SJÓNVARPSSTÖÐ

Íslenskir Prúðuleikarar

Í haust tekur Stöð 2 til sýningar nýja þætti sem verða tímamóta-verk í íslenski sjónvarpsstögu en þar verða brúður í aðalhlutverkum. Um er að ræða tuttugu þætti sem birtast á skjám landsmanna með haustinu og gat Heimir Jónasson, dagskrárstjóri Stöðvar 2, varla leynt eftirvæntingu sinni. „Verkefnið hefur legið ofan í skúffu hjá Stöð 2 síðan 2001 en fram að þessu hefur ekki fengist peningur til að ráðast í framkvæmd þess,“ útskýrir hann en er ánægður með að rykið skuli loks hafa verið dustað af „draumaverkefninu“ svo notuð séu hans eigin orð. Hreyfimyndasmiðjan hefur unnið baki brotnu að undanförunni við að hanna brúðurnar sem skipta tugum og bera nafnið Búbbar en þær eru af öllum stærðum og gerð-

um; talandi pitsur, gulrætur, hundar, hestar og allt þar á milli. Sumar hverjar eru viðskotaillar en aðrar ekkert annað en vinalegheitin. Heimir segir þær þó eiga eitt sameiginlegt. „Búbbarnir hafa stórt hjarta og geta auðveldlega orðið sorgmæddar,“ útskýrir hann en umhverfið er vinnustaðurinn NBS og er stjórnað af Brandon DeNiro. Sjónvarpsþættirnir eru í ætt við Prúðuleikarana vinsælu sem voru á dagskrá Ríkissjónvarpsins fyrir allmörgum árum og nutu mikilla vinsælda. „Brúður eru þeim eiginleikum gæddar að þær geta staðið fyrir húmor sem venjulegar manneskjur geta ekki gert,“ útskýrir Heimir og segir enn fremur að þeir ætli að leggja mikið upp úr því að fá hæfa handritshöfundar í lið með sér og verið sé að ráða

leikara þannig að hægt sé að þjálfa þá í stjórn á brúðunum.

Mikil spennan ríkir innan her- búa Stöðvar 2 um þetta verkefni enda er áætlaður kostnaður talinn vera tugir milljóna. „Ég hef fulla trú á því og er sannfærður um að ef vel tekst til verða Búbbarnir mikill smellur,“ segir Heimir.

Fréttablaðið náði tali af Frank, sviðstjóra NBS, en hann var á leiðinni til útlanda, væntanlega til að hvíla sig fyrir komandi átök. Frank er norskur terrier-hundur sem búið hefur hér á landi um nokkurt skeið og var að vonum mjög spenntur yfir þessu öllu. „Ég hef verið að miga utan í garðinn hjá Heimi í nokkur ár og er ánægður með að hann skyldi loksins hafa tekið við sér,“ sagði Frank og hló. freyrgjia@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Ritstjórinn fyrrverandi Jónas Kristjánsson er síður en svo dauður úr öllum æðum þótt hann hafi yfirgefið DV. Hann skrifar reglulega stutta en snarpa pistla á heimasíðu sína jonas.is og vandar þeim sem hann telur afvegaleidda ekki kveðjurnar. Hann segir í nýlegri færslu að Watergate-málið hefði aldrei getað átt sér stað á Íslandi. „Ég var að endurlesa All The President's Men. Hún byrjar á, að fréttaritari Washington Post á lögreglustöðvum borgarinnar fær að vita, hvað var í vösum fimm manna, sem voru staðnir að innbroti, peningar í númeraröð og tvær minnisbækur með símanúmeri í Hvíta húsinu. Á Íslandi hefði þetta ekki verið hægt og því hefði Watergate-málið aldrei byrjað á Íslandi. Sama daga birtir Associated Press, að fjármálaskýrslur stjórnmalaflokkanna sýni tengsl eins innbrotsmanns við Endurkjörnefnd Nixons forseta. Engar slíkar skýrslur eru til á Íslandi eins og allir vita.“



Þeir bleikir demantar sem komið hefur verið fyrir í jafn mörgum strætósýslum á höfuðborgarsvæðinu hafa vakið athygli vegfarenda. Demöntunum er ætlað að vekja athygli á frumsýningu nýrrar myndar um Bleika pardusinn þar sem gamanleikarinn Steve Martin bregður sér í gervi Clouseau lögreglufulltrúa sem Peter Sellers gerði ódauðlegan á sínum tíma. Áhugi einhverra á demöntunum þykir þó full mikill þar sem skemmdarverk hafa verið unnin á kössunum sem innihalda demantana og ætla má að tilgangurinn sé að koma höndum yfir demantana sem eru þó tæplega þyngdar sinnar virði í gulli. -þþ

Fyrrverandi ritstjóri Reykjavík Grapevine, Valur Gunnarsson, hvarf af landi brott í byrjun árs og fór til Pétursborgar í Rússneskunám, og þaðan til Finnlands til að stunda jóga, borða grænmeti og klára fyrstu skáldsögu sína sem mun líta dagsins ljós tíðar. Valur hefur þó gengið skrefinu lengra í andlega og líkamlega átakinu því hann var að ganga í orthodox-klaustur í Kareliu, í norðurhluta Finnlands. Er því ekki víst að hann standi við loforðið um að snúa aftur til Íslands þegar skrifum bókarinnar lýkur, og Valur gæti í lengst í munkakuffinum. Valur komst á forsiðu finnsku útgáfunnar af Reykjavík Grapevine, en það heitir 6 degrees. Í tímaritinu fjallar Valur um ævin- tyri sín á norðurhluta.

Jóga-kóngur kveður að sinni

Nú fer hver að verða síðastur til að sækja tíma í Jóga-miðstöðinni hjá Guðjóni Bergmann því þann 21. júní verður henni lokað fyrir fullt og allt. Guðjón var á þönum þegar Fréttablaðið náði tali af honum og sagði ástæðuna einfaldlega vera annir á öðrum sviðum. „Fólk er alltaf að koma til mín með sömu vandamálin, vill losna undan streitu, áhyggjum og kvíða. Mér hefur ekki gefist nægilegur tími til að sinna þeim hópi á meðan ég kenni líkamlega þáttinn en nú er kjörið tækifæri til að helga mig honum alfarið,“ útskýrir Guðjón. „Á Íslandi eru komnir margir góðir jóga-kennarar og því finnst mér kjörið nú að einbeita mér að öðrum verkefnum,“ sagði ókrýndur jóga-kóngur Íslands en hann hefur kennt Íslendingum þessa andlegu iðju frá árinu 1998.

Guðjón er þó hvergi banginn þótt þetta tímabil sé að baki enda óhræddur við að taka áhættu. „Maður á að fylgja draumum



GUÐJÓN BERGMAN Jóga-miðstöðin hættir í lok júní en Guðjón ætlar að einbeita sér enn frekar að fólk sem vill ná stjórn á hugsunum sínum.

FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

sínum,“ segir hann og hlær en bætir við að þetta snúist fyrst og fremst um skipulag á tíma. „Ég er með mikið af hugmyndum í hausnum sem þarf að koma í framkvæmd,“ útskýrir hann en Guðjón gefur á næstunni út tvær bækur á ensku og eina á íslensku. „Það er miklu meira í bigerð sem ætti að nægja mér næstu fimm árin,“

bætir hann við og hlær.

Guðjón hefur kennt Íslendingum þá kúnt að hætta neyslu tóbaks með góðum árangri undanfarnir ár og sinnir áfram þeirri mikilvægu kennslu. „Þau námskeið eru með reglulegu millibili og fólk getur nálgast upplýsingar um þau á heimasíðunni vertureyklaus.is.“ -fgg

NYJASTA TÓNLISTIN ER Í SKÍFUNNI



CD
1.999,-

Andrea Bocelli
Amore



CD
1.999,-

Van Morrison - Pay the Devil



CD
1.999,-

Nick Cave - Proposition
Soundtrack



CD
1.999,-

Little Willies - Little Willies



CD
1.999,-

Corinne Bailey Rae - Corinne
Bailey Rae



CD
1.999,-

David Gilmour - On An Island

ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI



skemmtir þér ;)

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingaheild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



BAKÞANKAR

PRÁINS BERTELSSONAR

Blaðamenn bíta hund

Blaðamenn virðast vera miklar tilfinningaverur. Þessa stundina eru þeir upp til hópa skelfingu lostnir yfir því að 92 manneskjur í Suðaustur-Asíu skuli hafa andast úr fuglaflensu á undanförunum árum. Þetta eru vissulega sorgleg tíðindi. Hins vegar er það ekki fréttæmt að í Bandaríkjunum deyja á hverjum degi um 180 manneskjur úr venjulegri influensu. Það eru um 65.000 manneskjur á ári. En þetta er bara venjuleg flensa.

VENJULEG flensa er ekki fréttæm. Óvenjuleg flensa er frétt. Veira sem getur stökkbreyst í undantekningartilvikum er fréttæm. Venjuleg veira sem tekur sinn venjulega toll af mannlífum er ekki fréttæm. Undantekningar eru fréttæmar, reglur ekki. Friður er ekki frétt. Stríð er frétt. Hundur sem bítur mann er ekki frétt. Maður sem bítur hund er frétt. Því má álykta að markaðslögmál ráði framboði á fréttum. Sú mynd sem fjölmiðlar draga upp af veröldinni er ekki óbjöguð spegilmynd. Það sem við sjáum þegar við lítum í kastljós fjölmiðla eru samvaxnir tvíburar, tvíhöfða kálfar, sífjaspell, glæpir, styrjaldir. Undantekningar, ekki reglur.

EN VERÖLDIN gerir þeim blaðamanni mjög erfitt fyrir sem vill þóknast markaðslögmálunum og bjóða neytendum stöðugt upp á fréttir af undantekningum en ekki reglum. Gallinn er sá að undantekningarnar eru færri en reglurnar. Það er algengara að hundar bíti menn heldur en menn bíti hunda. En það þarf að fylla fjölmiðlana. Þess vegna fara duglegir blaðamenn stundum á kreik og taka sjálfir að bíta hunda.

TIL DÆMIS leggja blaðamenn nú nótt við dag að rannsaka einkavæðingu Búnaðarbankans samkvæmt tilvísun frá fyrrverandi verðbréfamíðlara sem var daldið í fréttum í sambandi við verðbréfavíðskipti á árinu 1998 – ef einhver man svo langt aftur í tímann. Samt var Búnaðarbankinn seldur hæstbjóðanda eins og lög gera ráð fyrir. Það var hinn bankinn ekki, en sú undantekning þykir ekki fréttæm. Sem sannar auðvitað að það er engin regla án undantekninga!



NISSAN MICRA



MICRA FYRIR MJÚKA MENNI!

Nissan Micra

Verð frá 1.360.000 kr.

6 diska geislasplari, lykjalas, sjálfvirkar rúðupurrkur.



MICRA er betra!

*Mánaðarleg greiðsla 16.367 kr. miðað við 20% útborgun og bilasaming í 84 mánuði

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn um land allt

Selfossi 482 3100

Njarðvík 421 8808

Akranesi 431 1376

Höfn í Hornafirði 478 1990

Reyðarfirði 474 1453

Akureyri 461 2960

ÓKEYPIS ÍSETNING

2006 línan frá Pioneer



Pioneer DEH-1800

• 4 X 45 W magnari • D4Q Digital • RDS Móttakari • FM/AM/LW • 18 stöðva minni • Laus framhlíð • EEG forstilltur tónjafnari • RCA útgangur • Verð 17.900.-



Pioneer DEHP-4800MP ... Spilar MP3/WMA/WAV

• Mosfet 4 X 50 W magnari • Útvarp FM/AM/LW • 18 stöðva minni • 3 Banda tónjafnari • EEG forstilltur tónjafnari • 2 x RCA útgangur • Snúningstakki • Verð 24.900.-

ALVÖRU GRÆJUR Í BÍLINN

ORMSSON

SMÁRALIND | Sími 530-2900
SÍÐUMÚLA 9 | Sími 530-2800